

VERND, VELFERÐ OG VEIÐAR VILLTRA FUGLA OG SPENDÝRA

I. VIÐAUKI

SAMRÁÐ

1. YFIRLIT UM SAMRÁÐ OG SAMRÁÐSAÐILA

Í erindisbréfi nefndarinnar segir um samráð: „Lögð er áhersla á að nefndin hafi víðtækt samráð við þá aðila sem koma að þessum málaflokki, hvort heldur er með einstaka fundum eða með skipan bakhópa um ákveðin verkefni.“

Í starfi sínu leitaðist nefndin við að uppfylla þetta hlutverk sitt eftir fremsta megni og voru til þess farnar nokkrar leiðir. Bent er á að auk þeirra upplýsinga sem fram koma um samráð hér á eftir, er fjallað um samráð og samþættingu mismunandi sjónarmiða í formála og fyrri hluta samantektar skýrslunnar.

Strax í upphafi vinnunnar var með samráðsbréfi (sjá aftar í þessum viðauka) óskað eftir skriflegum ábendingum frá eftirtöldum 77 aðilum/samtökum/stofnunum/fyrirtækjum, og öllum boðið að fylgja ábendingum sínum eftir á samráðsfundum:

Stofnanir, samtök, nefndir og fyrirtæki:

Bjarmaland, félag atvinnumanna við refa- og minkaveiðar	International Fund for Animal Welfare
Bændasamtök Íslands	Landbúnaðarháskóli Íslands
Dýralæknafélag Íslands	Landssamband fiskeldisstöðva
Dýraverndarráð	Landssamband stangveiðifélaga
Ferðaþjónusta bænda	Landssamband smábátæigenda
Ferðaþjónustuaðilar í tengslum við fuglaveiðar, fugla-, hvala-, sela- og refaskoðun	Landssamband veiðifélaga
Níels Jónsson ehf.	Landssamtök landeigenda á Íslandi
Elding	Landvernd
Norðursigling	Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands
Gentle Giants	LÍÚ, Landssamband íslenskra útvegsmanna
Sjóferðir ehf.	Melrakkasetur Íslands
Bátaferðir Dalvík	Náttúrufræðistofnun Íslands
Hvalaskoðun frá Drangsnesi	Náttúruverndarsamtök Íslands
Hvalalíf	Samband íslenskra sveitarfélaga
Dolphin and Whale spotting	Samtök eigenda sjávarjarða
Viking tours	Samtök ferðaþjónustunnar
Sæferðir	Samtök náttúrustofa
Borea Adventures	Samtök selabænda
Gavia travel	Selasetur Íslands
West tours	Skotveiðifélag Íslands
Hofsstaðir	Skógrækt ríkisins
Selasigling ehf.	Sportbátæigendur
Formaður Félags áhugamanna um fugla á Norðausturlandi og stjórnar Fuglastígsins	Kjölbátasamband Íslands
Félag hreindýraleiðsögumanna	Snarfari
Félag bjargveiðimanna	Brokey
Forsætisráðuneytið – Þjóðlendumál	Siglingasamband Íslands
Fiskifélag Íslands	Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði á Keldum
Fiskistofa	Umhverfisstofnun
Fuglaathugunarstöð Suðausturlands	Veiðimálastofnun
Fuglahundadeild HRFÍ	Vistfræðifélag Íslands
Fuglavernd	Vör, sjávarrannsóknarsetur við Breiðafjörð
Hafrannsóknastofnun	Vatnajökulsþjóðgarður
Fræðasetur Háskóla Íslands um allt land	Þingvallarþjóðgarður
Hið íslenska náttúrufræðifélag	Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull
Hið íslenska tófuvinafélag	Æðarræktarfélag Íslands
Hólaskóli	
Hreindýraráð	Einstaklingar:
Hvalur hf.	Arnþór Garðarsson, fyrrum prófessor í dýrafræði
	Arnór Þ. Sigfússon, fuglafræðingur
	Erlingur Hauksson, selasérfræðingur
	Guðmundur Páll Ólafsson, náttúrufræðingur

Nefndinni bárust skriflegar ábendingar, sem hún tók til ítarlegrar skoðunar og innlimaði eftir föngum í texta eða tillögur skýrslunnar. Ábendingarnar komu frá eftirtöldum 21 aðila:

- Arnór Þ. Sigfússon, fuglafræðingur
- Bændasamtök Íslands
- Dýraverndarráð
- Eyþór Þórðarson
- Fiskistofa
- Friðvin Guðmundsson
- Fuglavernd
- Hafrannsóknastofnun
- Hjörleifur Finnsson, þjóðgarðsvörður
- International Fund for Animal Welfare
- Landssamband íslenskra útvegsmanna
- María Magnúsdóttir, lögfræðingur þjóðlendumála
- Melrakkasetur Íslands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Náttúrustofa Austurlands
- Rannsókn- og fræðasetur HÍ í sjávarspendýrum á Norðausturlandi
- Rósa Björk Halldórsdóttir
- Samtök náttúrustofa
- Selasetur Íslands
- Sæferðir
- Umhverfisstofnun

Þá átti nefndin 12 sérstaka samráðsfundi, annars vegar með aðilum sem nefndin óskaði eftir fund með en hins vegar með öllum þeim aðilum sem þess óskuðu. Um eftirtalda aðila var að ræða:

- Nefnd um endurskoðun náttúruverndarlaga, Hafdís Gísladóttir, formaður, Aagot Óskarsdóttir, Jón Gunnar Ottósson, Trausti Baldursson, Hilmar J. Malmquist, Katrín Theodórsdóttir, Kristín Linda Árnadóttir, Sigurður Ármann Þráinsson, Steinunn Fjóra Sigurðardóttir. Fundað 3. desember 2010 (SÁÞ, SFS og TB) og 20. janúar 2011.
- Ólafur Árnason framkvæmdastjóri og Sandra M. Granquist, atferlisfræðingur, Selasetri Íslands. Fundað 3. desember 2010.
- Jón Ágúst Jónsson, forstöðumaður og Skarphéðinn G. Þórisson, hreindýrasérfræðingur, Náttúrustofu Austurlands. Fundað 3. desember 2010.
- Ester Rut Unnsteinsdóttir, forstöðumaður, Melrakkasetri Íslands. Fundað 3. desember 2010.
- Nefnd um endurskoðun dýraverndarlaga, Kristinn Hugason, formaður, Sif Traustadóttir, Steinunn Fjóra Sigurðardóttir og Halldór Runólfsson. Fundað 10. desember 2010.
- María Magnúsdóttir lögfræðingur þjóðlendumála og Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir frá forsætisráðuneyti. Fundað 10. desember 2010.
- Arnór Þ. Sigfússon, fuglafræðingur. Fundað 10. desember 2010.
- Rósa Björk Halldórsdóttir, leiðsögumaður. Fundað 20. janúar 2011.
- Eiríkur Blöndal, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands (BÍ), Elías Blöndal, lögfræðingur BÍ, Ólafur R. Dýrmundsson, ráðunautur, Guðbjörg H. Jóhannesdóttir, ráðunautur, Borgar P. Bragason, verkefnisstjóri, Sigríður Jóhannesdóttir, Búnaðarsambandi Vesturlands og Sigurður Eyþórsson framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda. Fundað 28. febrúar 2011.
- Sigursteinn Másson, talsmaður International Fund for Animal Welfare. Fundað 4. febrúar 2011.
- Dr. Fredrik Widemo, doktor í dýravistfræðum. Fundað 4. febrúar 2011.

Á seinni stigum vinnunnar (í lok maí 2012) var ákveðið að gefa 27 aðilum úr röðum sérfræðinga og valdra fulltrúa hagsmunaaðila kost á að lesa skýrsluna að hluta eða í heild og koma ábendingum til nefndarinnar um það sem að þeirra mati mætti betur fara. Yfirlesarar fengu sendan textann á tímabilinu 28. maí – 15. júní 2012 (flestir fyrstu vikuna í júní), eftir því sem tókst að ná í yfirlesara og fá vilyrði fyrir yfirllestri, og eftir því sem kaflar skýrslunnar voru tilbúnir til yfirlustrar. Bárust nefndinni athugasemdir frá 21 þessara aðila. Eftirtaldir voru beðnir um yfirllestur (**feitlettruð** eru nöfn þeirra sem skiluðu yfirlöngum texta til baka að öllu eða einhverju leyti, en stjörnumerktir (*) komu mismiklum athugasemdum á framfæri á annan hátt (bréf- eða símleiðis). Aðilar sem hvorki eru feitleittraðir né stjörnumerktir höfðu ekki tók á að lesa textann yfir. Aftan við nöfnin kemur fram hvaða texta viðkomandi aðili fékk sendan til skoðunar:

- **Andrés Ingi Jónsson**, aðstoðarmaður umhverfis- og auðlindaráðherra - öll skýrslan
- **Arnór Þ. Sigfússon**, fuglafræðingur, Verkís - öll skýrslan
- **Arnþór Garðarsson**, fuglafræðingur, fyrrverandi prófessor við Háskóla Íslands – öll skýrslan

- **Edda E. Magnúsdóttir**, líffræðingur, Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Húsavík - 9. kafli (sjávarspendýr)
- **Einar Guðmann**, sviði fræðslu og upplýsinga, Umhverfisstofnun - 8. kafli (veiðar)
- **Einar Kr. Haraldsson**, skotveiðimaður - öll skýrslan
- Elías Blöndal Guðjónsson*, lögfræðingur hjá Bændasamtökum Íslands - öll skýrslan
- Gísli Víkingsson, hvalasérfræðingur, Hafrannsóknastofnun - 9. kafli (sjávarspendýr)
- Guðmundur I. Guðbrandsson, líffræðingur og umhverfisfræðingur, framkvæmdastjóri Landverndar (fékk ekkert sent)
- Jóhann Sigurjónsson*, líffræðingur og forstjóri Hafrannsóknarstofnunar - 9. kafli (sjávarspendýr)
- **Kristín Svavarsdóttir**, líffræðingur, sérfræðingur hjá Landgræðslu ríkisins - 6. kafli (vernd)
- **Ole Lindquist**, sagnfræðingur, skrifaði doktorsritgerð um hvalveiðar í NA-Atlantshafi - 9. kafli (sjávarspendýr)
- Óðinn Sigbórsson*, stjórnarmaður í Landssamtökum landeigenda á Íslandi og formaður Landssamband veiðifélaga - öll skýrslan
- Pétur Guðmundsson, stjórnarmaður í samtökum selabænda - öll skýrslan
- **Róbert A. Stefánsson**, líffræðingur, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands - öll skýrslan
- Sandra M. Granquist, líffræðingur, Selasetrinu - 9. kafli (sjávarspendýr)
- **Sigrún Ágústadóttir**, lögfræðingur hjá Umhverfisstofnun - 6. kafli (vernd)
- **Sigurborg Daðadóttir**, formaður dýraverndarráðs - 7. kafli (velferð)
- **Sigurður Á. Þráinsson**, líffræðingur, umhverfis- og auðlindaráðuneytinu - öll skýrslan
- **Skarphéðinn G. Þórisson**, líffræðingur, Náttúrustofu Austurlands - 8. kafli (hreindýrahloti veðikaflans)
- Snorri H. Jóhannesson*, formaður Bjarmalands, félags atvinnumanna við refa- og minkaveiðar - öll skýrslan
- Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur og forstöðumaður UMÍS í Borgarnesi - 6. kafli (vernd)
- **Stjórn Skotvís** – öll skýrslan
- **Trausti Baldursson**, sviðsstjóri stjórnsýslu- og alþjóðamála hjá Náttúrufræðistofnun Íslands - öll skýrslan
- **Vignir Skúlason**, Selasetrinu - 9. kafli (sjávarspendýr)
- Þorkell L. Þórarinsson*, líffræðingur og forstöðumaður Náttúrustofu Norðausturlands - 8. kafli (veiðar)
- Þóra Ellen Þórhallsdóttir, líffræðingur, prófessor við Háskóla Íslands (fékk ekkert sent)

Þess má geta að í upphafi yfirlestrarferlisins var yfirlesurum sett tímamörk fyrir skil athugasemda, en fjöldi yfirlesara óskaði eftir framlengdum tíma og varð nefndin við beiðni allra þeirra sem þess óskuðu. Síðustu yfirlesarar skiluðu athugasemdum í lok ágúst 2012. Nefndin fór ítarlega yfir allar athugasemdir yfirlesara, bæði á fundum og með vinnu milli funda, og voru í kjölfarið gerðar fjölmargar breytingar á skýrslunni.

Rétt er að taka fram að þegar nefndin var skipuð í upphafi, gerðu nokkrir hagsmunaaðilar athugasemdir við að eiga ekki fulltrúa í henni. Með framangreindu samráðsferli reyndi nefndin eftir bestu getu að tryggja að hagsmunaaðilar fengju ríkt tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, bæði í upphafi vinnunnar, en ekki síður þegar drög að tillögum hennar lágu fyrir.

2. FYRIRVARAR SKOTVÍS

Þann 15. júní 2012 skilaði fulltrúi Skotvís í nefndinni, Sigmar B. Hauksson, stuttri greinargerð með fyrirvörum Skotvís við þáverandi drög að tillögum nefndarinnar. Eins og greint var frá hér að framan hófst viðtækt samráðsferli með yfirlestri ýmissa aðila á texta skýrslunnar sumarið 2012 og voru mjög margar breytingar gerðar á skýrslunni á haust- og vetrarmánuðum sem fylgdu, til að koma til móts við réttmætar athugasemdir eins og hægt var. Meðan á því ferli stóð lést Sigmar allskyndilega vegna veikinda. Hann hafði því ekki tækifæri til að endurskoða fyrirvarana m.t.t. þeirra breytinga sem gerðar höfðu verið á texta skýrslunnar. Af virðingu við óskir Sigmars, og til að tryggja að þau sjónarmið Skotvís sem endurspegluðust í fyrirvörunum komi skýrt fram, hefur verið ákveðið að birta fyrirvarana hér óbreytta, en tekið skal fram að nú þegar hefur verið komið til móts við þá í einhverjum mæli og er það útskýrt í hverju tilfelli hér að neðan.

Stjórn Skotvís vill koma eftirfarandi á framfæri:

„Vegna fráfalls Sigmars á lokastigum nefndarvinnunnar þurftu aðrir að taka við keflinu fyrir hönd SKOTVÍS, setja sig inn í málin og vinna með nefndinni að frágangi skýrslunnar. M.t.t. þessarar aðstæðna, af virðingu við störf Sigmars í þágu náttúruverndar og uppbyggingu skotveiðimeningar og í ljósi þess að nýir aðilar komu að málinu fyrir hönd SKOTVÍS, þá eru viðbrögð félagsins varfærnisleg við þeim breytingum sem gerðar hafa verið á tillögnum sem snúa að athugasemdum Sigmars.

Skýrsla nefndarinnar sem heildarplagg er mjög gott framlag til umræðunnar um það sem betur má fara og grunntónninn samræmist vel siðareglum SKOTVÍS. Nefndin er í mörgum mikilvægum málum samstíga, innbyrðis skilningur á mismunandi sjónarmiðum hefur aukist og tillögurnar hafa tekið ákveðnum breytingum í samræmi við það.

Mikilvægt er gera sér grein fyrir því að tillögur nefndarinnar fela í sér breytingu á umhverfi skotveiðimanna og annarra sem nýta villta íslenska náttúru. Í tillögnum er gert ráð fyrir auknum takmörkunum, undanþágufærlum og skyldum (af ýmsum ástæðum) sem getið er í skýrslunni, auk þess sem ríkari krafa er gerð um vöktun og rannsóknir til að rökstyðja undanþágur til nýtingar. Nauðsynlegt er að undirstrika þetta atriði, því meginreglan er sú að allir villtir fuglar og villt dýr eru friðuð nema það sé sérstaklega leyft og í því samhengi má heldur ekki líta framhjá því að tillögurnar leggja einnig til auknar skyldur á stjórnvöld og stofnanir. Mikilvægt er að líta á tillögurnar sem samhangandi heild og því eru tillögur þessar ekki raunhæfar nema gerður sé gangskör í málefnum vöktunar, rannsókna og uppbyggingu faglegrar veiðistjórnunar með tilheyrandi, skipulagi, ferlum og samráði. Þetta atriði er gríðarlega mikilvægt, þ.a. þeir sem beri skilgreinda ábyrgð á stefnumótun, innleiðingu og framkvæmd þessarar tillagna freistist ekki til að innleiða fyrirkomulag sem brýtur niður þessa heildarmynd.

Það er greinilegt að á þeim langa tíma sem nefndarstarfið hefur tekið (um 32 mánuði) hefur myndast ákveðið traust milli aðila. Endanleg skýrsla er afhent ráðuneytinu í trausti þess að ráðuneytið og stofnanir þess fari vel með það traust sem tillögurnar fela í sér. SKOTVÍS hefur áður verið í þessum sporum, þ.e. við undirbúning laga 64/1994 þar sem trúnaðarrestur varð milli veiðimanna og stjórnvalda með afdrifaríkum afleiðingum fyrir rannsóknir og uppbyggingu faglegrar veiðistjórnar. Margt af því sem félagið varaði við á þeim tíma hefur nefndin þurft að taka á í tillögum sínum núna tæpum tveimur áratugum síðar.

SKOTVÍS er alvara með að byggja upp traust og virkt samstarf og hafa áhrif á framtíð skotveiða í íslenskri náttúru og bendir á stefnu félagsins sem „...miðar að því að skotveiðimenn séu samstíga og axli sjálfir þá ábyrgð að ná sínum markmiðum. Forgangsaatriði er að styrkja almannarétt og faglegra veiðistjórnun til að tryggja komandi kynslóðum möguleika á því að stunda skotveiðar í íslenskri náttúru. Lykilþáttur í þeirri vegferð er að þekking veiðimanna sé virkjuð og að samvinna sé eflð við stjórnvöld, stofnanir, landeigendur og frjáls félagasamtök til að ná sátt um leiðir að sameiginlegum markmiðum“.

Eins og að framan greinir, hefur SKOTVÍS miklar væntingar til uppbyggingar á skipulagi fyrir rannsóknir og stjórnun villtra dýrastofna með þátttöku skotveiðimanna í framtíðinni. Framhaldið og stuðningur SKOTVÍS veltur því alfarið á því hvernig unnið er úr þessum tillögum og hverjir koma að því ferli. Athugasemdir Sigmars eru kjarninn í gagnrýni SKOTVÍS á núverandi fyrirkomulagi stjórnunar villtra dýrastofna og því þykir SKOTVÍS við hæfi að minna á þessa heildarmynd og mikilvægi þess að slá þá varnagla sem fram koma í athugasemdum Sigmars til áminningar um nauðsyn breyttra vinnubragða.“

Hér má sjá fyrirvara Sigmars B. Haukssonar frá því í júní 2012, ásamt stuttri umfjöllun um hvernig nefndin hefur komið til móts við þessi sjónarmið í lokayfirferð sinni.

*„Breytingar á veiðitíma.
Skotveiðifélag Íslands er algjörlega á móti breytingum á veiðitímum, ekki liggja neinar áráðanlegar- eða marktækar rannsóknir sem réttlæta breytingar á núverandi veiðitímum. Félagið er þó fylgjandi friðun teistu þar til að stofninn hefur stækkað frá því sem nú er og svæðisbundinni friðun á lunda á Suður- og Vesturlandi.“*

Til athugunar: Frá því að skýrslan fór í yfirllestur hefur nefndin breytt ýmsum fyrri tillögum varðandi veiðitíma og taka tillögur nefndar mið af almennu lagaumhverfi en ekki tímabundnum varúðaraðgerðum. Þá taka tillögurnar einnig mið af meginreglum nefndar, sem byggðar eru á alþjóðasamningum sem Ísland er nú þegar aðili að. Nefndin hefur komið mikið til móts við athugasemdir Skotvís í þessum efnunum.

„Sölubann sem meginregla.

Skotveiðifélag Íslands er algjörlega andvíggt að sölubann á villibráð sé viðtekin regla og almenn. Sölubanni á villibráð skal aðeins beita ef ríkar ástæður séu til þess og þá aðeins í takmarkaðan tíma. Sé því beitt, skal endurskoða árlega.“

Til athugunar: Sölubann sem meginregla er enn inni í tillögum nefndarinnar, en líta má á það sem sambærilegt ákvæðinu um friðun sem meginreglu. Þó að allar tegundir eigi í grunninn að vera friðaðar kemur það ekki í veg fyrir að einhverjar þeirra séu nýttar, og það sama má segja um sölubannið – þótt það sé sett fram sem meginregla er gert ráð fyrir að áfram verði heimilt að stunda verslun með ákveðnar tegundir. Nefndin gerir skýran greinarmun á atvinnuveiðum og frístundaveiðum en þær síðarnefndu eru nú yfirgnæfandi í allri nýtingu villtra dýra (einkum þó fugla), bæði hér og í flestum nágrannalöndunum. Því ætti sala á villibráð að heyra til undantekninga.

Skerpt hefur verið á því í textanum að gert sé ráð fyrir undantekningum frá meginreglunni um bann við sölu villibráðar sem tilgreindar væru í lögum eða reglugerðum. Þannig verði áfram heimilt að selja bráð úr stofnun sem metið hefur verið að þoli miklar veiðar, eru t.d. mjög stórir og ekki í hnignun.

„Hljóðdeyfar.

SKOTVÍS fagnar því að nefndin mæli með að hljóðdeyfar á riffla verði heimilaðir. Nefndin leggur hins vegar til að notkun hljóðdeyfa verði ekki heimiluð á „litla“ riffla cal. 22. Þessu erum við ósammála við teljum að heimila eigi notkun hljóðdeyfa á alla riffla, enda ekki gerlegt að fylgjast með því á hvaða stærð riffla hljóðdeyfar eru notaðir við veiðar. Þá er það skoðun SKOTVÍS að það sé ekki hlutverk nefndarinnar að ákvarða takmarkanir sem þessar.“

Til athugunar: Búið er að breyta tillögum nefndar varðandi hljóðdeyfa á þann veg að heimilt verði að nota hljóðdeyfa á allar veiðibýssur að fengnu leyfi lögreglustjóra en væntanlega væri tekið á þeim málum í vopnalöggjöf. Bent er á að nefndin ákveður að sjálfsögðu ekki eitt eða neitt í þessum efnunum og eru tillögur hennar aðeins ráðgefandi.

„Hlunnindanytjar.

Skotveiðifélag Íslands er andvíggt því að hlunnindanytjar bænda og annarra landeigenda verðir takmarkaðar á nokkurn hátt. Reynslan sýnir að landeigendum er frekar treystandi að nýta villt dýr og aðrar náttúruauðlindir en stjórn mála- og embættismönnum. Sem dæmi má nefna góða reynslu af nýtingu íslenskra laxveiðiaá sem byggist alfarið á samvinnu landeiganda og veiðimanna.“

Til athugunar: Eina tillaga nefndar sem líta má á sem beina skerðingu á hlunnindanytjum er að lagt er til að hætta að rota unga (að því undanskyldu að nefndin tekur ekki afstöðu til rotunar fýlsunga). Aðrar tillögur snúa að bættri umsjón og skráningu (t.d. varðandi eggjatöku og selveiðar) og að tól séu fyrir hendi til að stýra nytjum, séu taldar líkur á að þær séu ósjálfbærar. Þessar tillögur eru lagðar fram með það í huga að uppfylla skyldur Íslands m.t.t. gildandi samninga og tryggja að nytjar séu sjálfbærar til langs tíma litið.

„Vald ráðherra.

Skotveiðifélagi Íslands hugnast ekki það ægivald sem ráðherra hefur varðandi stjórnun veiða á villtum dýrum hér á Íslandi. Í þessum efnunum er ráðherra umhverfismála nánast einvaldur, við fyrstu sýn virðast lýðræðisleg vinnubrögð vera viðhöfð í þessum efnunum og eflaust er það tilgangurinn. Ráðherra skipar í nefndir er fjalla um þennan málaflokk, meirihluti nefndarmanna eru undantekningalítið starfsmenn ráðuneytisins, eða starfsmenn stofnana er heyra undir umhverfisráðuneytið. Sé vilji fyrir hendi geta stjórnvöld nánast pantað niðurstöður nefndana. Með þessu er ekki verið að segja að sú sé raunin - en í vissum

tilvikum mætti halda að svo sé. Engin stefna virðist vera til af hálfu stjórnvalda hvað varðar veiðar á villtum dýrum. Hlutverk stofnana sem heyra undir ráðuneytið eru ekki skýr sem meðal annars hefur iðulega komið fram í samskiptum Náttúrufræðistofnunar og Umhverfisstofnunar. Hafi þessar stofnanir ólíkar skoðanir á ákveðnum málum, til dæmis styttingu veiðitíma á ákveðinni fuglategund, velur ráðuneytið jafnan það álit sem því þóknast án þess að fyrir því liggja nokkur rík rök. Þessu þarf að breyta og mun SKOTVÍS koma með tillögur í þessum efnum innan tíðar.“

Til athugunar: Nefndin leggur til miklar breytingar á núverandi fyrirkomulagi samráðs og ráðgjafar og má segja að tveir heilir kaflar skýrslunnar fjalli um það (kafla 5 og kafla 6.2). Þar er lögð áhersla á aukið samráð, skerpingu á hlutverkum stofnana og mótun stofnstjórnunarviðmiða svo eitthvað sé nefnt.

3. SAMRÁÐSBRÉF OG INNSENDAR ÁBENDINGAR SAMRÁÐSAÐILA

Hér á eftir má finna samráðsbréf nefndarinnar og allar þær ábendingar sem nefndinni bárust vegna 1. lotu samráðsferlisins.

Stykkishólmi, 17. september, 2010

Varðar samráð vegna athugunar á lagalegri stöðu villtra fugla og villtra spendýra

Ágæti viðtakandi

Nú hefur tekið til starfa nefnd á vegum umhverfisráðherra sem hefur það hlutverk að varpa skýru ljósi á lagalega stöðu villtra spendýra og fugla á Íslandi, m.a. með tilliti til dýraverndar-sjónarmiða. Niðurstöður nefndarinnar munu verða birtar í skýrslu þar sem fram koma tillögur um úrbætur sem unnar verða með það að leiðarljósi að markmið gildandi laga verði uppfyllt sem og þeir alþjóðlegu samningar sem Ísland er aðili að og varða verndun villtra spendýra og fugla. Vinna nefndarinnar einskorðast ekki einungis við að rýna framkvæmd laga nr. 64/1994, heldur skal nefndin taka til skoðunar vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, þar með talið selum og hvölum, í víðu samhengi. Þá skal nefndin einnig skoða með hvaða hætti dýravernd þessara dýra verður best fyrir komið. Nefndin mun því einnig skoða önnur lög er tengjast viðfangsefninu eftir því sem ástæða þykir til. Lögð er áhersla á að nefndin hafi viðtækt samráð við hagsmunaaðila og sérfræðinga við gerð skýrslunnar og því er þér/ýkkur gefinn kostur á að koma ábendingum á framfæri við nefndina í upphafi starfstíma hennar.

Vinsamlegast komið skriflegum ábendingum til starfsmanns nefndarinnar, Þórunnar Elfu Sæmundsdóttur, Umhverfisráðuneytinu, Skuggasundi 1, 150 Reykjavík, eigi síðan en **15. október nk**. Senda má ábendingarnar hvort sem er í hefðbundnum bréfaþósti á ofangreint heimilsfang eða í tölvuþósti á netfangið thorunn.elfa.saemundsdottir@umh.stjr.is.

Hagsmunaaðilum og sérfræðingum sem skila inn skriflegum ábendingum verður einnig boðið til fundar við nefndina, óski þeir þess. Vinsamlegast komið óskum þar að lútandi til starfsmanns nefndarinnar á fyrrnefnt netfang eða til undirritaðrar á netfangið menja@nsv.is.

Gert er ráð fyrir að nefndin skili lokaskýrslu í mars 2011. Allar skriflegar ábendingar munu birtast í viðauka skýrslunnar. Ábendingar um aðila sem vantað gæti á samráðslistann eru vel þegnar.

Með bestu kveðjum,

Menja von Schmalensee,
formaður nefndar

Menja von Schmalensee
Nefnd um lagalega stöðu villtra fugla og villtra spendýra
Umhverfissráðuneytinu,
Skuggasundi 1, 150 Reykjavík

Reykjavík 15.10.2010

Efni: Samráð vegna athugunar á lagalegri stöðu villtra fugla og villtra spendýra.

Í bréfi frá nefndinni var óskað eftir ábendingum varðandi lög um vernd friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum frá 1994 og fleira varðandi villt dýr. Undirritaður var á sínum tíma ritari nefndar sem samdi frumvarp að ofangreindum lögum og hef ég jafnframt kennt á námskeiðum fyrir varðandi veiðimenn á vegum Umhverfisstofnunar um allan skeið og þekki því allvel til laganna. Hér á eftir fara nokkrar ábendingar og athugasemdir við einstakar greinar laganna og jafnframt óska ég eftir því að fá að koma á fund nefndarinnar og ræða þessar ábendingar nánar.

Almennt má segja um lögina að á sínum tíma stóð til að selir og selveiðar væru með en öllu varðandi seli var kipt út úr frumvarpinu vegna ósamkomulags um þá. Því gilda mjög gömul lög um seli og selveiðar, aðallega tilskipun um veiði á Íslandi frá 1849. Æskilegt væri að selir yrðu nú teknir með öðrum dýrum. Þá þarf að taka betur á dýrum sem flutt eru inn sem bústofn eða gæludýr og sleppa úr haldi og eru villt (á ensku feral dýr), s.s. kanínur og minkur. Kanínur ættu að falla undir lögina og teljast villt og auðvelda þannig að halda þeim í skefjum eða útrýma.

Athugasemdir við einstakar greinar laga nr. 64/1994:

- Í þriðju og fjórðu grein laganna er kveðið á um hlutverk Umhverfisstofnunar(UST) og Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) sem ráðgjafa- og stjórnsýslustofnana og um samráð milli þeirra auk samráðs við umhverfisráðherra. M.a. er kveðið á um að UST og NÍ skuli vera umhverfisráðherra til ráðgjafar um vernd, friðun og veiðar (3.gr.) og að NÍ stundi rannsóknir og vöktun og geri tillögur um vernd og veiðipól stofna(4.gr.). Hér mætti setja inn orðalag sem opnaði á að UST og umhverfisráðherra geti leitað ráðgjafar víðar og að fleiri stundi vöktun og rannsóknir stofnum villtra dýra og getir gert tillögur um vernd, friðun og veiðar. Hér má nefna náttúrustofur, háskóla og einkaaðila.
Í fjórðu grein lagnanna er fjallað um merkingar og skil á merkjum. Þar segir að setja skuli reglur um merkingar og auglýsa í Stjórnartíðindum. Þetta hefur ekki verið gert. Þá segir að senda beri merki af merktum fuglum til NÍ. Hér hefði ég talið nægja að senda upplýsingar um merkið, þ.e. númer og merkingastöð ásamt fundarstað. Margir fuglaskoðarar og veiðimenn vilja eiga merki sem minjagrip um fund eða veiði og því hætta á að þeir skili ekki upplýsingum um merkið ef þeir vita að þeir þurfa að afhenda það.
- Fimmta grein: Hefur þetta fulltrúaráð einhvertíma verið skipað? Er þetta ekki óþörf grein?
- Sjöunda grein, lokamálgrein: Hér hefði ég viljað sjá meiri sveigjanleika þannig að hægt sé t.d. að taka ákvörðun um að hindra landnám tegunda sem berast til landsins með t.d. óeðlilegum hætti eða eiga uppruna frá garðfuglum. Dæmi hrókendur, taumgæsir og snjógæsir sem hafa orpið hér og eru líklega af breskum garðfuglaættum. Kanadagæs á mjög líklega eftir að reyna hér varp og persónulega myndi ég vilja hindra það. Þetta finnst mér að

umhverfisráðherra geti gert þó ekki berist tillaga um slíkt frá NÍ, nóg að NÍ sé umsagnaraðili um slíka ákvörðun.

- Áttunda grein: Þarf ekki að breyta orðalagi úr almenningum í þjóðlendum þannig að öllum séu heimilar veiðar í þjóðlendum.
- Níunda grein: 4 töluliður er dauður lagabókstafur sem ekki er framfylgt. Frekar ætti að leyfa sölu netafugls en gera hann þá skráningaskyldan. 17 töluliður er óskýr hvað varðar götuskráð fjórhjól og ég fær reglulega spurningar um slíkt á veiðikortanámskeiðum. Hér er óvissa m.a. í kjölfar kærumála sem ekki voru sótt. Best er að hér komi skýrt fram hvaða ökutæki eru leyfð, t.d. bifreiðar og götuskráð mótörhjól en öll önnur bönnuð.
- Ellefta grein: Ég tel að rangt hafi verið að undanskilja minkaveiði frá veiðikorti. Einnig tel ég að rangt hafi verið farið að við að setja refsigjald ef veiðiskýrslu er skilað seint. Ég hefði snúið þessu við, haft gjaldið 5000 krónur en 1500 króna afslátt ef skilað er fyrir 1 apríl og sama afslátt fyrir nýliða sem eru að fá fyrsta veiðikort. Þetta er miklu jákvæðara að veita afslátt frekar en að vera með refsigjald og gerir sama gagn. Ég tel að setja eigi skýrari reglur um notkun og úthlutun veiðikortasjóðs.
- Fjörtánda grein: Er ekki óhætt að leggja hreindýraráð af? 7 málsgrein veitir Náttúrustofu Austurlands einkaleyfi á rannsóknum á hreindýrum. Þetta tel ég tímaskekkju og að UST eigi að vera heimilt að semja við aðra hæfa aðila og fá þannig hugsanlega hagkvæmari kjör á vöktun og rannsóknum. Skil ekki af hverju NÍ kemur að þessum samningum, nægir að þeir fái gögn til varðveislu.
- Fimmtánda grein: Hagamýs eru veiddar utandyra við húsveggi sem fyrirbyggjandi aðgerð. Slíkt er óheimilt samkvæmt greininni. Er vilji til að hafa það svo áfram eða er ekki betra að laga lögín að raunveruleikanum.
- Sautjándi grein: Fyrsta málsgrein: Breyta „tillögu“ UST og NÍ í umsögn. Hér vildi ég einnig rýmka heimildir til að bæta tegundum inn á veiðilista. T.d. myndi ég strax leyfa skotveiðar á kanadagæsum. Ef að Evrópusambandsaðild yrði þá hefði það hugsanlega áhrif til þrenginga eins og stendur og því mætti vera viðbúinn breytingum og opna fyrir rýmkun einnig á móti, t.d. með því að heimila veiðar á hrossagauk.
3 málsgrein: Er ekki sanngjarnt að allir hagsmunaaðilar fái að tjá sig um þetta, t.s. samtök veiðimanna?

Virðingarfyllst

Arnór Þ. Sigfússon

MINNISBLAÐ

Til: Nefndar um lagalega stöðu villtra fugla og spendýra
Frá: Bændasamtökum Íslands
Dags.: 28. febrúar 2011
Efni: Sjónarmið Bændasamtaka Íslands um breytingar á lögum nr. 64/1994

I. Inngangur

Minnisblað þetta er lagt fram í upphafi fundar Bændasamtakanna og ofangreindrar nefndar í Bændahöllinni klukkan 14 þann 28. febrúar 2011.

Þann 16. júlí 2010 skipaði umhverfisráðherra nefnd til þess að skoða lagalega stöðu villtra spendýra og villtra fugla á Íslandi. Bændasamtökin fengu ekki fulltrúa í þessari nefnd og mótmæltu því með eindregnum hætti í kjölfarið. Bændasamtökin töldu eðlilegt að þau ættu fulltrúa í þessari nefnd vegna augljósra hagsmuna sem bændur hafa af því hvort og þá hvernig lagareglum um veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum verður breytt. Bændasamtökin töldu að við framgang málsins og skipun í nefndina, hafi hagsmunir landeigenda og bænda sem hagsmunaaðila, verið stórlega sniðgengnir. Í þessu samhengi má benda á að Bændasamtökin áttu fulltrúa í nefnd sem samdi lög nr. 64/1994 sem nú eru í gildi.

Vegna itrekaðrar beiðni nefndarinnar ákváðu Bændasamtökin að verða við því að bjóða henni til fundar, dags. í dag. Nefndin hefur áhuga á því að hafa samráð við Bændasamtökin í störfum sínum en Bændasamtökin leggja áherslu á að ekki liggur fyrir hverjar fyrirætlanir nefndarinnar eru varðandi breytingar á veiðilöggjöf eða fyrirætlanir hennar almennt.

Bændasamtökin leggja fram minnisblað þetta í því skyni að árétta megináherslur þeirra í tengslum við hugsanlegar breytingar á lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Bændasamtökin áskilja sér rétt til þess að koma frekari athugasemdum og sjónarmiðum á framfæri á síðari stigum enda ekki ljóst nú hvers efnis hugsanlegar breytingar á lögnum verða eða hvort á annað borð stendur til að breyta þeim.

II. Álftir og gæsir

Bændasamtök Íslands hafa árum saman óskað eftir því við umhverfisráðuneytið veiti undanþáguheimild til handa bændum til þess að skjóta á álftir og gæsir sem valda tjóni á ræktunarlendi í þeirra eigu. Búnaðarþing 2003 ályktaði um og beindi þeim eindregnu tilmælum til umhverfisráðuneytisins að brugðist yrði við þessum vanda með því að athuga hverjar séu ástæður vaxta og viðgangs álftastofnsins, að gerð yrði úttekt á tjóni af völdum álfta undangengin ár, að bændum yrði leiðbeint um það hvernig verjast mætti tjóni af völdum álfta og að leyfðar yrðu takmarkaðar og staðbundnar veiðar á álft sem heldur sig á túnum og ökrum. Búnaðarþing 2004 áréttaði síðan fyrri ályktun sína frá árinu 2003. Búnaðarþing 2009 ályktaði svo um að skilvirkni stjórnvalda við veitingu undanþágu frá friðun fugla í þeim tilvikum þar sem þeir valda tjóni yrði bætt og að tjón af völdum álfta og gæsa á ræktunarlöndum yrði metið. Þá ályktaði Búnaðarþing 2010 um að bændum verði heimilað að verja ræktunarlönd fyrir gæs allt árið með skotveiði þar sem augljóst er að tjóni er valdið af þeim og áfram verði unnið að rannsóknum á tjóni af völdum álfta og gæsa, sbr. ályktun Búnaðarþings 2009. Þrátt fyrir þessi eindregnu tilmæli Bændasamtakanna og Búnaðarþings virðist framgangur þessa mikilvæga máls enginn hafa verið. Hlýtur það að sæta mikilli furðu.

Bændasamtök Íslands sendu nú síðast umhverfisráðuneytinu bréf, dags. 6. september 2010, þar sem sjónarmið samtakanna voru ítrekuð. Umhverfisráðuneytið óskað nú á dögumum eftir fundi með Bændasamtökunum vegna þessara mála og hefur nú þegar verið leitað umsagna Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna erindisins. Þetta eru fyrstu viðbrögð stjórnvalda við umleitunum Bændasamtakanna. Bændasamtökin hyggjast hitta fulltrúa umhverfisráðuneytisins, Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar þann 2. mars nk.

Til upplýsingar um og til stuðnings sjónarmiðum Bændasamtakanna og til hægðarauka fyrir nefndina eru eftirtalin gögn um álfir og gæsir hjálögð minnisblaði þessu:

- A. Ályktun Búnaðarþings 2003.
- B. Ályktun Búnaðarþings 2004.
- C. Ályktun Búnaðarþings 2009.
- D. Ályktun Búnaðarþings 2010.
- E. Bréf Elíasar Blöndal Guðjónssonar, dags. 6. september.
- F. Umsögn Umhverfisstofnunar, dags. 10. desember 2010.
- G. Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, dags. 4. janúar 2011.

III. Refir og minkar

Bændasamtök Íslands leggja áherslu á við endurskoðun á lögum nr. 64/1994 verði tryggt og alls ekki komið í veg fyrir að ref og mink verði haldið í skefjum enda ljóst að þessar tegundir hafa og geta valdið bændum miklu tjóni. Fyrir utan það tjón sem þessar tegundir valda á fuglalífi. Síðustu árin hafa sveitarfélög sum hver ekki sinnt þessum málaflokki og hefur hann á þeim svæðum verið í miklum ólestri með tilheyrandi búsisfjum. Þá eru þekkt vandamál þeirra bænda sem eru nærri friðlandi fyrir ref.

Til upplýsingar og til þess að leggja áherslu á mikilvægi málsins fyrir bændur eru eftirtaldir ályktanir Búnaðarþings hjálagðar:

- A. Ályktun Búnaðarþings 2003 um útrýmingu villiminks á Íslandi.
- B. Ályktun Búnaðarþings 2004 um veiðar á mink.
- C. Ályktun Búnaðarþings 2004 um veiðar á ref.
- D. Ályktun Búnaðarþings 2005 um eyðingu minks.
- E. Ályktun Búnaðarþings 2005 um aukinn stuðning við refaveiðar.
- F. Ályktun Búnaðarþings 2007 um stjórnun refaveiða.
- G. Ályktun Búnaðarþings 2010 um refa- og minkaveiðar.

Reynir Bergsveinsson hefur hannað minkasíur sem geta veitt marga minka í einu. Mikill árangur hefur náðst með notkun þessara sía og margir bændur hafa lagt í töluverðan kostnað við að koma upp slíkum gildrum. Samkvæmt reglum Evrópusambandsins er bannað að drekkja dýrum en Bændasamtökin telja mikilvægt að sækja um undanþágu fyrir notkun minkasianna. Gildir þarf oft að leggja á mjög afskekktum stöðum og eru því gildir sem einungis taka einn mink í einu mjög dýrar í rekstri, en einungis þarf að vitja gildrana 3-5 sinnum á ári, þó mælt sé með kerfisbundinni vöktun. Minkasíur voru samþykktar til minkaveiða á Íslandi haustið 2003 og var leyfisveitingin byggð á ákvæðum laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994 og lögum um dýravernd nr. 15/1994. Borið hefur við að minkasíum hafi verið ruglað saman við hefðbundnar röragildir, en þar er um ólík veiðitæki að ræða.

Til að glöggva sig á tjóni af völdum refa og minka, má leita upplýsinga til að mynda hjá Umhverfisstofnun um fuglalíf í Dyrhólaey en mikið er um tófur á því svæði í dag og varpsvæði dapurt síðustu ár.

IV. Hlunnindafélög

Á síðustu árum hefur eftirspurn eftir skotveiðum aukist og bændur og aðrir landeigendur hafa greinilega orðið varið við vaxandi áhuga almennings. Samkvæmt gildandi lögum er öll veiði innan landamerkja lögbýla óheimil nema með leyfi landeigenda eða ábúanda. Skipulag og samstaða um hóflega nýtingu skotveiðihlunninda er besta leiðin til þess að gefa hámarks arð án ofnýtingar og um leið auðveldar slíkt skipulag aðgengi veiðimanna. Búnaðarsamtök Vesturlands hrintu af stað sérstöku átaksverkefni haustið 2005 þar sem viðfangsefnið var skotveiðihlunnindi og hvernig auka mætti hagrænt gildi þeirra. Búnaðarsamtök Vesturlands stóðu síðan fyrir stofnun hlunnindafélaga meðal landeigenda og ábúenda og hófu kortlagningu á svæðum með tilliti til nýtingar skotveiðihlunninda.

Bændasamtökin telja nauðsynlegt að rammi í kringum hlunnindafélög verði myndaður í lögum, einkum vegna ríkra atvinnuhagsmuna sem bændur hafa af skotveiði. Þá telja Bændasamtökin æskilegt að hlunnindafélög hafi rétt til þess að taka sjálfstæðar ákvarðanir um veiðitímabil á vissum tegundum, innan tiltekinna marka. Bændasamtökin telja í öllu falli óhjákvæmilegt að haft verði samráð við þessi hlunnindafélög um veiðitímabil, friðun o.þ.h.

Til upplýsingar um framangreint eru eftirtalið hjálagt.

- A. Erindi Búnaðarsamtaka Vesturlands og Bændasamtaka Íslands á Fræðapingi landbúnaðarins 2006: „Aukið hagrænt gildi skotveiðihlunninda – átaksverkefni Búnaðarsamtaka Vesturlands“.

V. Hlunnindanýting

Æðarrækt

Æðarrækt er atvinnugrein sem lýsir fullkomnu samspili milli manns og náttúru. Fuglinn hefur lært að laðast að mannum hér á landi því hann verndar hann fyrir vághestum í þeim tilgangi að laða hann á sitt land til varps. Finna má atriði tengd æðarrækt og hlunnindaréttindum m.a. í Jónsbók. Ísland er með 80-90% af æðardúntekju og sölu á æðardúni í heiminum og er eina landið sem hefur verndað þessa atvinnugrein í gegnum aldirnar. Æðarfugl hefur verið friðaður að einhverju leyti allt frá 1787, skotveiðar á æðarfugli voru bannaðar árið 1847 og eggver yfirlýst friðhelg árið 1849 með veiðitilskipun. Virðing við fuglinn á því langa sögu og er í dag eini fuglinn sem skapar útflutningstekjur með afurðum sínum. Þess má einnig geta að Ísland hefur tekið þátt í alþjóðastarfi á verndun æðarfuglsins á vegum Norðurskautsráðsins.

Helstu óvinir æðarfuglsins eru ránfuglar, s.s. hrafn, mávar og ernir, minkar og refir. Refur eða minkur sem kemst í stórt varp getur eyðilagt það á 1-2 sólarhringum. Bændur leggja mikla vinnu og kostnað í að halda ref og mink í skefjum og standa svo vaktina allan sólarhringinn gegn vághestum meðan varp er, frá maí – júlí. Minkasiurnar eru langdrjúgastar gegn mink og miklir hagsmunir um að þessi íslenska þróun sem gildirnar eru verði þróaðar enn frekar.

Mikil markaðsvinna og atvinnuuppbygging á sér nú stað hér á landi við að byggja upp markað á Íslandi með fullnum vörum og verða t.d. opnaðar fjórar verslanir á Vesturlandi og við Breiðafjörð í sumar með vörum tengdum æðarfuglinum og dúnvörum. Verið er að tengja saman margar atvinnugreinar, s.s. handverksfólk, listamenn, ljósmyndara, ferðapjónustuaðila o.fl. Þetta er gert m.a. til að freista þess að ná hærra markaðsverði, en æðardúnn er í verulega takmörkuðu magni í heiminum. Íslendingar safna um 3 tonnum árlega af hreinsuðum æðardúni og gefið að um 4 tonn séu magnið í heiminum og 1 kg í sæng má sjá að einungis er hægt að framleiða um 4-5000 sængur árlega (gefið að öll framleiðsla fari í sængur) til að þjóna eftirspurn í heiminum. Það eru því mikil tækifæri og atvinnuþróun í uppsiglingu hér. Æðardúnn er eini dúnninn sem er týndur úr hreiðrum. Svo lengi sem

æðarfuglinn lifir, leggur hann sjálfur dúnninn í hreiðrin ár eftir ár, en hann losnar á bringum æðarkollanna vegna hormónabreytinga við varp.

Mikil vinna hefur átt sér stað síðustu mánuði við lagfæringar á reglugerð nr. 196/2005 um gæðamat á æðardúni til stuðnings frekari uppbyggingar í atvinnugreininni. Útflutningstölur frá Hagstofunni árið 2010 sýna að um metár var að ræða í sölu á magni dúns (3.333 kg) með meðalverð upp á 106.300 kr/kg og því sala 357.353.883 kr. Hér er eingöngu um útflutningstölur að ræða og sala innanlands ekki tiltekin. Einnig ætti heildarsalan að vera mun hærri í kr. talið en eftir slakt söluár vegna heimskreppu 2009 voru nokkrir söluaðilar helst til fljótir að lækka söluverð.

Selveiðar

Innflutningur og sala á afurðum af sel eru bannaðar á Evrópusambandsvæðinu. Bændasamtökin hafa miklar áhyggjur af þessari stöðu sem upp er komin því selur hefur ávallt verið nýttur á Íslandi og skinn flutt út, en kjötafurðir nýttar héraendis. Nýting sels er þó í lágmarki þessi árin. Selskinn er eitthvert sterkasta skinn sem unnið er. Kjöt, hluti fitu og hreifar eru nýttir og telst það til góðs þegar veidd dýr eru nýtt svo vel. Samkvæmt VI. viðauka 92/43/ECC um veiðiaðferðir er bannað að nota net og hálfsvirk eða sjálfvirk vopn, einnig að vélknúin farartæki séu notuð við veiðar en Bændasamtökin telja nauðsynlegt að kanna hvort vélknúin bátar falli undir þessa skilgreiningu. Ómögulegt er að veiða seli án þess að bátar komi við sögu og eru net notuð við veiðina hér á landi og kindabyssur í sumum tilfellum þegar selurinn liggur á látri. Upplýsingar um stofnstærð sela eru óljósar. Það kemur aðallega til vegna þess hve langt hefur liðið á milli talninga og óreiðanlegra upplýsinga um veidda seli á ári hverju. Þessa hluti þarf mjög nauðsynlega að bæta.

Eggjatísla

Íslendingar hafa í gegnum aldirnar tínt fuglaegg tegunda sem lög leyfa. Í Evrópusambandinu eru hreiður villtra fugla friðuð og því mun þessi atvinnugrein og hlunnindi bænda og landeigenda leggjast af ef sá háttur verður tekinn upp héraendis með aðlögun laga að þessu. Egg villtra fugla ganga kaupum og solum, m.a. hjá bændum s.s. í Beint frá býli og skapa því ákveðnum starfsstéttum tekjur. Margir tína líka mávaegg og þar er um að ræða einn lið í að takmarka útbreiðslu og stækkun ránfuglategundar. Upp hafa komið sýkingar í búfé sem rekja má til vargfugla, einkum rakið til máva og hrafnis og þarf því að takmarka fjölda þeirra með veiðum til að samrýmist almannaheill því ekki er hægt að útrýma smiti í stofninum.

Að lokum vilja Bændasamtökin leggja áherslu á að samspil löggjafar Evrópusambandsins og íslenskrar löggjafar um veiði og hlunnindanýtingu verði tekið til gagngerrar skoðunar. Rýnivinna á þessu sviði hefur leitt í ljós að þessi málaflokkur er í algjöru uppnámi og það er fortakslaus krafa Bændasamtakanna að hlunnindanýting verði ekki takmörkuð að neinu marki, en að öðrum kosti er augljós hættu á því að atvinnuhagsmunir bænda muni skerðast og bíða tjón.

Þá vilja Bændasamtökin mæla með því við nefndina að hún afli gagna um og beri saman ESB löggjöf og íslenska löggjöf með tilliti til þeirra villtu fugla sem heimilt er að veiða á Íslandi en eru friðaðir innan Evrópusambandsins og öfugt.

Vegna samráðs við Dýraverndarráð um athugun á lagalegri stöðu villtra fugla og villtra spendýra

Dýraverndarráð leggur áherslu á að við endurskoðun laga um veiðar á villtum dýrum verði haft samráð við starfandi nefnd um endurskoðun dýraverndarlaga en gert er ráð fyrir að dýraverndarlögin nái einnig til villtra fugla og spendýra. Þá er ljóst að í endurskoðuðum dýraverndarlögum verður sérstakur kafli um aflífun dýra. Það er því afar mikilvægt að koma í veg fyrir ósamræmi eða tvítekningar varðandi aflífun og því lagt til að alls staðar þar sem fjallað er um aflífun í þessum lögum skuli vísað til dýraverndarlaga.

Dýraverndarráð telur mikilvægt að skilgreint sé í lögum um veiðar á villtum dýrum að dýr séu skynigæddar verur (e. sentient beings) og taka beri tillit til þess við veiðar eða nytjar á þeim. Slíkt yrði í samræmi við endurskoðun á dýraverndarlögum og þá þróun sem orðið hefur í Evrópu. Í 13. gr. Lisbon sáttmála Evrópusambandsins eru dýr til dæmis skilgreind sem skynigæddar verur.

Þá er lagt til að í samræmi við 2. mgr. 3. gr. núverandi laga verði gerð krafa um að Dýraverndarráð eða sambærilegur aðili verði einnig hafður til ráðgjafar um stefnumótandi mál varðandi veiðiaðferðir á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Þá telur Dýraverndarráð mikilvægt að lögin skilgreini almenna umgengni við villt dýr og þá ekki aðeins fyrir veiðimenn. Rétt sé að lögin taki þannig einnig á föngun dýra og tryggi að ekki megi fanga villt dýr nema með sérstöku leyfi. Þannig megi t.d. ekki fanga dýr og ala þau heima og sleppa þeim svo aftur.

Til þess að tryggja velferð veiðidýra og annarra villtra dýra telur Dýraverndarráð að gera verði frekari kröfur um fræðslu fyrir veiðimenn og hæfni þeirra við veiðar. Til þess að koma í veg fyrir óþarfa áþján dýranna ætti t.d. að vera gerð krafa um ákveðna tíðni hittni í hæfniprófi veiðimanna. Einnig þyrfti að útfæra betur það ákvæði sem kveður á um að veiðimanni beri að deyða sært dýr eftir fremsta megni. Tryggja þarf að dýr séu ekki særð að óþörfu og að særð dýr séu aflífuð sem skjótast. Þá þarf það að vera alveg skýrt í lögnum að bændum og æðarræktendum sem hafa leyfi til að skjóta refi, minka eða önnur dýr sem búfénaði stafar hætta af, sé einnig skylt að hlýta reglum um aflífun dýra.

Þá þarf að gæta sérstaklega að velferðarsjónarmiðum við veiðar á þeim dýrum sem njóta ekki friðunar s.s. minka, rotta og músa. Tryggja þarf að veiðar og aflífunaraðferðir á þeim verði einnig í samræmi við dýraverndarlög. Einnig þarf að skilgreina svokölluð hálfvillt dýr (leysingjar, e. feral animals) í lögnum til að tryggja að veiðar og aflífun á þeim falli innan ramma laganna og séu gerðar í samræmi við dýraverndarlög og velferðarsjónarmið. Dýraverndarráð leggur til að í endurskoðuðum lögum um villt dýr skuli ákveðnar veiðiaðferðir alfarið bannaðar, svo sem notkun fótboga, ýmsar gildirur sem kvelja dýr (límbakkar, gildirur sem drekkja dýrum ofl.), notkun hunda við að hlaupa uppi bráð, svo eitthvað sé nefnt.

Rétt er einnig að skilgreina hvernig umgengni við villt dýr skuli háttað við nytjar, til að tryggja að slíkt sé gert með dýravelferðar sjónarmið að leiðarljósi. Sérstaklega þarf að gæta að við nytjatöku hjá fuglum sé tekið tillit til velferðar dýranna. Skilgreina þarf hvernig slík umgengni megi vera til að það valdi dýrunum sem minnstu raski og þjáningu. Þá skal þar sérstaklega taka á veiðum í háf og aflífun fugla í kjölfarið, en setja þarf slíkum veiðum skilyrði sem tryggja að þau valdi dýrunum ekki óþarfa þjáningu.

Dýraverndarráð telur það rétt að lög um veiðar á villtum dýrum nái til allra villtra dýra, einnig til sjávarspendýra. Sérstakur kafli þurfi því að vera í lögnum um veiðar og nytjar á hvöllum og selum. Þá þurfi að endurskoða til samræmis löggjöf um hvalveiðar nr. 26/1949

Í lögnum séu þannig gerðar kröfur til hvalveiðimanna um að þeir uppfylli a.m.k. þau skilyrði sem nú eru tilgreind í reglugerð nr. 359/2009 (sem breytir reglugerð nr. 163/1973). Þá skuli hvalveiðimenn ekki fá veiðileyfi nema þeir gangist undir hæfnispróf og uppfylli almennar kröfur, t.d. um hittni, líkt og aðrir veiðimenn sem stunda veiðar á villtum dýrum, sbr. reglugerð 291/1995 og 11. gr. núverandi laga. Þá skuli setja í lögin ákvæði um að við veiðarnar skuli aðeins nota aflífunarbúnað sem samræmist ákvæðum dýraverndarlaga. Þá sé rétt að gera kröfu um það að héraðsdýralæknir eða annar opinber eftirlitsaðili hafi eftirlit með veiðunum með tilliti til dýraheilsu og dýravelferðar.

Þá þurfi einnig að setja inn í löggjöfina sérstök ákvæði um veiðar á selum. Tryggja skal að við veiðar á selum séu veiðimenn ekki undanskyldir þeim kröfum sem gerðar eru til annarra veiðimanna við veiðar á villtum dýrum og að kröfur um aflífunaraðferðir nái líka til sela. Veiðimenn sela skulu hafa veiðileyfi líkt og aðrir veiðimenn.

Þá telur ráðið að útfæra þurfi frekar ákvæði um hvítabjörn svo tryggt sé að tekið verði tillit til velferðar dýrsins þegar ákveðið er hvort skuli fanga eða skjóta dýrið, sbr. 16. gr. núverandi laga. Gera þarf kröfu um að setja megi reglugerð sem taki á aðferðum við föngun og meðferð við flutning og vörslu, sem tryggi að velferðar dýrsins sé ávallt gætt.

Þá telur Dýraverndarráð að skerpa þurfi á refsíákvæðum laganna og tryggja að þeir sem brjóti gegn lögnum geti ekki stundað iðju sína áfram.

f.h. Dýraverndarráðs

Sigurborg Daðadóttir
Formaður

Sæl aftur Þórunn

Hér koma mínar vangaveltur.

Kveðja
Eypór Þórðarson

Persónulegar vangaveltur varðandi lög nr.64/1994 með síðari breytingum.

1. 9. gr. er kveðið á um hvað óheimilt er að not við veiðar. Í 10. gr. er kveðið á um særða bráð og skyldur veiðimanns til að elta hana uppi og aflífa.

- Auljóst er að veiðimaður skal aflífa sært dýr. Slys gerast við veiðar þó veiðimaður ætli sér ekki slíkt. Þau gerast líka í umferðinni. Særi veiðimaður dýr er honum ekki heimilt að nota hund til að hlaupa hið særða dýr uppi. Særður fugl (dýr) kemst hugsanlega það hratt yfir að veiðimaður á engan kost á að ná bráð sinni. Fuglar komast í holur og út í vötn og fljót. Hundar eru ákjósanlegir til að ná slíkum dýrum. Höfum í huga að veiðimaður skýtur ekki úr haglabyssu á lengra sleri en um 60 m. Dýr sem komið er utan þess sleris verður ekki skotið.
- Íljá mörgum þjóðum eru fuglaveiðar bannaðar nema veiðimenn hafi sérþjálfaða hunda til að koma í veg fyrir að særðir fugla sleppi. Sært dýr reynir nær alltaf að leynast. Hundur er fljótur að finna slíkt dýr með þefskininu einu. Hann getur stytt dauðastríð verulega.
- Í mínum huga skal veiðimaður sem fyrir slysi særir dýr. Gera allt til að koma í veg fyrir að sært dýr sleppi og skal hann nota öll tiltæk ráð til að gera dauðastríð dýrs eins stutt og mögulegt er. Honum á að vera heimilt að nota hund, barefli, eggvopn, farartæki, o.s.f. í slíkum tilfellum.

2. Í 17. gr. er kveðið á um afléttum friðunar eflirfarandi fuglategunda.

- Hér mætti vera fullt af nýjum möguleikum.
- Hér er talað um rjúpu í 5. tl. Hér mætti bæta við t.d. hrossagauk og öðrum slíkum fuglum. Hefð er fyrir slíkum veiðum á vetrarstöðvum ímíssa fugla. Þetta gæti dreift veiðilagi og veiðum. Hugsanlega verði stýritæki til að létta á veiðum einstakra tegunda. Engin ástæða er til að friða ef stofnstærð er nýtanleg. Er ekki hugsanlegt að vera sveigjanlegri í þessu og getað tekið ákvarðanir í samræmi við stofnstærðir og veiðihol á hverjum tíma. Lögum er ekki hægt að breyta á stuttum tíma. Er hugsanlegt að breytingar geti gerst hratt og sum laust í lítilli nefnd vísinda og fræðimanna á þessu sviði. Slík nefnd á að vera byggð á rökum en ekki tilfinningum.



Vangaveltu varðandi lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spenndýrum.

Eypór Þórðarson til: thorunn.elfa.saemundsdottir, Þórhallur
Otteson

20.10.2010 14:52

History: This message has been forwarded.

1 attachment



Vangaveltur varðandi lög nr. 64 frá 1994 A.doc

Sæl Þórunn

Hér koma hugleiðainngar okkar á Fiskistofu

Kveðja
Eypór Þórðarson

Vangaveltur varðandi lög nr.64/1994 með síðari breytingum.

1. Í 1. og 2.gr. er tekið fram að löggin eigi ekki við um hvali og seli. Í 9.gr. 17. tölulið er kveðið á um að bátar mogi ekki ganga hraðar en 9 sjómílar.
 - Þetta ákvæði þarf að veri áfram þar sem hvalveiðar og selveiðar eru ekki raunhæfar með bátum eða skipum sem ganga hægar en 9 sjómílar.
2. Í 1. gr. er skilgreind nctalög. 115 m frá stórstraumsfjöru.
 - Ef þessu verður breytt er líklegt að komið gæti til árcextra vegna grásleppuveiða, fisk- og kræklingaeldis. Kræklingaeldi er nú þegar stundað á nokkrum stöðum við landið og mjög nálægt landi.

Fredrikstad 12 október 2010.

Móttakandi:

Nefnd um endurskoðun laga nr. 64/1994 um vernd friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.
co/ Menja von Schmalensee.

Sendandi:

Fridvin Guðmundsson
Radhusgate 13
1632 Gamlebyen
Fredrikstad
Noregur

Hér með skorar undirskrifaður á nefnd um vernd friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum leggi til í væntanlegri skýrslu nefndarinnar til umhverfisráðherra undanþágu frá banni á veiðum á Gallinago gallinago á Íslandi og leyfi veiðarnar tímabundið á hverju ári á sérstaklega skilgreindum landsvæðum. Að veita undanþágu og leyfa veiðarnar er til samræmis við fuglatilskipun EES, viðauka II kafla A og viðauka III kafla B og skilgreiningu AFWA (African-Eurasian Migratory Waterbirds) um núverandi vistfræðilegt ásigkomulag tegundarinnar. Þess skal getið veiðar eru leyfðar á tegundinni tímabundið á hverju ári á vetrarstöðvum hennar á Bretlandseyjum.

Hefð um algjört bann á veiðum á tegundinni á Íslandi eru ekki byggt á jafnrettisgrundvelli og þar með ekki í anda markmiða samnings um líffræðilega fjölbreytni (CBD) sem Ísland er aðili að.

Í samningnum um líffræðilega fjölbreytni segir meðal annars.

“Jafnframt er það markmið samningsins að stuðla að samngjarnri skiptingu þess hagnaðar sem hlýst af nýtingu erfðauðlinda sem og aðgangi að þeim og tækni til að nýta þær”

Finnig legg ég til við nefndina að í væntanlegri skýrslu hennar til umhverfisráðherra séu gerðar tillögur um hömlur sem miðast við að ekki verði leyft að selja afurðir af þeim villtu fuglategundum sem ciga við og heyra undir alla viðauka fuglatilskipunar EES.

Virðingarfyllt
Fridvin Guðmundsson.

Athugasemdir við lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum

Fuglavernd lítur svo á að lögini í núverandi mynd geti ekki náð markmiði sínu að tryggja viðgang og náttúrulega fjölbreytni villtra dýrastofna. Lítil áhersla sé á vernd búsvæða villtra dýra og erfitt sé t.d. að bregðast nógu fljótt við hröðum breytingum á stofnstærðum. Lögini taki of mikið mið af hlunnindanýtingu sem er nú orðin mjög breytt frá því sem áður var og þurfi að endurskoða öll hlunnindaákvæði. Refsiákvæði og réttarfarskaflinn þarf að vera skýrari. Að samræma veiðitími myndi auðvelda eftirlitsaðilum að fylgjast með að lögum væri framfylgt. Þörf er á beinskeyttari fræðslu fyrir eftirlitsaðila á lögnum almennt, skyldum og viðurlögum. Okkur þætti líka rökrétt að selir og hvalir myndu falla undir lögini, ekki bara smáhveli heldur allir hvalir. Viljum líka ítreka að mannúðlegum aðferðum sé beitt við veiðar. Endurvekja þyrfti samráðsvettvang svipað og villidýranefnd þjónaði á sínum tíma.

Athugasemdir við einstakar greinar:

7. gr.

Hér mætti taka til athugunar ágenga landnema og hver stefnumörkunin varðandi þá væri og þá til hvaða aðgerða mætti grípa, í samræmi við stefnumörkun ef á þyrfti að halda.

9. gr.

4. Gerum athugasemd við að álku, langvíu, og stuttnefju megi veiða í háf. sjá 5 mgr. (20. gr) Þessu ákvæði var bætt inn í lögini 1994 þrátt fyrir mótmæli frá Náttúruverndarráði. Þessar veiðar eru ómannúðlegar þar eð flestir fuglanna eru varpfuglar og deyja ungar þeirra hungurdauða. Þessar veiðar er heldur ekki hægt að réttlæta á grunni menningarlegra hefða þar sem það þekktist ekki hér áður fyrr að veiða svartfugl í háf. Undanþágur fengust til veiða á sjófugli frá Parísarsamþykktinni sem tók gildi hér 1956 á forsendum hlunnindaveiða sem eiga ekki rétt á sér í dag.

11. gr.

Sérstakt að krónutala fyrir veiðikort sé tekin fram í lögnum, hlýtur að þurfa að fylgja verðlagsþróun. Sérstaka áherslu þarf að leggja á fræðslu til veiðimanna, bæði um skuldbindingar og viðurlög. Gera þarf mun strangari kröfur til þeirra sem fá veiðikort. Bæði þarf að auka kröfur um þekkingu á bráð og um meðferð skotvopna. Eðlilegt þætti okkur að Umhverfisstofnun sæi áfram um að leggja fyrir prófin, semja námsskrá og gefa út veiðikort. En að námskeiðin væru á höndum þeirra sem sjá um fullorðinsfræðslu eins og fordæmi eru fyrir í nágrennalöndum okkar.

VI. kafli. Sérákvæði um veiðar.

Athuga að mannúðlegum aðferðum sé gætt við veiðar á villtum dýrum. Ástæða til að taka skýrt fram hvaða aðferðum megi beita við að veiða refi og mink.

**17. gr.**

Setja inn ákvæði, sem auðveldar ráðherra að grípa inn, t.d. með reglugerð, ef fugl lendir á válista eða eitthvað breytist hjá tegund.

1. Við viljum gera athugasemd við að svartbakur, silamáfur, silfurmafur og hrafn séu ófriðaðar árið um kring. Bæði svartbakur og hrafn eru tegundir í yfirvofandi hættu og á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands¹. veiðar á þessum fuglum eru oft á tíðum tilgangslaus dráp, byggð á fordómum.
2. Við gerum einnig athugasemdir við veiðitíma grágæsarinnar því núverandi veiðitími 20. ágúst - 31. mars miðar við að gæsirnar séu allar farnar af landi brott á haustin. Með aukinni kornrækt og hlýnandi veðráttu þá hefur borið töluvert á því að grágæsir hafi hér vetursetu og að veiðimenn herji á þær, oft horaðar og mjög af þeim dregið. Jafnvel magnveiðimenn sem bjóða gæsir til sölu. Einnig mætti upphaf veiðitímabil grágæsarinnar og heiðagæsarinnar vera í samræmi við andaveiðitímamann til að gera eftirlit auðveldara. Við leggjum því til að veiðitímabilið sé frá 1. september til 1. nóvember.
3. Það ætti að þrengja mörk veiðitímabils fyrir sjófugla og endur. Skarfar eru t.d. að byrja varpundirbúning í mars. Sjófuglanýting er úrelt hlunnindanýting. Sútur ættu að vera alfriðaðar en var aflétting friðunar á sjófugla tengt hlunnindanýtingu sem ekki er nauðsynleg í dag. Súla er auk þess á válista NÍ²
4. Það ætti að stytta veiðitíma svartfugls til 1. apríl, Langvíla er t.d. byrjuð á varpundirbúningi í apríl. Samræmdari veiðitími gerði eftirlit með því að veiðitíminn sé virtur auðveldara. Friða ætti stuttnefju alfarið en mikil fækkun er í stofninum og stuttnefja á válista³. Einnig ætti að friða teistu alfarið en stofn teistunnar er mjög lítill hér á landi.

17. gr. a.

Hér vildum við sjá alfarið bann við sölu á veiðifangi. Magnveiði á gæs er líklega stunduð af litlum hóp veiðimanna en okkur grunar að lítil viðkoma blesgæsarinnar hér á landi geti m.a. stafað af þessum veiðum, þrátt fyrir að blesgæsin sé alfriðuð. Einnig vildum við leggja til að bannað sé að beita fyrir gæsir og að veiðar við náttstað verði ekki leyfðar þar sem ekki er hægt að greina hvaða bráð er veidd og því ekki hægt að tryggja að blesgæs verði ekki veidd líka. Einnig þykir okkur ómannúðlegt að veiða gæsir á náttstað.

21. gr.

Varðandi kaflann um refsíákvæði og refsilög þá finnst okkur lögin þurfi að vera skýrari og aðgengilegri þeim sem sinna eftirliti. Vildum við sjá að reglugerð tæki á fræðsluskyldu eftirlitsaðila og að umhverfisstofnun sinni þeirri skyldu.

Stjórn Fuglaverndarfélagss Íslands
15. október 2010

¹ Náttúrufræðistofnun Íslands 2000. Válisti 2. Fuglar. Reykjavík bls.70-84.

² Náttúrufræðistofnun Íslands 2000. Válisti 2. Fuglar. Reykjavík bls.82.

³ Náttúrufræðistofnun Íslands 2000. Válisti 2. Fuglar. Reykjavík bls.80.

Greinargerð: Athugun á lagalegri stöðu villtra fugla og villtra spendýra með hliðsjón af hlutverki Hafrannsóknastofnunarinnar

Eftirfarandi eru nokkrar athugasemdir vegna starfa nefndar sem falið hefur verið að athuga lagalega stöðu villtra fugla og villtra spendýra og snúa sérstaklega að Hafrannsóknastofnuninni og hlutverki hennar. Samkvæmt dreifbréfi nefndarinnar dags. 17. september 2009 er henni ætlað:

1. Að varpa skýru ljósi á lagalega stöðu villtra spendýra og fugla á Íslandi, m.a. með tilliti til dýraverndarsjónarmiða.
2. Gera tillögur um úrbætur sem unnar verða með það að leiðarljósi að markmið gildandi laga verði uppfyllt sem og þeir alþjóðlegu samningar sem Ísland er aðili að og varða verndun villtra spendýra og fugla.
3. Skoða með hvaða hætti dýravernd þessara dýra verður best fyrir komið.

Í þessu sambandi ber að líta til þess lagaumhverfis sem nú snýr að þessum þáttum og varða Hafrannsóknastofnunina. Þar ber fyrst að nefna lög nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, lög nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lög nr. 151/1996 um veiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum. Þá snerta lög um rannsóknir í þágu atvinnuvegganna nr. 64/1965 skyldur stofnunarinnar, auk þess sem hér koma til lög nr. 26/1949 um hvalveiðar, þar Hafrannsóknastofnunin hefur hlutverki að gegna. Jafnframt ber að líta til frumvarps til laga um hvali, þingskjal 981, sem lagt var fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi (2009-2010).

Hvalir

Hafrannsóknastofnunin telur að málefnum er varða verndun og nýtingu hvala sé í grundvallaratriðum vel fyrir komið í núverandi stjórnkerfi og með þeim breytingum sem fram koma í ofangreindu frumvarpi um hvali. Hvalir hafa verið nýttir á Íslandi frá landnámi og hafa talist til nytjastofna sjávar allt frá iðnvæðingu íslenskrar útgerðar á 19. öld. Eðlilegt er að verndun og nýting hvala verði áfram á sömu hendi og verndun og nýting annarra auðlinda sjávar. Sérstaklega er þetta mikilvægt frá sjónarmiði rannsókna, þar sem skörun og samnýting þekkingar og rannsóknatækja (t.d. skipa) er meiri en almennt gerist í rannsóknum á landi. Árlega hefur Hafrannsóknastofnunin lagt fram ráðgjöf um helstu hvalastofna sem nýttir eru í skýrslu um nytjastofna sjávar. Auk þess falla hvalir og hvalveiðar vel að núgildandi eftirliti og kerfi upplýsingaöflunar, þar sem Fiskistofa og Hafrannsóknastofnunin vinna afar náið og markvisst saman.

Hafrannsóknastofnunin hefur haft að leiðarljósi þá framtíðarsýn sem byggir á s.k. fjölstofna- eða vistkerfisnálgun við verndun og nýtingu auðlinda sjávar. Slík viðhorf hafa verið að ryðja sér til rúms í vaxandi mæli á alþjóðavettvangi. Til að slík aðferðafræði verði raunhæfur kostur í framtíðinni, er sérstaklega mikilvægt að nán samvinna ríki milli sérfræðinga á hinum ýmsu sviðum er varða vistkerfi hafsins og nýtingu auðlinda þess. Nán þverfagleg samvinna af þessu tagi er best fyrir komið innan sömu rannsóknastofnunar.

Alþjóðalög

Í 65. grein hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna er kveðið á um samstarf þjóða innan viðeigandi alþjóðastofnana varðandi verndun og stjórnun hvalastofna:

“Sjávarspendýr

Ekkert í þessum hluta skerðir rétt strandríkis eða vald alþjóðastofnunar, eftir atvikum, til að banna, takmarka eða setja reglur um hagnýtingu sjávarspendýra með strangari hætti en kveðið er á um í þessum hluta. Ríki skulu starfa saman með verndun sjávarspendýra í huga og skulu, hvað hvali snertir, einkum starfa á vettvangi viðeigandi alþjóðastofnana að verndun og stjórnun þeirra og rannsóknnum á þeim.”

Fyrirkomulag slíks alþjóðasamstarfs í stjórnkerfinu hér á landi eru í samræmi við það sem tíðkast í öðrum löndum þar sem litið er á hvali sem nýtanlega auðlind.

Íslendingar hafa fullnægt þessum skyldum með starfi innan Alþjóðahvalveiðiráðsins (IWC) og Norður Atlantshafs Sjávarspendýraráðsins (NAMMCO). Undir verksvið NAMMCO heyra öll sjávarspendýr, en stjórnun IWC tekur einungis til hefðbundinna nytjategunda hvala, þ.e. skíðishvala og búrhvals innan beggja þessara alþjóðastofnana starfa vísindanefndir sem veita ráðgjöf um verndun og nýtingu sela (NAMMCO) og hvala (NAMMCO og IWC). Sérfræðingar Hafrannsóknastofnunarinnar hafa frá upphafi verið fulltrúar Íslands á þessum vettvangi og hefur veiðiráðgjöf stofnunarinnar byggst á vinnu þessara alþjóðlegu vísindanefnda. Einnig hafa sérfræðingar Hafrannsóknastofnunarinnar tekið þátt í vísindasamstarfi um sjávarspendýr á vegum Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES). Vísindanefnd IWC hefur þróað veiðistjórnunarkerfi (RMP) sem jafnan er talið það öruggasta og varfærnasta sem nokkurn tíma hefur verið þróað fyrir verndun og nýtingu náttúruauðlinda. Hvalveiðiráðið hefur samþykkt RMP kerfið þótt notkun þess hafi ekki verið hrint í framkvæmd vegna veiðbannsins. Íslendingar og Norðmenn hafa þó tekið mið af því við ákvörðun aflamarks á sínum hafsvæðum og í vísindanefnd NAMMCO er byggt á svipuðu kerfi. Þar er m.a. kveðið á um umfangsmiklar talningar á hvólum með reglulegu millibili og hefur Hafrannsóknastofnunin séð um þær í samstarfi við nágrannaþjóðir við Norður Atlantshaf.

Á Hafrannsóknastofnuninni hefur um margra áratuga skeið safnast fyrir mikil þekking á málefnum er varða verndun og nýtingu sjávarspendýra og er stofnunin hluti af víðtæku alþjóðlegu tengslaneti stofnana er um þessi málefni fjalla.

Alþjóðlegir válistar

CITES. Samningur um alþjóðaverslun með tegundir dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu.

Þegar Ísland gerðist aðili að CITES samningnum (lög 85/2000, reglugerðir 993/2004, 5/2005 og 829/2005) var verkaskipting ráðuneyta og stofnana ákveðin með eftirfarandi hætti:

Vörsluaðili: Utanríkisráðuneyti.

Umsjónarstjórnvöld: Fiskistofa og Umhverfisstofnun.

Vísindaleg stjórnvöld: Hafrannsóknastofnunin (nytjastofnar sjávar) og Náttúrufræðistofnun Íslands (aðrir stofnar).

Ofangreind verkaskipting var niðurstaðar talsverðra umræðu í stjórnkerfinu og hefur í aðalatriðum reynst vel. Samkvæmt henni falla sjávarspendýr undir verksvið Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskistofu.

Allir hvalir sem falla undir verksvið IWC eru á viðauka I skv. CITES samningnum, en verzlun með afurðir af slíkum tegundum er bönnuð. Í tilfalli hvala byggir þessi flokkun ekki á vísindalegri úttekt á einstökum stofnum, heldur var með atkvæðagreiðslu samþykkt að allar þessar tegundir ættu þar heima meðan bann IWC um hvalveiðar í atvinnuskyni væri í gildi. Íslendingar gerðu fyrirvara varðandi ýmsa hvalastofna og er verzlun því heimil með íslenskar afurðir þeirra tegunda.

Válisti IUCN (International Union for Conservation of Nature)

Hvalir eru áberandi á ýmsum alþjóðlegum válistum sem ekki eru lagalega bindandi. Sá listi sem mest er vitnað til, og margir aðrir listar byggja á bcint eða óbeint, er listi IUCN (International Union for Conservation of Nature) yfir tegundir í hættu. Flestar tegundir reyðarhvala, þ.á.m. langreyður eru skráðar sem tegundir í útrýmingarhættu á lista IUCN, og stingur það óncitanlega í stúf við ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar um nýtingu tegundarinnar og rannsóknir sem að baki henni liggja. Þetta misræmi stafar af því að IUCN metur alla langreyðarstofna heimsins sem cina heild og ræður þar langmestu ástand langreyðarstofna við Suðurheimskautið. Þar voru langstærstu stofnar langreyðar og annarra skíðishvala og jafnframt verstu ofveiðarnar langt fram eftir síðustu öld. Þessir stofnar eiga enn langt í land með að ná fyrri stærð og meðan svo er mun mat á langreyði á heimsvísu leiða til flokkunar tegundarinnar “í útrýmingarhættu” samkvæmt þeim mælikvörðum sem notaðir eru innan IUCN (1. mynd) . Bent hefur verið á galla þessa fyrirkomulags, enda er enginn samgangur milli hinna fjölmörgu langreyðarstofna heimsins sem eru í mjög misjöfnu ástandi. Þannig er ljóst af 1. mynd, að stofnar langreyðar í Atlantshafi eru í góðu ástandi í dag, jafnvel stærri en þeir voru í upphafi viðmiðunartímabils IUCN. Þessi aðferð, að slá saman fjölmörgum “óskyldum” hvala stofnum í eitt heildarmat er óvísindaleg og rýrir mjög gildi IUCN listans og annarra sem á honum byggja.




Figure 1: Estimated population trajectory 1920-2007.

1. mynd. Stofnstærðir langreyðar 1920-2007. Ástand stofnanna er sýnt á heimsvísu og aðskilið fyrir Suðurhveli, Norður Kyrrahaf og Norður Atlantshaf (úr skýrslu sérfræðinganeftndar IUCN um langreyði – www.iucn.org).

Mikið alþjóðlegt samstarf er um nýtingu og verndun hvala. Fyrirkomulag þess í stjórnkerfinu hér á landi er í samræmi við það sem tíðkast í öðrum löndum þar sem lítið er á hvali sem nýtanlega auðlind.

Dýraverndunarmál

Fjallað er um dýraverndarmál innan NAMMCO og IWC í sérstökum undirnefndum, og alþjóðlegt eftirlitskerfi með veiðum er til staðar hjá báðum samtökum. Fullyrða má, að reglur þær sem lagðar eru til í frumvarpi um hvali og varða dýravernd (aflífunaraðferðir o.fl.) eru þær ströngustu sem gilda um veiðar á villtum dýrum hér á landi.

Selir

Engin sérlög eru til um seli eða selveiðar hér við land þó fjallað sé um seli í lögum, m.a. í tengslum við hlunnindi (lög nr. 46/1941) og varnir gegn tjóni af völdum sela í veiðivötnum og ósum (nr. 61/2006). Þó svo að selveiðar hafi lengst af verið hluti búhlunninda og selir nýttir af bændum, er ljóst að selir samræmast skilgreiningu á nytjastofnum sjávar samkvæmt ofangreindum lögum nr. 116/2006, 79/1997 og 151/1996 með síðari breytingum. Af þessum sökum gefur Hafrannsóknastofnunin á ári hverju

yfirlit yfir stöðu staðbundinna sclastofna og hefur haft fyrirvar á vettvangi NAMMCO og ICES varðandi úttektir og móttun ráðgjafar um sjálfbæra stjórnun nytja. Vistfræðileg staða sela fellur einnig vel að viðfangsefnum og þekkingu sem stofnunin býr yfir, líkt og með hvali.

Sjófuglar

Sjófuglar eru mikilvægur hluti af vistkerfi hafsins og má því segja að eðlilegt sé að rannsóknir á þeim séu stundaðar í tengslum við aðrar hafrannsóknir. Hafrannsóknastofnunin hefur á undanförunum, áratugum lagt stund á sjófuglarannsóknir, einkum á sviði fæðuvistfræði, en umfangsmiklar sjófuglarannsóknir eru einnig stundaðar af Háskóla Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands og fleiri aðilum.

Sá mikilvægi munur er á lagalegri stöðu sjófugla og sjávarspendýra, að málefni er varða vernd, friðun og veiðar á sjófuglum falla undir lög nr. 64/1994, en í lögnum er sérstaklega tekið fram að þau eigi ekki við um sjávarspendýr. Eins og að ofan greinir, telur Hafrannsóknastofnunin að málefnum sjávarspendýra sé áfram best fyrir komið undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og undirstofnunum þess. Vegna rannsóknahéðar og þeirrar þekkingar sem skapast hefur innan Háskóla Íslands, Náttúrufræðistofnunar og Veiðistjóraembættisins telur Hafrannsóknastofnunin ekki ástæðu til breytinga á fyrirkomulagi varðandi verndun og nýtingu stöðu sjófugla.

Hafrannsóknastofnuninni, nóvember 2010



Til: <thorunn.elfa.saemundsdottir@umh.stjr.is>
Cc:
Bcc:
Efni: veiðar á villum fuglum og spendýrum
Frá: Hjörleifur Finnsson <hjorleifur@vatnajokulsthjodgardur.is> - Monday 20.09.2010 08:03

History: This message has been forwarded.

Sæl

Óháð starfi mínu, þar sem lítið reynir á starfsvið nefndarinnar, langar mig að koma fram einni ábendingu.

Eftir að ég fluttist á Norðausturlandið og byrjaði að stunda skotveiðar þar, verð ég var við eftirfarandi hjá stórum hluta (ef ekki merihluta) veiðimanna:

1. Lítil eða engin virðing er borin fyrir bráðinni
2. Rjúpnaveiðar eru stundaðar af ökutækjum
3. Reglum um hámarksskotafjölda er nánast aldrei fylgt.(pinnin tekin úr)
4. Skotánýting er út úr öllu korti, sem þýðir að gríðar mikið er sært af fugli.

Ég legg til að nefndin Kanni eftirfarandi:

- a) Hvað eru seld mörg veiðiskot (ekki leirdúfuskot) og af hvaða númerum á Íslandi á ári hverju
- b) Hvað falla margir fuglar fyrir þessum skotum.

Þessar tölur saman ættu að sýna hvort eitthvað óeðlilegt væri á ferðinni við skotánýtingu á Íslandi. Ef grunur minn reynist réttur, þarf verulegt átak í dýraverndarmálum gagnvart veiðum á viltum fuglum. Þá þyrfti að mínu viti að:

1. Banna haglabyssur af annari gerð en einhleypur og tvíhleypur (hámark 2 skot)
2. Lengja veiðikortanámskeiðið og auka að gæðum og kröfum til veiðimanna
3. Að til þess að veiðimenn fái útgefið veiðikort, standist þeir lágmarkskröfur í skotfimi og þurfi að fara á skotvöll árlega.

b.kv.

Hjörleifur Finnsson


VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐUR

Hjörleifur Finnsson

Þjóðgarðsvörður / Park Manager

Norðursvæði / Northern Territory Vatnajökull National Park

Jökulsárgjúfur, Ásbyrgi, 671 Kópasker

hjorleifur@vatnajokulsthjodgardur.is

Sími/tel +354 470 7101

Gsm/mobile +354 842 4360

Fax +354 470 7109

www.vatnajokulsthjodgardur.is

Preliminary suggestions regarding the provisions for seals and whales within new legislation for Iceland

Russell Leaper and Vassili Papastavrou¹

International Fund for Animal Welfare

18th January 2011

Summary

Marine mammals and their habitats are subject to a range of threats that need to be addressed by appropriate environmental legislation. Recognising that Iceland is seeking to harmonise its national legislation with that of the EU, the key provisions of the EU Habitats Directive are briefly discussed. Examples are provided of key UK legislation which transposes the Habitats Directive into UK law, together with new Scottish seal legislation. Equivalent provisions in Iceland could most effectively fall under the remit of the Ministry of Environment.

Detailed information on the relevant UK, EU and US legislation can be provided on request.

Required legislation to address the full range of threats to marine mammals

Marine mammals are subject to a range of threats (such as disturbance, pollution – including noise pollution, habitat loss) in addition to the fisheries-related threats of entanglement and directed takes. Most of the legislation required to protect marine mammals and their habitats from these threats will fall within the scope of the Ministry of Environment. Although the Ministry of Fisheries may take responsibility for managing directed takes, legislation needs to include management objectives that take into account the wider environmental implications, including impacts on other users such as the whale watching industry. This could most effectively be achieved by including marine mammal legislation under the remit of the Ministry of Environment. In England and Wales, marine mammals are the responsibility of the Department for Environment, Food and Rural Affairs which includes both fisheries and environment.

Examples of EU and UK cetacean legislation

The EU Habitats Directive (Council Directive 92/43/EEC of 21 May 1992 on the conservation of natural habitats and their wild fauna and flora)², together with the Birds Directive, “forms the cornerstone of Europe’s nature conservation policy”³. The Habitats Directive treats all species of cetacean as species of Community Interest in need of strict

¹ For further information please contact VPapastavrou@ifaw.org

² For the text see <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=CELEX:31992L0043:EN:HTML>

³ http://ec.europa.eu/environment/nature/legislation/habitatsdirective/index_en.htm

protection⁴ meaning that they are endangered, vulnerable, rare or in need of particular attention. Member states are required to monitor the status of cetaceans and “establish a system of strict protection”⁵.

Other EU legislation regarding cetaceans includes the Council Regulation concerning the monitoring of incidental catches of cetaceans in fisheries and the mandatory use of acoustic deterrent devices⁶.

Member states are required to transpose EU law such as the Habitats Directive into national legislation and in the UK the primary instrument for this is the 1981 Wildlife and Countryside Act⁷. Key provisions in the Act implement the requirements of the Habitats Directive. Since the passing of the Act, there have been various amendments to the Act, the most important of which is the Countryside and Rights of Way (CROW) Act 2000⁸ which applies to England and Wales and the corresponding Nature Conservation (Scotland) Act 2004.

Icelandic legislation currently allows for directed takes of fin and minke whales. Other less abundant species unlikely to be subject to direct takes are still not given the same level of protection within Icelandic legislation as agreed by international bodies. For example, the Convention on Trade in Endangered Species (CITES) includes the blue whale on the list of species for which international trade is prohibited. Iceland is the only country among the 160 parties to CITES that has taken out a reservation on blue whales and so is not bound by restrictions on trade. The Berne Convention on the Conservation of European Wildlife and Habitats was ratified by Iceland in 1993, but with a reservation on several whale species, including blue whales, bowhead whales and the critically endangered northern right whale. There have been only a handful of sightings of right whales in Icelandic waters in the 20th Century following the hunting to near extinction of this species which was once abundant throughout the North Atlantic. Aside from the issue of commercial whaling, Icelandic legislation should be moved more into line with international cetacean conservation efforts, recognising that some species remain severely depleted.

Examples of UK seal legislation

In common with the UK and other countries bordering the North Sea, Iceland has populations of grey and harbour seals. These are subject to a variety of threats including directed takes and bycatch by fisheries.

Until the recent development of new marine legislation, seal conservation laws in the UK were several decades old and did not provide a useful model for Iceland to consider. However, the Scottish government has recently passed new legislation to replace the 1970

⁴ Cetaceans and other species in need of strict protection are listed in Annex IV of the Habitats Directive

⁵ Article 12, *inter alia* prohibits all forms of deliberate capture and killing; deliberate disturbance, particularly during the period of breeding rearing, [hibernation] and migration, prohibition of keeping or sale of specimens taken from the wild. There is also a requirement to monitor incidental capture and killing and act on the information gathered by taking further research or conservation measures to “ensure that incidental capture and killing does not have a negative impact on the species concerned”.

⁶ Regulation 812/2004 laying down measures concerning incidental catches of cetaceans in fisheries and amending Regulation (EC) No 88/98

⁷ <http://www.incc.gov.uk/page-1377> For Part 1 of the Act see

http://www.incc.gov.uk/PDF/waca1981_part1.pdf

⁸ <http://www.incc.gov.uk/page-1378>

Conservation of Seals Act. Key aspects of the new Marine (Scotland) legislation⁹ are that seals may only be killed under licence and that all such kills must be reported. Licences may be granted to protect the health and welfare of farmed fish or to prevent serious damage to fisheries or fish farms. Before granting a licence, information is required on the extent of the problem and potential non-lethal alternatives to prevent damage. Scientific advice is required to set the maximum numbers of seals that may be killed. Harassing a seal (intentionally or recklessly) at a haul-out site is also an offence. England and Wales also have new marine legislation under consultation.

Seals-fisheries conflicts are the subject of much discussion. Yet, due to the complexities of the marine environment, it remains unclear whether culling marine mammals would result in increased fisheries yields for fishermen. A recent example of the discussion is the EU parliament note on Potential Solutions to Seal-Fisheries Conflicts¹⁰. Section 5.2 of the document describes the results of a controlled hunting experiment in Sweden which showed no effect on the frequency of subsequent gear damage.

⁹ <http://www.scotland.gov.uk/topics/marine/seamanagement/marineact> Part 6 of the Marine (Scotland) Act refers to the conservation of seals.

¹⁰ The document is available on <http://www.europarl.europa.eu/studies> by typing "seal" as a keyword.



LANDSSAMBAND

ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

Umhverfisráðuneytið
Menja von Schmalensee, nefndarformaður
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. október 2010
Mál nr. 1010001

Efni: Nefnd um lagalega stöðu villtra fugla og villtra spendýra

Nýskipuð nefnd um lagalega stöðu villtra fugla og villtra spendýra hefur gefið kost á að koma ábendingum á framfæri við nefndina sbr. bréf formanns nefndarinnar frá 17. september 2010.

Erindisbréf nefndarinnar fylgdi ekki með bréfinu, en óskað var eftir því við ráðuneytið að það yrði sent, sem gert var. Samkvæmt erindisbréfinu er aðalverkefni nefndarinnar að endurskoða lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Vinna nefndarinnar á ekki að takmarkast við endurskoðun laga nr. 64/1994, heldur á hún einnig að skoða málefni sela og hvala með hliðsjón af kröfum um dýraverndunarsjónarmið alþjóðlegra samninga sem Ísland er aðili að.

Af gefnu tilefni viljum við koma nokkrum ábendingum á framfæri:

Umhverfisráðuneytið fer með þau málefni sem lúta að lögum nr. 64/1994, en þau lög gilda ekki um hvali skv. 2. gr. laga nr. 64/1994. Um hvali gilda sérlög nr. 29/1949 og falla málefni hvala undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið. Samkvæmt framlagðri málaskrá ríkisstjórnarinnar hefur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra ákveðið að leggja fram frumvarp til nýrra laga um hvali á þessu þingi. Starfsvið nefndarinnar verður þannig að taka mið af reglugerð um stjórnarráð Íslands nr. 177/2007 sem skiptir verkum á milli ráðuneyta í stjórnarráðinu.


Samkvæmt erindisbréfinu á að leggja sérstaka áherslu á náttúrvernd við vinnu nefndarinnar. Í þessu ljósi verður að minna nefndina á að Ísland hefur haldið fram rétti sínum sem strandveiðiríki samkvæmt Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna og sjálfstæðum rétti sínum til nýtingar auðlinda sjávar í alþjóðasamningum. Mikilvægt er að staðinn sé vörður um réttindi Íslands á alþjóðavettvangi, enda um mikilvæga þjóðhagslega hagsmuni að ræða.

Ísland hefur tekið upp margvísleg lög og reglur á sviði umhverfismála eftir reglum Evrópusambandsins. Endurskoðun laga nr. 64/1994 getur ekki verið aðlögun að umhverfisrétti ESB og regluumhverfi sambandsins, þar sem Ísland hefur ekki skuldbundið sig til þess. Það hefur verið rík tilhneiging í stjórnarráðinu að taka upp regluverk ESB, án þess að huga að hvort slíkt sé nauðsynlegt skv. lögum eða

æskilegt með hlíðsjón af íslenskum aðstæðum. Sem dæmi má nefna að
flugtúlskipunin eða búsvæðatúlskipunin eru sérstaklega undanþegnar EES
skuldbindingum Íslands gagnvart ESB.

Það er jákvætt að gefið sé tækifæri á að koma með ábendingar í upphafi vinnu
þessarar nefndar, en það getur ekki talist samráð. Ef um samvinnu og samráð á að
vera, þá væri eðlilegt að endurskoða skipun nefndarinnar og bjóða hagsmunaaðilum
utan stjórnarráðsins að borðinu.

Virðingarfyllt,



Friðrik Friðriksson, hdl.



Til: "'thorunn.elfa.saemundsdottir@umh.stjr.is'" <thorunn.elfa.saemundsdottir@umh.stjr.is>,
Cc: "menja@nsv.is" <menja@nsv.is>,
Bcc:
Efni: RE: varðar samráð vegna athugunar á lögalegri stöðu villtra fugla og villtra spendýra
Frá: María Magnúsdóttir Sýslumaður Snæfellinga <maria@syslumenn.is> - Tuesday 19.10.2010 10:52

History: This message has been replied to.

Sælar. Undirrituð óskar eftir því fyrir hönd forsætisráðuneytisins sem fer með málefni þjóðlendna sbr. lög nr. 58/1998 að skoðað verði sérstaklega ákvæði 8.gr. laga nr. 64/1994 sem fjallar um dýraveiðar í almenningum og á afréttum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Fyrirvarinn um eignarréttarlega stöðu hefur verið settur vegna vafa um eignarréttarlega stöðu sem var fyrir hendi en sú staða hefur verið að skýrast með úrskurðum óbyggðanefndar. Nú eru sem sagt til þjóðlendu þar sem sérstaklega hefur verið sýnt fram á "afréttaeign" einnar eða fleiri jarða". Hins vegar eru menn ekki sammála um túlkun á þessu og þá sérstaklega með vísan til þess hvort það hafi verið tilgangur löggjafans að rýra rétt almennings. Það er því ljóst að þetta þarf að skoða og óskum við eftir því að fá að koma að umræðum um þetta ákvæði. Einnig tel ég rétt að skilgreining á orðinu þjóðlenda komi fram í 1. Kafli laganna um orðskýringar.

María Magnúsdóttir,
lögfræðingur þjóðlendumála og
umsýsla vatns- og jarðhitaréttinda í eigu ríkisins
sýslumanni Snæfellinga,
Borgarbraut 2 - 340 Stykkishólmur

S: 4304100 Fax: 4304101
GSM: 8922621

maria@syslumenn.is



Melrakkasetur Íslands

Fyrardal – 420 Súðavík

www.melrakki.is
melrakki@melrakki.is
456-4922 / 862-8219

Súðavík 15. október 2010

Berist til:

Nefndar um lagalega stöðu
villtra fugla og villtra spendýra
Umhverfissráðuneytinu
Skuggasundi 1, 150 Reykjavík

Komið þið sæl

Ég heiti Þister Rut Unnsteinsdóttir og er forstöðumaður Melrakkaseturs Íslands í Súðavík. Ég þakka fyrir að lá að koma á framfæri ábendingum til nefndarinnar. Ég set hér fram nokkur áhersluatriði sem ég tel mikilvægt að höfð séu í huga varðandi það dýr sem við vinnum með á mínu svæði, nefnilega melrakkann.

Um Melrakkasetrið

Melrakkasetur Íslands er fræðasetur sem helgað er melrakkanum (tófunni), eina upprunalega landspendýrinu á Íslandi. Fyrirtækið var stofnað haustið 2007 en opnaði í sumar sýningu þar sem ýmis fræðsla er í boði um líffræði tegundarinnar, stöðu á heimsvísu, rannsóknir, nýtingu og veiðar.

Melrakkasetrið tekur cinnig virkan þátt í rannsóknum á tegundinni á Vestfjörðum, í samstarfi við Náttúrustofu Vestfjarða, Háskóla Íslands og fleiri hagsmunaaðila. Þannfremur er Melrakkasetrið þátttakandi í alþjóðlegu verkefni um þróun sjálfbærrar náttúrulífstengdrar ferðaþjónustu (sustainable wildlife tourism) og sinnir leiðsögn og fræðslu fyrir leiðsögumenn og ferðaþjóna.

Þfnið sem selt er fram á sýningunni er ýmist fengið frá opinberum aðilum (t.d. Byggðasafni Vestfjarða) eða einstaklingum (t.d. afkomendum veiðimanna og ljósmyndurum) en cinnig úr ritrýndum vísindagreinum og öðrum birtum gögnum. Rannsóknargögn frá Páli Hersteinssyni skipa stóran sess á sýningunni enda er þar á ferðinni dýrmætur gagnabanki varðandi líffræði tegundarinnar sl. 30 ár. Þessi þekking er til vegna góðrar samvinnu milli veiðimanna og vísindamanns í tiltölulega langan tíma. Góð samvinna og skráðar upplýsingar eru nauðsynlegir þættir fyrir slíka þekkingaöflun.

Á sama hátt hefur Melrakkasetrið leitast við að vera í góðu sambandi við veiðimenn til að geta gert þeirra þætti skil á sýningunni enda hafa refaveiðar verið stundaðar hér frá öröfi alda og eru mikilvægur þáttur í sögu byggðar í landinu.

Refir í ferðahjómustu á Vestfjörðum

Melrakkinn var áður verðmætur vegna feldarins en skinn af villtum refum hafa ekki verið tekjulind fyrir þjóðina í áratugi. Í staðinn hafa refaveiðar kostað hin smáu sveitafélög á Vestfjörðum milljónir á ári í langan tíma.

Markmið Melrakkasetursins er að snúa þessari stefnu við og gera vestfirðingum kleift að hafa tekjur af tófunni á sjálfbæran hátt. Um er að ræða samstarf um vöruþróun í náttúrulífstengdri ferðahjómustu sem gengur út á að skapa tekjur af villtu dýralífi á Vestfjörðum á sjálfbæran hátt. Þó tófan sé sú dýrategund sem lögð er áhersla á í þróun verkefnisins, er dýralífið í heild sú auðlind sem unnið er með því hér eru fleiri dýr sem gestir svæðisins hafa áhuga á að sjá, svo sem fuglar, selir og hvalir. Samstarfsaðilar Melrakkasetursins innan fjórðungsins eru Náttúrustofa Vestfjarða, Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands í Bolungarvík, Hornstrandastofa, Vesturferðir og Borca Adventures. Styrktaraðili er Vaxtarsamningur Vestfjarða (sjá meðfylgjandi áætlun í viðhengi).

Verkefnið köllum við „Villt dýr að féþúfu“ og er hluti af stærra verkefni sem kallast „The Wild North“ og gengur út á að byggja upp og þróa sjálfbæra náttúrulífstengda ferðahjómustu á norðuslóðum þar sem dýr eru aðal aðráttaraflið. Verkefnið snýst um að sýna ferðamönnum dýr (seli, hvali, refi og fugla) í náttúrulegu umhverfi. Sjálfbærnin byggir á því að dýrin eru sýnd ferðamönnum en jafnframt er leitast við að valda sem minnstri röskun á búsvæðum þeirra og afkomu. Þar með er dýrunum og þeim sem starfa við greinina tryggð afkoma til lengri tíma. Þátttakendur verkefnisins eru frá Íslandi, Grænlandi, Færeyjum og Noregi en ráðgjafi verkefnisins er frá Skotlandi. Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á heimasíðu þess: www.thewildnorth.org.

Á Íslandi er melrakka að finna um allt land þó þéttleiki þeirra sé líklega mestur á Vestfjörðum (sökum hlutfallslega langrar strandlengju og stórra fuglahjarga) en líklegast er hvergi eins mikið af aðgengilegum refum og á Friðlandi Hornstranda. Vestfirðir eru því tilvalinn vettvangur fyrir uppbyggingu ferðahjómustu sem beinist að melrakkanum, eina upprunalega landspendýri Íslands, sem einkennisdýri svæðisins. Þar gegnir Friðlandið á Hornströndum lykillhlutverki. Ferðahjónar á svæðinu hafa nýtt sér refina sem aðráttarafli og vekja þeir sífellt meiri athygli og væntingar meðal ferðamanna. Melrakkinn er fágæt skepna og gegnir mikilvægu hlutverki í vistkerfi landsins sem hefur þróast og aðlagast á löngum tíma en tekur nú breytingum sem enginn sér fyrir endann á. Þessar staðreyndir vekja athygli ferðamanna sem sækjast í sláuknum mæli eflir því að fá að sjá þetta fágæta dýr í sínum náttúrulegu heimkynnum.

Af þessu má sjá að refurinn er nú þegar orðinn auðlind í ferðahjómustu og mikilvægt að hafa það í huga við gerð verndaráætlana og við skipulag veiða á tegundinni í tíma og rúmi.

Lög og reglugerðir

Samkvæmt núgildandi lögum er gert ráð fyrir að villt dýr í náttúru Íslands njóti verndar og að fara skuli um búsvæði þeirra með varkárni og forðast óþarfa truflun. Sérákvæði eru um það hvernig gengið skuli um greni á grenjalíma, sem er skilgreindur tím frá 1. maí til 31. júlí.

Þessi ákvæði í lögnum gagnast bæði dýrunum sjálfum en ekki síður þeim sem þurfa að fylgjast með viðgangi stofnsins á hverju svæði. Vöktun vegna rannsókna og grenjavinnslu er hagkvæmari í framkvæmd ef dýrin halda sig við sömu svæðin ár eftir ár. Röskun á heimahögum dýranna getur valdið því að þau finna sér nýja bústaði, sem gerir vöktun og eftirfylgni flóknari og erfiðari.

Lögin gera jafnframt ráð fyrir ákveðinni grunnþekkingu þar sem markmið þeirra er að tryggja viðgang og fjölbreytni dýrastofna. Það er ljóst að víða er skortur á nauðsynlegri þekkingu og óvíst að unnið sé

samkvæmt þessum markmiðum. Melrakkasetrið er tilbúið til að leggja sitt af mörkum til að afla þeirrar grunnþekkingar sem þarf til og taka þátt í gerð verndaráætlana fyrir viðkvæm svæði í samstarfi við þá sem koma að þessum málaflökki.

Ferðamaðurinn er meðvitaður um og gerir ráð fyrir því að til séu lög og reglugerðir um dýravernd og ábyrga ferðamennsku. Gestir okkar gera einnig ráð fyrir því að hér á landi sé tryggt að farið sé eftir lögum og að dýralífs-ferðamennska og veiðar séu skipulagðar með hliðsjón af skynsemi, þekkingu og fagmennsku.

Eftirfylgni er eitt brýnasta atriðið í þessum málaflökki þar sem gerðar eru miklar kröfur til þeirra sem stunda veiðar á vegum opinberra aðila. Lög og reglur eru til staðar en eftirfylgnin ekki eins skýr. Sé þeim kröfum sem settar eru fram í lögum þessum ekki fullnægt ætti að liggja fyrir áætlun um leiðir til úrbóta fyrir yfirvöld.

Á sama hátt og gert er um veiðar, þarf einnig að gera kröfur til þeirra aðila sem sýna villt dýr í atvinnuskyni. Þetta er nýr málaflokkur á Íslandi en einn helsti vaxtarbroddurinn í ferðamennsku í heiminum í dag. Þeir sem ferðast um heiminn til að skoða náttúru og dýralíf gera síauknar kröfur um ábyrga ferðamennsku og vilja fá staðfestingu á því með einhvers konar vottun.

Það er því orðið tímabært að setja reglur eða nk. „guidelines“ um það hvernig má sýna dýrin í náttúrulegu umhverfi en jafnframt því að virða lög og reglur um dýravernd. Verkefni „*The Wild North*“ er einmitt að semja slíkar leiðbeiningar og þróa vottunarkerfi með eftirfylgni. Þessar reglur eru unnar skv. niðurstöðum rannsókna sem fara fram á hverju svæði og ganga út á að meta áhrif ferðamanna á viðkomandi dýrahópa. Þar sem þáttakendur koma m.a. frá opinberum stofnunum ætti þessi vinna einnig að nýtast þeim sem vinna að endurskoðun laga um dýravernd.

Eins og hér kemur fram er brýnt að sömu reglur gildi um alla þá sem fara um náttúruleg búsvæði refa, að þeir valdi sem minnstri röskun og hafi ekki neikvæð áhrif á viðkomu þeirra dýra sem þeir umgangast, hvort sem er í frístundum sínum eða starfi.

Staða tegundarinnar

Taka þarf tillit til þeirrar staðreyndar að Ísland er eyja í miðju Atlantshafi og að hér höfum við láfbreytt en afar sérstakt dýralíf sem vekur athygli á heimsvísu. Það er undantekning frekar en regla að á slíkum eyjum sé að finna spendýr á landi utan þau sem koma með mönnum. Hér höfum við eina slíka tegund sem Ísöld skapaði og varð hér eftir þegar Ísland einangraðist eftir að hlýna tók.

Á heimsvísu eru melrakkar víða undir sérstöku eftirliti vegna beinna og óbeinna áhrifa loftslagsbreytinga en þess ber að geta að tegundin er í bráðri útrýmingarhættu í Skandinavíu og hafa verið stranglega friðaðir í Noregi og Svíþjóð í um áttatíu ár. Í öllum þeim löndum þar sem tegundin býr eru stundaðar reglubundnar rannsóknir og vöktun. Árið 2007 var sett í gang alheims verkefnið „International Polar Year“ og á vegum þess fóru fram gríðarlega stór rannsóknaverkefni um málefni norðurlóða, bæði hvað varðar náttúru og mannlíf. Meðvituð ákvörðun var tekin af íslenskum stjórnvöldum að taka ekki þátt í þessu verkefni. Með því misstum við af tækifæri til að skiptast á þekkingu og bera stöðu Íslenskrar náttúru og menningu saman við norðlægari svæði. Íslendingar eiga þó sinn fulltrúa í hópi þeirra vísindamanna sem rannsaka tófuna á heimsvísu því Páll Hersteinsson er meðal þeirra fremstu í þeim hópi. Undirritaðri, fyrir hönd Melrakkasetursins, var boðið að taka þátt í alheims ráðstefnu um líffræði tegundarinnar Arctic Fox Biology conference í febrúar 2009, ásamt Páli og um 70 öðrum vísindamönnum frá 8 löndum. Þátttaka okkar er gríðarlega mikilvæg til að hægt sé að skoða náttúruna í samhengi.

Alþjóðlega náttúruverndarráðið (IUCN) gaf í fyrra út skýrsluna „*Species and climate change: More than just the Polar Bear*“ en þar kemur fram að tófan er ein af 10 tegundum sem sérstaklega ætli að fylgjast með til að skoða áhrif loftslagsbreytinga á dýralíf. Íslendingar ættu að eiga fulltrúa í IUCN og leggja sitt af mörkum varðandi rannsóknir og gagnaöflun. Þetta er sérstaklega brýnt því lega landsins gerir okkur að mikilvægu samanburðarsvæði í rannsóknum á áhrifum loftslagsbreytinga á lífríkið (skýrsla IUCN fylgir með í viðhengi).

Við höfum skyldum að gegna gagnvart heimsbyggðinni þess eðlis að afla sem mestrar þekkingar og sinna vöktun á melrakkanum, sem er í gjörgæslu í löndunum í kringum okkur og undir sérstöku eftirliti á heimsvísu. Sem betur fer virðist íslenski stofninn sterkur en hversu sterkur er hann? og hvaða áhrif hafa breytingar í lífríkinu, sem hann gegnir svo mikilvægu hlutverki í, á afkomu hans til frambúðar?

Veiðar

Að mati Melrakkaseturs Íslands eru ákvarðanir um veiðar á refum í fjórðunginum ekki byggðar á faglegu mati og þekkingu sem þarf að liggja fyrir til að uppfylla markmið laganna sem hér um ræðir. Einnig teljum við að erfitt sé að fylgjast með því hvort farið sé eftir þeim lögum og reglugerðum sem þar koma fram, sjá umræður um valda kafla í rammanum hér f. neðan:

IV. kafli. Vernd, friðun¹⁾ og veiðar.

¹⁾Rg. 252/1996.

■ 7. gr. Ákvörðun um að alléttla friðun samkvæmt lögum þessum skal byggjast á því að viðkoma stofns sé nægileg til þess að veða upp á móti allföllum vegna veiða og að með veiðum sé verið að nylja verðmæti í kjöti, skinnum eða öðrum afurðum. Einnig er heimilt að taka tillit til þess hvort viðkomandi dýr valdi tjóni.

Á Vestfjörðum er eitt gríðland refa en það er Friðland Hornstranda sem var stofnað árið 1975. Friðun á ref gekk þó ekki í gildi þar fyrr en árið 1995, án þess að farið hafi fram mat á ástandi refastofnsins og fuglalífi á svæðinu.

Frá árinu 1998 hafa farið fram athuganir á vegum Náttúrustofu Vestfjarða, Háskóla Íslands og undirritaðrar, ásamt alþjóðlegs hóps vísindamanna, m.a. á fjölda óðala í ábúð á öllu Friðlandinu (1999) eða hluta þess. Einnig hafa farið fram talingar í sjófuglabyggðum (Arnþór Garðarsson) og óhefðbundnar fuglaathuganir (óbirt gögn, gögn frá NAVÉ og grein í Blika (2000), ásamt eldri gögnum).

Niðurstöður þessara athugana benda til þess að þéttleiki innan svæðisins sé nokkuð stöðugur á milli ára enda helga þörin sér óðul sem notuð eru ár eftir ár og varin gegn óboðnum gestum. Á Friðlandinu, ásamt öðrum svæðum utan friðlanda, sárvantar þó upplýsingar um afkomu og far ungra refa á fyrsta veltri.

Engin nýting er af veiddum refum á Vestfjörðum (utan þeirrar vörubróunar sem Melrakkasetrið tekur þátt í og áður hefur verið nefnd). Eins og áður hefur komið fram gegnir Friðlandið á Hornströndum þar lykilhlutverki.

Mat á tjóni er yfirleitt huglægt og byggt á veikum grunni án mælinga og gagnaöflunar. Það lítur því út fyrir að veiðar sem sveitafélög greiða fyrir séu ekki skipulögð m.t.t. tjóns af þeirra völdum. Nóg virðist vera að sjá refi til að þeir teljist rétttrápir á kostnað sveitafélagsins. Þessu til staðfestingar eru til gögn

um staðsetningu á nokkrum veiddum dýrum sem greitt var fyrir en þau voru skotin á hlaupum við þjóðveg fjarri lögbýlum, þar sem ólíklegt er að tilvera þeirra hafi valdi nokkru tjóni.

Markmið veiða

... „Markmið þeirra laga sem verið er að endurskoða er að tryggja viðgang og náttúrulega fjölbreytni villtra dýrastofna, skipulag á veiðum og annari nýtingu dýra, svo og aðgerðir til þess að koma í veg fyrir tjón sem villt dýr kunna að valda.“...

Til að ná þeim markmiðum er mikilvægt að fyrir liggja þekking á innviði viðkomandi stofns, hver stofnstærðin er og hvaða þættir það eru helst sem stjórna stofnbreytingum í tíma og rúmi. Enn fremur þarf að þekkja stærðir eins og aldursamsetningu, frjósemi, nýliðun og dánartíðni til að meta hvort veiðar hafi tilætluð áhrif og hvort náttúruleg fjölbreytni sé tryggð á viðkomandi svæði. Það er mjög ólíklegt að þessar upplýsingar liggja fyrir á öllum landsvæðum þrátt fyrir að lögin geri ráð fyrir því.

Greni

VI. kafli. Sérákvæði um veiðar.

■ 12. gr. Refir.

□ Óheimilt er að eyðileggja greni. Ekki má láta hunda hlaupa um á greni á grenjatímanum né hafa þar óþarfa umgang. Sveitarstjórnir skulu halda skrá yfir öll þekkt greni í sínu umdæmi ásamt lýsingu á þeim og skulu afrit af skránum varðveitt hjá [Umhverfisstofnun].¹⁾

Eins og áður hefur komið fram er verndun á grenjum mjög mikilvæg, ekki síst vegna þess að þannig er einfaldara að hafa eftirlit með ábúð og meta þéttleika en einnig af verndunarástæðum. Skráning og lýsing á grenjum er einnig mjög brýn en þessar upplýsingar liggja almennt ekki fyrir hjá sveitafélögum.

Þó þessi lög séu um veiðar, eiga þær fullkomlega við á Friðlandi Hornstranda og öðrum svæðum þar sem refaveiðar eru ekki stundaðar. Ástæða er til að taka þetta ákvæði til sérstakrar umfjöllunar þar sem það á við í víðara samhengi.

Verkefni um rammsóknir á refastofnunum á vestfjörðum:

Melrakkasetrið hefur gert áætlun um að auka skráningu og rammsóknir á veiddum refum á Vestfjörðum í samstarfi við Háskóla Íslands (Páll Hersteinsson), Náttúrustofu Vestfjarða (Þorleifur Eiríksson) og sveitafélög á Vestfjörðum, í samráði við Fjórðungssamband Vestfjarða og Veiðistjórnunarsvið Umhverfisstofnunar. Verkefnið gengur út á að nýta veidd dýr sem rammsóknargögn til að afla upplýsinga um ástand refastofnunar á Vestfjörðum (sjá áætlun um verkefnið í viðauka).

Á Vestfjörðum er líklegast mesti þéttleiki refa á landinu og miklar veiðar hafa verið stundaðar hér í gegnum tíðina. Hinsvegar, samkvæmt upplýsingum frá Páli Hersteinssyni, skila sér hlutfallslega fá refahræ frá Vestfjörðum suður til krufningar.

Auðveldasta og ódýrasta leiðin til að afla upplýsinga um ástand refastofnunar á Vestfjörðum er sú að safna þeim hrægjum sem falla til vegna veiða í fjórðunginum og kryfja þau. Nú þegar höfum við sent

sveitafélögum í fjórðunginum tillögu um framkvæmd slíks verkefnis. Samkvæmt tillögunni er sveitafélagið hvatt til að hætta að greiða veiðimönnum fyrir skott eins og hingað til hefur verið gert. Tekið sé á móti heilum dýrum og gerð sú krafa að meðfylgjandi séu upplýsingar um skotstað og dagsetningu ásamt frekari lýsingum þegar það á við (t.d. hvort dýrið sé skotið við æti eða við greni). Áætlaður tími verkefnisins eru 5 ár. Með þessu hyggjumst við alla lágmarks upplýsinga um refastofninn á Vestfjörðum. Niðurstöðurnar verða síðan nýttar til að hægt sé að skipuleggja veiðar með markvissari hætti en áður hefur verið gert.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra í bili enda er þetta orðið ansi langt bréf, ég vona að mitt innlegg geti komið að gagni við störf ykkar í nefndinni.

Ég óska ykkur alls hins besta og mæti gjarnan á fund til að ræða frekar þau mál sem ég hef talið hér upp.

Virðingarfyllst

Rester Rut Unnsteinsdóttir, Melrakkasetri Íslands, Eyrardal – 420 Súðavík

s. 862-8219 / melrakki@melrakki.is / www.melrakki.is

Fylgiskjöl í viðhengi:

1. Villt dýr að fóbúfu – áætlun um vörupróun í ferðapjónustu (pdf)
2. Skýrsla IUCN um tegundir og lofslagsbreytingar (pdf)
3. Áætlun um rannsókn á refum á Vestfjörðum (pdf)

Umhverfissráðuneytið
Menja von Schmalensee
Þórunn Elfa Sæmundsdóttir
Skuggasundi 1
150 REYKJAVÍK

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ	
UMH	10060126
Mótt.	- 1. NOV. 2010
Brf.	0210-10 Ab.

Garðabær, 27. október 2010
2010090008/42-4-0
TB/KHS
jgo/tb

Samráð vegna endurskoðunar laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum

Vísað er til bréfs frá nefnd um endurskoðun laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum (villidýralaganna), dags. 17. september sl., þar sem óskað er eftir ábendingum um atriði sem betur mættu fara í framangreindum lögum svo markmið þeirra séu uppfyllt. Fram kemur í bréfi nefndarinnar að nefndin eigi einnig að skoða hvernig dýravernd er best fyrir komið.

Almennar ábendingar

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að margt megi betur fara í lögum nr. 64/1994. Í þessum athugasemdum er miðað við að endurskoðun fari fram á núverandi lögum. Það má hins vegar vel velta því upp hvort ekki sé eðlilegra að lög sem fjalla um vernd og/eða veiðar á lifandi „auðlindum“ séu ein lög og að um sé að ræða lög sem ná til allra dýra (þ.m.t. spendýr til lands og sjávar, fiska og hryggleysingja). Allar almennar meginreglur um vernd og sjálfbæra nýtingu geta t.d. verið hluti af lögum um náttúruvernd, frekar en að lögum um þessi málefni sé dreift út um allt stjórnkerfið að því er virðist meira eftir atvinnustarfsemi og/eða hagsmunahópum og ráðuneytaskiptingu. Það er t.d. erfitt að finna rök fyrir því, önnur en hagsmuni einstakra hópa, að spendýr eins og hvalir og selir heyri ekki undir lög nr. 64/1994 og njóti almennra viðmiða um vernd og veiðar.

Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf því að breyta lögum nr. 64/1994 þannig að þau taki til allra spendýra og fugla, þar á meðal sjávarspendýra sem nú eru undanskilin. Verulega þarf að styrkja búsvæðavernd tegunda eða/og tengja betur við náttúruverndarlög t.d. þarf að vera ófrávíkjanlegt að lykilsjúsvæði friðaðra tegunda sem eiga undir höggstað að sækja njóti verndar. Fella þarf úr gildi veiðitilskipun konungs frá 1849, lög um selaskot á Breiðafirði og uppiðráp nr. 30/1925 og lög um útrýmingu sels í Húnaósi nr. 29/1937 og endurskoða lög um hvalveiðar nr. 26/1949.



Lagaumhverfi sela hér við land er óviðunandi. Þegar lög nr. 64/1994 voru sett stóð til að setja í þau heildstæð ákvæði um seli eins og um önnur spendýr og fugla, en þá kom upp ágreiningur á milli þriggja ráðuneyta um vistun sela í stjórnkerfinu, ráðuneyta landbúnaðar, sjávarútvegs og umhverfismála. Niðurstaðan varð að tillögu þáverandi umhverfisráðherra að fresta ákvörðun um sel "fram á haustið" og nota komandi sumar til að ná samkomulagi ráðuneyta um málið. Af þessu varð ekki og hefur selur því að vissu leyti verið umkomulaus í stjórnkerfinu um langt skeið ólíkt öðrum dýrum. Náttúrufræðistofnun mælist eindregið til þess að sett verði í lög heildstæð ákvæði um seli sem tryggji vernd þeirra með viðunandi hætti og að leyfðar nýttjar verði sjálfbærar. Stofnunin telur að villidýralögin séu hinn rétti vettvangur fyrir slík ákvæði enda taka þau til fugla og spendýra.

Verndarþætti villidýralaganna er ábótavant. Í markmiðssetningu laga nr. 64/1994 er eingöngu fjallað um að vernda viðgang og fjölbreytni villtra dýrastofna en ekki er fjallað um búsvæði þeirra. Tengt þarf vernd og nýtingu lífríkis Íslands, þar undir búsvæði, vistgerðir og vistkerfi, við t.d. samninginn um vernd líffræðilegrar fjölbreytni, Bernarsamninginn og Ramsarsamninginn. Leggja þarf áherslu á að helstu skilgreiningar og viðmið samninganna sé að finna í lögum eftir því sem við á. Hér þarf að gæta samræmis við náttúruverndarlög. Marka þarf skýra stefnu um að veiðar á t.d. fuglum séu fyrst og fremst til eigin nota, séu sportveiði, en ekki atvinnuveiðar.

Athyglisvert er að fyrst í 6. gr. laganna er að finna grundvallar ákvæði þeirra þ.e. *Villt dýr, þar með talin þau sem koma reglulega eða kunna að berast til landsins, eru friðuð nema annað sé tekið fram í lögum þessum.* Eðlilegra væri að þetta ákvæði heyrði undir markmið laganna sbr. 2. gr.

Lög nr. 64/1994 eru rammalöggjöf eins og þau eru í dag og allt of mörgu er vísað til reglugerða sem sumar hverjar hafa ekki enn verið settar þrátt fyrir skýra lagaskyldu, t.d. um kaup, sölu, innflutning og útflutning. Fara þarf rækilega yfir allar reglugerðir og setja þá hluta þeirra inn í lögin sem flokka má sem megin ákvæði. Ef þetta er ekki gert þarf að endurskoða allar reglugerðir sem settar eru skv. lögum nr. 64/1994 og uppfæra þær. Skoða þarf að fækka reglugerðum eins og kostur er og setja almenn viðmið í lögin sjálf. Nefna má t.d. að engin viðmið er að finna um veiðiaðferðir / veiðigildir þ.e.a.s. ekki hafa verið settar t.d. reglur um hvað það er sem ákveður hvort nota megi nýjar tegundir af veiðigildrum s.s. út frá mannúðarsjónarmiðum, lengd dauðastríðs dýra o.s.frv. Skýra þarf reglur um notkun eiturefna þannig að almenna reglan sé algjört bann við notkun eiturefna. Refsiákvæði í flestum reglugerðum eru ófullnægjandi eins og fram hefur komið í þeim dómum sem fjalla um brot á gildandi lögum.

Sértækar ábendingar

3. og 4. gr. laga nr. 64/1994

Í 3. mgr. segir m.a.: *Í þeim tilvikum sem ákveðið er að aflétta friðun skal Umhverfisstofnun gera tillögur til umhverfisráðherra um stjórn og framkvæmd veiða á stofnum villtra fugla og spendýra, sbr. 7. gr., að höfðu samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands.* Þetta þarf að laga og skýra betur hlutverk mismunandi stofnana. Hér skal aðeins haft samráð við Náttúrufræðistofnun sem er sú stofnun sem skal meta ástand stofna og gera tillögur um vernd



þeirra og hvort þeir þoli veiðar sbr. 4. gr. Það hlýtur einnig að vera hluti af stjórn veiða að meta hvernig veiðarnar fari fram og ber því Náttúrufræðistofnun að leggja til bæði magn og veiðiaðferðir sbr. til dæmis veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar. Tillögur um vernd og mat á ástandi stofna og hvort þeir þoli veiðar verða að vera heildstæðar og því bera að gera hlutverk Náttúrufræðistofnunar víðara sbr. 4. gr. og sbr. hlutverk stofnunarinnar skv. lögum og skerpa aflur á móti á eftirlitshlutverki Umhverfisstofnunar og frumkvæði til að bregðast við og þarf þá að auka heimildir stofnunarinnar til að gera t.d. veiði og veiðitæki upptæk.

Í 4. mgr. 3. gr. villidýrallaganna er fjallað um samráð umhverfisráðherra við ýmis samtök um stefnumótandi mál er varða vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Þetta samráð þarf með einhverjum hætti að formfesta.

Taka þarf til endurskoðunar hvernig megi gera leiðbeinandi hlutverk t.d. Umhverfisstofnunar virkt vegna tjóns af völdum villtra dýra, sbr. 5. mgr. 3. gr. Þetta ákvæði hefur í raun verið að mestu óvirkt frá setningu laganna og sérþekking og notkun hennar takmörkuð hjá stofnuninni í þessum málaflokki. T.d. hafa ekki verið haldin námskeið um þetta efni en þekkt er sú krafa að fá að skjóta t.d. álfir og gæsir í túnnum.

5. gr. laga nr. 64/1994

Grcinin er orðin úrelt þar sem BirdLife International eru nú fjáls félagasamtök án aðkomu ríkisstjórna eins og áður var.

6. og 7. gr. laga nr. 64/1994

Þessar græinar þarf að gera mun skýrari. Þetta á t.d. um ákvæði um veiðar á dýrum sem valda tjóni. Sérstaklega þarf að útlista með hvaða hætti skuli sýna fram á og meta tjón. Í þessu sambandi er rétt að benda á reglulegar ályktanir frá Búnaðarþingum um að leyfa skuli veiðar á gæsnum og álfum sem valda tjóni í túnnum sbr. bréf til umhverfisráðuneytisins frá Bændasamtökunum 14. október sl. Þetta leiðir allur hugann að síðustu mgr. 3. gr. laganna sem er að mestu óvirk eins og málum er háttað í dag.

Skýra þarf út hvaða reglur gilda t.d. um dýr sem er sleppt / dreift út í íslenska náttúru með ólöglegum hætti eða óviljandi (sbr. t.d. 41. gr. laga um náttúruvernd) t.d. kanínur. Það þurfa að vera skýr ákvæði um að slíkum dýrum megi og jafnvel skuli cyða. Hafa þarf skýrar reglur um svokölluð feral dýr „frávillinga“ og dýr sem berast til landsins t.d. í gámum eða með öðrum hætti. Einnig þarf að samræma ákvæði hvað þetta varðar við CITES tegundir, þ.e. um verslun/innflutning á dýrum í útrýmingarhættu.

Í 2. mgr. sögir: *Í reglugerðum, sem settar eru samkvæmt tillögum [Umhverfisstofnunar],⁹ skal kveðið á um vernd, friðun og veiðar einstakra tegunda villtra dýra. [Þar skal m.a. kveða á um hvaða tegundir eru alfríðaðar, hverjar er heimilt að veiða, hvar megi veiða þær, gerð og notkun vopna og annarra veiðitækja, veiðiaðferðir, lengd veiðitímabils, sérákvæði vegna hefðbundinna fuglanytja, hvað teljist til fágætra fugla, skylduskil á þeim, umgengni við hreiður þeirra og annað sem máli skiptir.* Hér er um eina meginreglugerð laganna að ræða en sú reglugerð skal sett fram af Umhverfisstofnun sem er alls ekki í samræmi við að það er Náttúrufræðistofnun sem samkvæmt 4. gr. laganna skal setja fram tillögur um vernd og veiðar vegna þess hlutverks sem stofnunin hefur sem fagstofnun á sviði vistfræði. Þetta þarf að laga og samræma sbr. fyrri athugasemdir. Hér má ekki rugla saman því hlutverki að skrifa reglugerð og að gera tillögur að efnisákvæðum reglugerðar.



Villidýralögin og reglugerð við þau um uppstoppun, varðveislu sjaldgæfra, friðaðra fugla, hamskurð o.fl. eru í ólestri, sbr. Héraðsdóm Norðurlands í svokölluðu frystikistumáli frá árinu 2006. Dómurinn sýndi fram á haldleysi villidýralaganna til að taka á vörslu manna á ólöglega veiddum fuglum. Þetta á þó einkum við ákvæði í reglugerð um hamskurð og skylduskil á fuglum. Samkvæmt fyrrnefndum dómi geta menn keypt og selt upptoppaða friðaða fugla átölulaust. Þetta er óviðunandi og gæti verið hvati fyrir menn að drepa strangfriðaða fugla. Rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands á hræjum friðaðra fugla sem fundist hafa á undanförunum árum sýna að fleiri en fimmti hver örn og fjórði hver fálki sem fundist hafa dauðir hafa verið skotnir, sjá <http://www.ni.is/frettir/nr/1265>. Til að koma í veg fyrir að menn geti haft friðaða fugla í vörslu sinni, þarf hreinlega að banna það nema nema með sérstöku leyfi. Það myndi t.d. koma í veg fyrir að menn sleppi refsingarlaust með fullar frystikistur af fálkum.

Einnig hefur ákvæðum í fyrrnefndri reglugerð um skráningu hamskera og skrár þeirra yfir uppstoppaða fugla aldrei verið fylgt eftir. Hamskerar starfa hér því eftirlitslaust en þeir eiga að láta skrá sig hjá Náttúrufræðistofnun og skila árlega skýrslum um þá fugla sem þeir stoppa upp. Aðeins einn hefur skráð sig ennþá (frá 1996!) og þessu máli hefur aldrei verið fylgt eftir.

8. og 9. gr. laga nr. 64/1994

Hér skal aflur bent á að viðmið vantar um t.d. veiðigildir og aðferðir, þ.e.hvað sé lagt til grundvallar því að banna ákveðnar veiðiaðferðir. Fins þarf að tryggja að ákvæði dýrverndarlaga séu virt þegar samþykktar eru einstakar veiðiaðferðir eða gildir til veiða.

Setja þarf almenn ákvæði um veiðar og vernd líffræðilegrar fjölbreytni hér er m.a. bent á „leiðbeiningar“ Bernarsamningsins, http://www.cic-wildlife.org/uploads/media/Hunting_Charter_EN.pdf.

Setja þarf skýrar reglur um bann við notkun eitrefna. Verði undanþágu ákvæði í lögnum þurfa að vera skýrar reglur um í hvaða tilfellum það má nota eitrefni eða gera tilraunir með það. Það þarf þá að vera skýrt hvað þurfi að sýna fram á til að undanþága verði veitt og má þar nefna að t.d. allir eftirfarandi þættir þurfa að vera fyrir hendi þ.e. að öðrum dýrum geti alls ekki stafað hættu af eitrunu, að þau dýr sem eitru á fyrir sé ekki í útrýmingarhættu, að tjón af völdum þeirra dýra sem á að eitru fyrir sé verulegt eða að aðrar aðferðir eru alls ekki mögulegar og rískari hagsmunir kalla á eitrun o.s.frv. Þessi viðmið þarf að ákveða af fagstofnunum og því á að endurskoða „opna“ heimild Umhverfisstofnunar til að veita undanþágur til að nota bannaðar veiðiaðferðir án þess að samráð sé haft við aðra aðila. Þá þarf að tryggja í lögnum að hægt sé að skjóta slíkum ákvörðunum til æðra stjórnvalds og tryggja aðkomu almennings að slíkum kærnum, sbr. Árósasamninginn.

Í 17. lið 9. gr. segir að óheimilt sé að nota: *Vélknúin farartæki, nema báta á sjó til fuglaveiða enda gangi þeir ekki hraðar en nfu sjómilur meðan á veiði stendur. Vélknúin farartæki á landi, [ömur en [vélsleða, fjórhjól og önnur torfærutæki]]*, „má nota til að flytja veiðimenn til og frá veiðilendum og þá eingöngu á vegum eða merktum vegaslóðum“. Þetta ákvæði þarf að endurskoða að mati Náttúrufræðistofnunar og hafa skýrt hvað sé heimilt og hvað ekki og hvar megi aka. Til dæmis þarf að vera skýrt að óheimilt sé að skjóta frá / úr vélknúnum ökutækjum, og að alls ekki megi aka utan vega heldur ekki til að sækja t.d. hrcindýr o.s.frv.



Samkvæmt Bernarsamningnum sem Ísland er aðili að og ESB reglum sem Ísland miðar oft við er einungis leyfilegt að nota báta við veiðar sem hafa hámarkshraða 5 km/klst. Af öryggisástæðum geta t.d. aðildarríki ESB veitt undanþágu til nota á bát með hámarkshraða 18 km/klst. Hér á landi er ekki takmörkun á hve hratt bátar mega komast almennt en þeir mega ekki ganga hraðað en 9 sjómflur á meðan veiðum stendur en það samsvarar nokkurn veginn 18 km/klst. Út frá verndarsjónarmiðum og m.t.t. Íslenskra aðstæðna telur Náttúrufræðistofnun að breyta þurfi lögum nr. 64/1994 til samræmis við framangreint þannig að hámarkshraði við veiðar verði 5 km/klst en að áfram gildi reglan um að hámarkshraði megi vera 18 km/klst.

10. gr. laga nr. 64/1994

Í 1. mgr. greinarinnar segir: *Veiðar skulu óheimilar á svæðum sem eru friðlýst vegna dýralífs. Umhverfisráðherra getur aflétt tímabundið eða rift þeirri friðun að fullu eða gagnvart tiltekinni tegund að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands.* Hér mætti orðalag og markmið vera skýrari þ.e. að umhverfisráðherra geti heimilað veiðar á tiltekinni tegund að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands og að sú heimild þjótí ekki í bága við aðra friðlýsingarskilmála innan svæðisins. Reyndar geta friðlýsingarskilmálar oft verið óljósir sbr. óljós ákvæði margra friðlýsinga um að ekki megi trufla dýralíf og þyrfti þá jafnframt að endurskoða slíka skilmála þegar tækifæri gefst.

11. gr. laga nr. 64/1994

Náttúrufræðistofnun Íslands telur afar brýnt að gert verði að skyldu að skrá veiðar á mink eins og önnur dýr og að minkur falli því aftur undir veiðikort. Þetta á reyndar að eiga við öll dýr þ.m.t. seli og hvali. Auk þess myndi slíkt ákvæði tryggja betur að allir þeir sem stunda minkaveiðar hafi hlotið til þess tilskylda menntun og leiðbeiningar.

Taka þarf til endurskoðunar reglur um gjald af veiðikortum. Eins og málum er háttað í dag úthlutar ráðherra fé til rannsókna af tekjum af sölu veiðikorta að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, án þess að fyrir liggi verklagsreglur eða nokkur opinber stefnumótun um ráðstöfun þessa fjár. Ef um sjóð væri að ræða þyrfti að setja honum stofnskrá og þar fastsetja ákveðið hlutfall sjóðsins til vöktunar á veiðistofnum sem er afar brýnt að mati Náttúrufræðistofnunar. Koma þarf upp heildstæðu vöktunarkerfi fyrir Ísland sem væri þá að hluta fjármagnað af sjóðnum að því leiti sem um væri að ræða veiðistofna. Að mati Náttúrufræðistofnunar á ekki að nota sjóðinn til akademískra rannsókna nema að þær hafi þeim notagildi í samræmi við tilgang sjóðsins. Jafnframt þarf að setja reglur um aðra lögbundna ráðstöfun fjársins þ.e.a.s. til stýringar á stofnum villtra dýra og útgáfu veiðikorta.

12. gr. laga nr. 64/1994

Refur nýtur friðunar í nokkrum friðlöndum í dag, s.s. Hornströndum en í dag er hann að mestu ófriðaður hér á landi (sbr. lög nr. 64/1994) og hvatt til veiða á honum með fjárframlögum. Leggjja þarf áherslu á að veiðar á ref séu leyfðar á sama grundvelli og aðrar veiðar t.d. á fuglum, þ.e. út frá áætluðu veiðipóli og hvort þeir valdi tjóni s.s. í aðavörpum. Erfitt er að réttlæta aðkomu ríkisins að refaveiðum og þátttöku í kostnaði við þær. Þrátt fyrir ákvæði um stjórnun veiðanna af opinberu hálfu hafa einstök sveitarfélög sinnt þessum málaflokki alfarið og hlutverk ríkisvaldsins hefur einvörðungu verið að endurgreiða hluta kostnaðar á grundvelli framlaga á ljárlögum hverju sinni.

13. gr. laga nr. 64/1994

Tryggja þarf að sömu veiðiaðferðir gildi um mink og önnur dýr.



17. gr. laga nr. 64/1994

Í 3. mgr. segir: *Nú hefur umhverfisstjórnun ákveðið að aflétta friðun skv. 1. mgr. og getur hann þá að ósk sveitarstjórnar ákveðið að friðun gildi áfram í tiltekinn tíma á ákveðnum svæðum þar sem umferð veiðimanna er talin óæskileg. Hér má spyrja hvers vegna eingöngu skuli leita álits sveitarstjórnar en ekki fleiri aðila. Einnig er ekki ljóst hvað sé óæskileg umferða veiðimanna. Réttlæt看legt getur verið að grípa til ofangreindra takmarkana en forsenda þess á ekki að vera einvörðungu ósk viðkomandi sveitastjórnar.*

Að mati Náttúrufræðistofnunar á að breyta lögum nr. 64/1994 svo sölubann á villtum fuglategundum (og öðrum dýrategundum eftir því sem við á) verði meginreglan. Skoða verður tegund fyrir tegund og meta út frá stofnstærð, verndarsjónarmiðum og veiðiálagi hvort heimila á sölu. Þetta ákvæði verði endurskoðað með hliðsjón af því hvort mörkuð verði sú stefna í lögnum að veiðar verði fyrst og fremst tómstundagaman, sbr. það sem sagt var um markmið laganna í upphafi þessa bréfs.

18. gr. laga nr. 64/1994

Þessa lagagrein um sérstæka vernd þarf að skýra og skerpa og gera verndarþáttinn markvissari. Til dæmis væri eðlilegra að hafa helstu markmið með sérstakri vernd og skilgreiningu á hvað telst vera sérstök ógn í lögnum sjálfum. Það er t.d. óskýrt hvað sé yfirleitt átt við með sérstakri ógn og hvað slík ógn hafi til að bera umfram ógn yfirleitt. Er t.d. truflun vegna umferðar fólks ógn eða sérstök ógn, er mengun sérstök ógn o.s.frv.

19. gr. laga nr. 64/1994

Skoða þarf þessa grein sérstaklega m.t.t. dóma sem hafa fallið í málum er varða röskun á arnarvarpi. Skilgreina þarf gildi arnarsetra út frá vernd hvort sem þau eru í ábúð eða ekki og þá þarf að vera ljóst hvað sé hreiður og hvað ekki sbr. dóma sem hafa fallið. Einnig þarf vernd arna að vera mun markvissari og segja má að taka eigi fyrir undanþágur sem heimila röskun á arnarvarpi hvort sem er vegna framkvæmda eða landbúnaðar. Í það minnsta á að setja ákveðin viðmið hvað þetta varðar t.d. þar til arnarstofninn er kominn í þá stærð að hann telst ekki lengur vera í hættu. Ekki á að nægja að vísa í framkvæmdir í almanna þágu s.s. byggingu þjóðvega og annarrar mannvirkjagerðar. Almennigur getur haft mjög misjafnar skoðanir á því hvað sé í almanna þágu ekki síst t.d. hvar þjóðvegir eiga að liggja enda hlýtur að vera hægt að ferðast um landið án þess að eyðileggja hreiður fugla / arna í útrýmingarhættu. Laga þarf atriði eins og að í lögnum segir: *Óheimilt er að hrófla við hreiðrum og hreiðurstæðum arna og svæði sem takmarkast af 100 m hringmáli umhverfis, hvort sem er á varptíma eða utan hans.* Hér hlýtur að hafa átt að vera svæði sem afmarkast af 100 m radíus. En spyrja má hvort þetta þurfi ekki að vera enn víðara.

20. gr. laga nr. 64/1994

Að mati Náttúrufræðistofnunar á að breyta lögum nr. 64/1994 á þann veg að réttur til hlunnindanytja gangi ekki framur friðunarákveðnum laganna. Jafnframt þarf að skilgreina hugtakið hlunnindanyting. Einnig þarf að skoða greinina í heild m.t.t. verndar í dag t.d. hvort heimila eigi ungatekju bara vegna þess að hafi verið leyft áður fyrir.

21. gr. laga nr. 64/1994

Endurskoða þarf þessa grein. Til dæmis þarf að gera heimildir eftirlitsaðila víðtækari svo þeim sé gert kleift að bregðast við lögbrotum með fullnægjandi hætti þannig að þau séu stöðvuð. Hér má einnig skerpa á hvað sé átt við með veiðitæki. Til dæmis mætti skoða að



heimila að öll vélknúinn ökutæki séu gerð upptæk hafi þau verið notuð með ólöglegum hætti við veiðar.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson



Ábendingar til nefndar um lagalega stöðu villtra fugla og villtra spendýra

Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994

3. gr., 1. mgr.: „[Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands skulu vera umhverfisráðherra til ráðgjafar og gera tillögur varðandi vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum eftir því sem tilefni er til.“

- Náttúrustofa Austurlands og Hreindýraráð ættu einnig að hafa tillögurétt og vera umhverfisráðherra til ráðgjafar varðandi hreindýr, sbr. 14. gr.

3. gr., 2. mgr.: „Umhverfisstofnun hefur umsjón með og stjórn á þeim aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð og útbreiðslu villtra dýra eða koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum, sbr. VI. kafli. [Í þeim tilvikum sem ákveðið er að aflétta friðun skal Umhverfisstofnun gera tillögur til umhverfisráðherra um stjórn og framkvæmd veiða á stofnum villtra fugla og spendýra, sbr. 7. gr., að höfðu samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands.]1“

- Eðlilegt að Umhverfisstofnun hefði einnig samráð við Náttúrustofu Austurlands og Hreindýraráð um stjórn og framkvæmd veiða, sbr. 14. gr.

4. gr.: „[Náttúrufræðistofnun Íslands stundar rannsóknir á stofnum villtra fugla og spendýra, metur ástand þeirra og gerir í framhaldi tillögur til umhverfisráðherra um vernd og hvort viðkomandi stofn þoli veiðar, sbr. lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.]1“

- Náttúrustofa Austurlands annast vöklun og rannsóknir á hreindýrum, sbr. 14. gr. Þar af leiðandi ætti Náttúrustofan að meta ástand hreindýrastofnsins og gera tillögur til ráðherra um vernd og hvort stofninn þoli veiðar.

7. gr., 2. mgr.: „[Par sem talið er að villt dýr valdi tjóni einhvern tiltekinn tíma árs eða á svæðum þar sem viðkomandi tegundir eru friðaðar samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum byggðum á þeim getur umhverfisráðherra að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, eða hreindýraráðs að því er varðar hreindýr, veitt tímabundið leyfi til veiða í því skyni að koma í veg fyrir tjón.“

- Náttúrustofa Austurlands ætti einnig að veita ráðherra umsögn varðandi hreindýr, sbr. 14. gr.

7. gr., 4. mgr.: „Umhverfisráðherra getur að fenginni umsögn [Náttúrufræðistofnunar Íslands]2 veitt undanþágur til veiða á villtum dýrum sem njóta friðunar eða verndar ef nota á þau við rannsóknir, fyrir söfn og dýragarða eða til ræktunar og undaneldis.“

- Náttúrustofa Austurlands og Hreindýraráð ættu að veita ráðherra umsögn varðandi hreindýr, sbr. 14. gr.

7. gr., 5. mgr.: „Náttúrufræðistofnun Íslands má án sérstakrar heimildar láta veiða allar tegundir fugla, þar á meðal friðaðar tegundir, og safna eggjum handa stofnuninni hvar sem er og án þess að endurgjald komi fyrir, enda sýni viðkomandi skilríki verði því við komið. Haft skal samráð við landeigendur fyrir fram og forðast óþarfa átroðning. ...2“

- Endurskoða ætti þessa grein þannig að heimildin nái til allra villtra dýra sem undir lögin heyra en takmarkist við veiðar í vísindaskyni. Lögbundið hlutverk náttúrustofa er m.a. að safna gögnum, varðveita heimildir um náttúruvar og stunda vísindalegar náttúruvannsóknir, sbr. lög nr. 60/1992. Þar af leiðandi er eðlilegt er að náttúrustofur hafi sams konar heimild.

10. gr.: „[Veiðar skulu óheimilar á svæðum sem eru friðlýst vegna dýralífs. Umhverfisráðherra getur aflétt tímabundið eða rift þeirri friðun að fullu eða gagnvart tiltekinni tegund að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands.]1“

- Náttúrustofa Austurlands ætti að veita ráðherra umsögn varðandi hreindýr, sbr. 14. gr.

14. gr., 1. mgr.: „Umhverfisráðherra getur heimilað veiðar úr hreindýrastofninum, enda telji Umhverfisstofnun að stofninn þoli veiði og að æskilegt sé að veiða úr honum.“

- Ákvörðun ráðherra þar um ætti fyrst og fremst að byggja á mati lögskipaðs vöktunar- og rannsóknaaðila, Náttúrustofu Austurlands.

14. gr., 2. mgr.: „Ráðherra ákveður árlega fjölda þeirra dýra sem fella má, eftir aldri, kyni og veiðisvæðum, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar og birtir auglýsingu þar að lútandi í Lögbirtingablaði.“

- Náttúrustofa Austurlands annast vöktun og rannsóknir á hreindýrum. Náttúrustofan vinnur ár hvert tillögu að veiðikvóta eftir aldri, kyni og veiðisvæðum fyrir Hreindýraráð, sem síðan leggur fram tillögu til Umhverfisstofnunar. Tillaga Náttúrustofunnar byggir á upplýsingum úr grunnvöktun hreindýrastofnsins. Þar af leiðandi ætti ákvörðun ráðherra að byggja á grunntillögum Náttúrustofunnar, sem tillögur Umhverfisstofnunar eru unnar uppúr.

14. gr., 3. mgr.: „Af hverju felldu hreindýri skal greiða til Umhverfisstofnunar sérstakt leyfisgjald sem ráðherra ákveður árlega að fengnum tillögum stofnunarinnar. Við ákvörðun gjaldsins skal taka mið af kostnaði við vöktun hreindýrastofnsins og eftirlit og stjórn hreindýraveiða. Gjaldið skal þó ekki vera hærra en sem nemur þeim kostnaði.“

- Skv. 9. gr. reglugerðar nr. 486/2003 er gjaldið þrískipt og er ætlað er að standa undir: a) kostnaði Umhverfisstofnunar og Hreindýraráðs við eftirlit og stjórn hreindýraveiða, b) vöktun Náttúrustofu Austurlands á hreindýrum og c) greiðslu arðs til landeigenda. Engu að síður er Umhverfisstofnun einni talin tillögugerð til ráðherra í núgildandi lögum. Nauðsynlegt er að endurskoða þetta. Annað hvort þarf að fela nýjum aðila tillögugerð til ráðherra eða engum, þ.e. að ráðherra ákveði sjálfur gjaldið að fengnum áætlunum um kostnað. Ef fela á einum hlutaðeigandi aðila tillögugerð til ráðherra er æskilegt að Hreindýraráð geri það. Þannig yrði bændum sem verða fyrir ágangi hreindýra jafnframt gert kleift að hafa áhrif á gjaldið í gegnum fulltrúa sína í ráðinu. Hvað svo sem verður ofan á er grundvallaratriði að allar tillögur/ákvæðanir um gjaldið taki mið af áætlunum kostnaði við annarsvegar vöktun hreindýra og hinsvegar eftirlit og stjórn hreindýraveiða.
- Árlegur veiðikvóti hefur takmörkuð áhrif á kostnað við vöktun og eftirlit með hreindýraveiðum. Þar af leiðandi er æskilegt að fjármagn til þeirra aðila sem annast vöktun og eftirlit með veiðunum sé ótengt veiðikvóta, ólíkt því sem nú er.
- Þegar ráðherra hófur tókið ákvörðun um gjald ætti hann að tilkynna þeim aðilum sem annast vöktun og eftirlit með veiðum hver þeirra hlutur er.

14. gr., 4. mgr.: „Umhverfisstofnun gerir tillögu til ráðherra um árlegan veiðikvóta og skiptingu hans milli veiðisvæða að fengnum tillögum hreindýraráðs þar að lútandi.“

- Sjá athugasemd við 2. mgr. 14. gr.

14. gr., 8. mgr.: „Náttúrustofa Austurlands annast vöktun og rannsóknir á hreindýrastofninum samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands. Náttúrustofa Austurlands gerir Náttúrufræðistofnun Íslands groin fyrir niðurstöðu, sbr. lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.“

- Samhliða stofnun Umhverfisstofnunar var gerð breyting á þágildandi lögum nr. 64/1994 (lög nr. 164/2002, 42. gr.) þannig að Náttúrustofa Austurlands skyldi semja við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands um lögbindið hlutverk sitt. Ekki fæst séð hver tilgangur slíks samnings er þegar ákveðnum aðila hefur verið falið slíkt hlutverk skv. lögum (sjá lög nr. 100/2000). Þá er vert að benda á að hvorki Umhverfisstofnun né Náttúrufræðistofnun fer með yfirstjórn hreindýramála, holdur er hún í höndum umhverfisráðherra. Lagt er til að samningsákvæðið verði fellt niður og texti færður til fyrra horfs.

14. gr., 10. mgr.: „Ráðherra setur að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar nánari reglur⁴) um framkvæmdina, m.a. um skiptingu arðs af hreindýraveiðum.]1)“

- Athygli skal vakin á því að ekki verður ráðið af lögnum hverjir skulu njóta arðs af sölu hreindýraveiðileyfa. Einungis er fjallað um kostnaðarhlíðina.
- Ofangreindar reglur ráðherra ættu einnig að byggja á tillögum Hreindýraráðs.

Reglugerð um stjórn hreindýraveiða nr. 486/2003

2. gr.: „Nú telur umhverfisráðherra, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar, að hreindýrastofninn sé það stór, að honum stafi ekki hættu af veiðum, getur ráðherra heimilað veiðar og skal þeim hagað með þeim hætti sem segir í reglugerð þessari.“

- Líkt og þegar hefur verið bent á ætti ákvörðun ráðherra þar um fyrst og fremst að byggja á mati lögskipaðs vöktunar- og rannsóknaaðila, Náttúrustofu Austurlands.

6. gr.: „Umhverfisstofnun getur þó heimilað veiðar á törfum frá 15. júlí og lengt veiðitíma kúa til 20. september að fenginni umsögn hreindýraráðs.“

- Eðlilegt að allar tilfærslur á veiðitíma séu gerðar í samráði við Náttúrustofu Austurlands.

6. gr.: „Ef ekki tekst á veiðitímanum að veiða nægilega mörg dýr til þess að stofnstærð verði innan fyrirhugaðra marka getur umhverfisráðherra heimilað Umhverfisstofnun veiðar í nóvember. Arður af þeim veiðum rennur til Umhverfisstofnunar, að frádregnum kostnaði, og skal nýttur til rannsókna og verkefna sem tengjast hreindýraveiðum.“

- Öllum arði utan veiðitíma (að frádregnum beinum kostnaði) ætti að skipta með sama hætti og arði á veiðitíma.

6. gr.: „Umhverfisráðherra getur heimilað veiðar utan veiðitíma í vísindaskyni að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar.“

- Æskilegt að ráðherra loiti umsagnar Náttúrustofu Austurlands um veiðar utan veiðitíma. Jafnframt fæst ekki betur séð en að þetta ákvæði stangist á við 4. mgr. 7. gr. gildandi laga nr. 64/1994.

6. gr.: „Ef nauðsyn krefur og aðrar aðferðir duga ekki getur Umhverfisstofnun að höfðu samráði og undir eftirliti Náttúrustofu Austurlands látið fella hreindýr sem sækja ítrekað í ræktað land í byggð og valda tjóni. Arður af veiðum að frádregnum kostnaði við þær skal vera í vörslu Umhverfisstofnunar og nýttur til rannsókna og verkefna sem tengjast hreindýrum.“

- Öllum arði af þess konar veiðum (að frádregnum beinum kostnaði) ætti að skipta með sama hætti og arði á veiðitíma.
- Ekki verður séð að heimildir Umhverfisstofnunar til slíkra veiða hafi nokkra lagastoð. Þá virðist ákvæðið stangast á við 2. mgr. 7. gr. laga nr. 64/1994.
- Loks er vert að benda á að Náttúrustofu Austurlands er ætlað skv. lögum að stunda rannsóknir á hreindýrum.

9. gr.: „Umhverfisstofnun sér um árlegt uppgjör tekna og gjalda vegna reksturs, sölu veiðileyfa og hreindýraafurða og vegna leyfisgjalda og gerir ráðherra grein fyrir uppgjöri.“

- Til samræmis við góða stjórnsýsluhætti ætti uppgjör þetta að vera opið og aðgengilegt hagsmunaaðilum.

10. gr.: „Þeir sem fengið hafa úthlutað veiðileyfi skulu greiða staðfestingargjald fyrir 1. apríl en gjaldið að fullu fyrir 1. júlí.“

- Arður er greiddur út fyrir áramót. Gera má ráð fyrir nokkrum vaxtatekjum í millitíðinni. Ekki orljóst hvert þær renna þegar gjald það sem ráðherra ákveður árlega fyrir hvert fellt hreindýr er þrískipt.

11. gr.: „Sært dýr þor að allífa þegar í stað.“

- Hugtakið sært dýr kemur víða fyrir í reglugerðinni. Æskilegt er að skilgreina það nánar. Í þessari grein er væntanlega óingöngu átt við skotsárt dýr.

12. gr.: „Hlutverk leiðsögumanns með hreindýraveiðum er að fylgja veiðimanni um veiðisvæði, hjálpa honum til þess að þekkja þau dýr sem hann má veiða og sjá til þess að veiðimaður fari rétt að við veiðarnar.“

- Hlutverk leiðsögumanna ætti jafnframt að vera: a) að sjá til þess að veiðar fari fram í samræmi við gildandi lög og reglugerðir, b) að folla lafarlaust dýr sem veiðimaður hefur sært undir hans leiðsögn, c) að prófa hittni veiðimanns/nákvæmni riffils áður en haldið er á veiðar og d) að skrá og skila inn þeim upplýsingum sem farið er fram á, m.a. á veiðikorti.

12. gr.: „Til að geta hlotið starfsleyfi sem leiðsögumaður þarf umsækjandi að uppfylla eftirfarandi skilyrði: 1. Skotvopnaleyfi í samræmi við 10. gr.“

- Það er ekki nóg að leiðsögumaður hafi skotvopnaleyfi. Hann verður líka að hafa gilt veiðikort og skýra heimild til að aflífa dýr sem veiðimaður hefur sært undir hans leiðsögn.

12. gr.: „Skylt er að urða allan úrgang sem til fellur við veiðarnar.“

- Við urðun verður oft meira rask en ef gengið er frá úrgangi í gjótum eða öðrum lítt áberandi stöðum.

12. gr.: „Leiðsögumanni með hreindýraveiðum er skylt að gefa Umhverfisstofnun skýrslu um öll felld og særð dýr og skal skýrslan undirrituð af honum og veiðileyfishafa. Skýrslan skal send Umhverfisstofnun strax að lokinni veiðiferð.“

- Skýra þarf betur hvaða upplýsingar eiga að koma fram í skýrslunni. Ef leiðsögumaður trassar ítrekað að skrá umbodnar upplýsingar, eða brýtur á annan hátt gegn gildandi reglum, þarf að vera hægt að áminna hann.

Reglugerð um skiptingu arðs af hreindýraveiðum

1. gr.: „Af hverju felldu dýri fara kr. 5.000 til ábúenda eða umráðenda, eftir atvikum, þeirrar jarðar sem dýr er fellt á.“

- Forsenda þess að hægt sé að greiða felligjald til réttis landeigenda er að fyrir liggi nákvæmar upplýsingar um hvar dýrið var fellt. Hins vegar er sú skylda hvörgi lögð á leiðsögumenn eða veiðimenn. Tryggja þarf að þessum upplýsingum sé skilað inn á réttu formi (GPS-punktur).

2. gr.: „Arður skal greiddur út fyrir áramót vegna síðasta veiðitímabils.“

- Æskilegt væri að greiða a.m.k. hluta gjalds sem ætlað er að standa undir annarsvegar vöktun hreindýra og hinsvegar eftirliti og framkvæmd hreindýraveiða þegar staðfestingargjald (1. apríl) eða veiðileyfsgjald (1. júlí) hefur verið greitt til þess að minnka fjármagnskostnað vegna vöktunar og eftirlits með veiðum.

Aðrar ábendingar:

- Kanna ætti möguleika á Innleiðingu verklegra skotprófa fyrir veiðimenn og leiðsögumenn í samstarfi við skotfélög landsins þannig að sá einn geti stundað hreindýraveiðar sem staðist hefur skotpróf, líkt og tíðkast sums staðar erlendis. Á Íslandi eru sérstakir leiðsögumenn með veiðimönnum á hreindýraveiðum. Til að lágmarka líkur á slysaskoti ættu leiðsögumenn að yfirfara búnað og kanna hittni veiðimanna/nákvæmni riffils áður en haldið er á veiðar, óháð því hvort slík skotpróf verða tekin upp. Riffilar eru viðkvæm tæki sem geta breytt sér verði þeir fyrir hnjaski, auk þess som forill riffilkúlu getur verið breytilegur eftir gerð skota.
- Starfrækt er Félag leiðsögumanna með hreindýraveiðum. Þar er saman komin mikil þekking á framkvæmd hreindýraveiða. Tryggja þarf félaginu aðkomu að málaflöknum sem samráðsaðila um stofnumótandi mál tengd hreindýrum (sbr. 3. mgr., 3. gr. laga nr. 64/1994).

- Upp geta komið tilvik þar sem einungis lítil hluti hreindýra finnst á ákveðnu veiðisvæði. Þær hjarðir sem finnast eru því hundeltar á veiðitíma með tilheyrandi áreiti fyrir dýrin. Út frá dýraverndarsjónarmiðum er umhugsunarefni hvort ekki sé full þörf á að rýmka heimildir Umhverfisstofnunar til veiðistýringar til þess að fyrirbyggja slíkt í framtíðinni, að höfðu samráði við Hreindýraráð og Náttúrustofu Austurlands.

Athugasemd lögð til samráðsnefndar um lagalega stöðu villtra fugla og villtra spendýra

Edda Elísabet Magnúsdóttir

Marianne Helene Rasmussen

Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands í sjávarspendýrum á Norðausturlandi,
Hafnarstétt 3, 640 Húsavík

Smáhveli á íslenskum hafsvæðum

Fyrir hönd Rannsókn- og fræðaseturs Háskóla Íslands í sjávarspendýrafræðum á Norðausturlandi, Húsavík, óskum við þess að vekja athygli á lagalegri stöðu smáhvela innan Íslenskrar lögsögu sem og þörf á betri þekkingu á stöðu þessara stofna við Ísland.

Í frumvarpi til laga um hvali (14/2009) segir: *“Allar veiðar á hval eru bannaðar án sérstaks leyfis Fiskistofu. Veiðar á smáhvölum skulu þó aðeins háðar leyfi Fiskistofu og að þær séu stundaðar í atvinnuskyni. Til smáhvala flokkast þeir hvalir sem hvorki teljast til skíðishvala (Mysticeti) né búrhvals (Physeter macrocephalus). Föngun á lifandi hvölum er bönnuð nema að fengnu sérstöku leyfi ráðherra”*.

Við leggjum til að veiðar á smáhvölum verði alfarið bannaðar þar sem þekking á stofnstærð og stofnstærðarsveiflum þessara stofna er ákaflega takmörkuð. Rannsóknir sem gerðar hafa verið á stofnstærð hvala til þessa á vegum Hafrannsóknarstofnunnar hafa einblínt á stórhveli. Talningar á smáhvölum hafa verið tækifærissinnaðar á meðan á stórhvelatalningum stendur. Fjölmargar fregnir hafa borist ofangreindu Rannsókn- og fræðasetri um aðila sem veiða smáhveli án leyfis. Þær upplýsingar gefa enn ríkari ástæðu til að vekja ótvíræða athygli á því banni sem ríkir á veiðum smáhvela. Mikilvægt er að smáhvelatalningar verði stundaðar að meira marki svo hægt sé að skilgreina betur stöðu þessara spendýra á íslenskum hafsvæðum.

Smáhveli festast gjarnan í fiskveiðinetum, en tíðni þessara atburða er lítt þekkt á Íslandi. Samkvæmt erlendum rannsóknum er mjög algengt að smáhveli og önnur sjávarspendýr endi líf sitt í fiskveiðinetum [1][2]. Sem dæmi má nefna hnísustofn sem finnst úti fyrir suðvesturströnd Bretlandseyja (Celtic sea) en árlega verður um 6,2% hnísustofnsins á svæðinu fyrir barðinu á fiskveiðinetum [3]. Með auknum fiskveiðum má ætla að affall í smáhvelastofnum umhverfis Ísland hafi aukist umtalsvert. Búnaður, sem nýtist til að hindra það að sjávarspendýr flækist í fiskveiðinetum, hefur nýst vel erlendis, en þá er hljóðbúnaði komið fyrir á veiðarfærin sem heldur smáhvelum og selum frá [4]. Þesskonar búnaður gæti verið þarfur á mikilvægum fæðu og uppeldissvæðum smáhvela við Ísland.

Alþjóðlegu verndunarsamtökin „Convention on Migratory Species“ (CMS) fjalla um verndun á fardýrum [5]. Samtökin hafa útlistað þá hvali í Norðursjó og Eystrasaltinu sem gætu lent á válista innan tíðar [6]. Meðal þessara eru sjö smáhvelategundir sem finnast á íslenskum hafsvæðum, en það eru hnísur (*Phocoena phocoena*), hnýðingar (*Lagenorhynchus albirostris*), leifturhnýðar (*Lagenorhynchus acutus*), rákarhöfrungar (*Stenella coeruleoalba*), háhyrningar (*Orcinus orca*), grindhvalir (*Globicephala melas*) og andanefjur (*Hyperoodon ampullatus*). Samtökin leggja til að þau lönd sem liggja að búsvæðum þessara tegunda hafi samráð sín á milli um verndunaráætlun fyrir þessa stofna. Stofnar þessara tegunda á íslenskum hafsvæðum eru ekki inni á listanum þar sem staða þeirra við Ísland er lítt þekkt. Í ljósi alls þessa er ekki viðunnandi að takmörkuð þekking skuli vera á stöðu smáhvelastofna á íslenskum hafsvæðum.

Heimildaskrá

[1] Andrew J. Read, Phebe Drinker og Simon Northridge. 2006. Bycatch of Marine Mammals in U.S. and Global Fisheries. *Conservation Biology* 20:163–169

[2] Randall R. Reeves¹, Per Berggren², Enrique A. Crespo³, Nick Gales⁴, Simon P. Northridge, Giuseppe Notarbartolo di Sciara, William F. Perrin, Andrew J. Read, Emer Rogan, Brian D. Smith, and Koen Van Waerebeek.

Global Priorities for Reduction of Cetacean Bycatch. Report to the World Wide Fund for Nature. 29pp.

[3] N. J. C. Tregenza, S. D. Berrow, P. S. Hammond, and R. Leaper. 1997. Harbour porpoise (*Phocoena phocoena* L.) by-catch in set gillnets in the Celtic Sea. ICES Journal of Marine Science 54: 896–904.

[4] Jay Barlow, Cameron Granta. 2003. Field experiments show that acoustic pingers reduce marine mammal bycatch in the California drift gill net fishery. Marine Mammal Science 19:265 – 283.

[5] Convention on the Conservation of Migratory Species of Wild Animals (CMS). Sótt 13. okt. '10: www.cms.int

[6] Convention on the Conservation of Migratory Species of Wild Animals (CMS). 2009. Migratory species conserved through Agreements (*Appendix II*). Sótt 13. okt. '10:
http://www.cms.int/documents/appendix/cms_app1_2.htm#appendix_II

Velferð hreindýrastofnsins á Íslandi

Samantekt send Menju von Schmalensee með ósk um að nefnd sem hún fer fyrir taki erindið til umfjöllunar. Nefndin hefur það hlutverk að skila greinagerð og álit vegna lagafrumvarps um villta dýrastofna og fugla.

Þá óskar undirrituð eftir áheyrn nefndarinnar þann 20. janúar 2011.

Höfundur : Rósa Björk Halldórsdóttir

Undirrituð er leiðsögumaður en cinnig áhugamanneskja um íslenska náttúru, flóru og fínu Íslands og umhverfismál almenn. Undirrituð er í stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs en hefur einnig nýlega tekið sæti í stjórn NAUST náttúruverndarsamtaka Austurlands.

Í lok mars 2010 stóð ég fyrir málþingi á Höfn í Hornafirði sem bar yfirskriftina „Óður til hreindýrsins“ en þá starfaði ég sem framkvæmdastjóri Ríki Vatnajökuls ferðahjónustu, matvæla og menningarklasa Suð-Austurlands.

Tilgangurinn með málþinginu var að greina þau tækifæri sem tengjast auðlindinni hreindýr. Málþingið var þverfaglegt, að því komu ýmsir góðir fyrirlesarar „sjá fylgiskjal“. Leitast var við að greina tækifærin gagnvart ferðahjónustu t.d. ljósmynda og skoðunarferðir á slóðir villtra hreindýra en einnig var skoðaður möguleiki og ræddur lagarammi tengdur því að fanga hreindýr og halda sem úti/húsdýr í vernduðu umhverfi. Þá var rætt um frágang girðingarefnis og þær hættur sem skapast í umhverfinu fyrir hreindýrin. Einnig var rætt um aðgengi að afurðum hreindýranna eins og kjöti, skinnnum og hornum með tilliti til stofnsins og velferð hans. Síðast en ekki síst var rætt um hreindýraveiðarnar, veiðistjórnun og vöktun en cinnig varð tíðrætt um málefni sem ekki var á formlegri dagskrá en það er veiðihjófnaður sem er aðalhvati þessa erindis.

Í kjölfar málþingsins og fram á daginn í dag hef ég fylgst vel með öllu því sem tengist þessum tignarlegu villtu dýrum sem við Íslendingar fluttum til landsins scint á átjándu öld með það í huga að gera þau að bústofni. Það tókst ekki en nýtingarrétturinn með afmörkunum löggjafans er þjóðarinnar, allavega lít ég svo á að við nýtum hreindýrastofninn best með því að virða lög og reglur. Margur Íslendingurinn virðist þó líta svo á að hann megi skjóta og sækja sér hreindýr þegar honum sýnist svo, sama á hvaða árstíma eða með tilliti til laga um veiðarnar. Að mínu mati er setning nýrra laga ekki aðalatriðið heldur að lagarammanum fylgi heimild til þess að framfylgja lögunum en einnig að einfalda heimildir eftirlitsaðila til eftirlits en einnig til þess að bregðast við brotum. Hvergi er talað um í starfslýsingum vöktunaraðila þ.c. NA eða starfsmanna Umhverfisstofnunar að hafa eftirlit með veiðihjófnaði.

Umhverfisstofnun fékk á síðasta ári um 11 milljónir af innkomu vegna seldra veiðileyfa til að sinna veiðileyfasölu og alls þess sem að þeirri umsýslu snýr en Náttúrustofa fékk um það bil 4 milljónir til vöktunar á síðasta ári. Um 85% af innkomu fer til að greiða landeigendum, veiðistjórnunarkerfið fær til úthlutunnar ca. 14 -15 % af seldum veiðileyfum til rekstursins en það er mat manna að hvorki þessir ljármunir né mannaflí dugi til nauðsynlegs eftirlits en einnig er það mitt mat að það er ekki nóg að eftirlitið fari fram á veiðitíma þar sem líklegt er að veiðihjófnaður sé einnig stundaður utan veiðitímabilsins. Á þeim víðfermu svæðum sem hreindýrin halda sig er lítið um umferð yfir veturinn, snemma á vorin og seint á haustin. Líf að við náum að lækka þessa tölu með virku eftirliti og með lagaheimildum til þess að sækja menn til ábyrgðar þá munum við getað hækkað veiðikvótann sem um því nemur öllum til góða, ekki síst landeigendum og þeim veiðimönnum sem fá synjun jafnvel ár eftir ár.

Til þess að ljármagna eftirlitið legg ég til að ákveðin upphæð af heildarinnkomu fari í að greiða kostnaðinn við nauðsynlegt eftirlit, til þess þarf að breyta reglugerðinni.

Sú ráðstöfunarfjárhæð sem af þessu skapast verði lögð í að ráða eftirlitsaðila á hverju svæði þar sem hreindýrin halda sig að jafnaði. Þessir eftirlitsaðilar gætu verið bændur, landeigendur eða aðilar sem starfa við landvörslu hjá Vatnajökulspjóðgarði. Flestir landvarðanna eru ráðnir hjá Vatnajökulspjóðgarði yfir sumartímann en þarna væri hægt að tryggja þeim heilsársstarf á svæðunum með vöktunarstarfi yfir vetrartímann ásamt öðrum verkefnum fyrir Umhverfisstofnun.

Með þessu ætti að nást árangur í því að minnka veiðihjófnad auk þess sem verkefnið myndi skapa störf á landsbyggðinni. Rökin með þessu gagnvart landeigendum væru þau að með því að koma á virku eftirliti með hreindýraþjófnadi myndi veiðikvótinn stækka og arður til landeigenda hækka samkvæmt því. Vanda þyrfti þó valið á starfsmönnum til eftirlits með hreindýrum þar sem margir landeigendur stunda sjálfir hreindýraþjófnad og eða horfa fram hjá honum.

Í samtölum mínum við starfsmenn Náttúrustofu Austurlands og Náttúruauðlindasviðs UST hafa þeir bent á að það sé löggæslan á svæðunum sem sé eftirlitsaðili og hafi heimild til þess að bregðast við veiðihjófnadi. Mikið rétt en staðreyndin er sú að í litlum samfélögum á landsbyggðinni hefur sýnt sig að lögreglan er ekki að bregðast við veiðihjófnadi þar sem oft er um að ræða vini eða fjölskyldumeðlimi sem gerast brotlegir. Þá eru þeir síst til þess fallnir að standa menn að verki þar sem lögreglubílar eru merktir. Fyrir utan það er lögreglan undirmönnuð, svæðin eru stór og dýrt að fara í langar eftirlitsferðir.

Tillögur mínar til nefndarinnar eru þessar:

- Koma á virku eftirliti með veiðihjófnadi á dreifðum búsvæðum hreindýrastofnsins.
- Skapa heimildir en jafnframt skýrar reglur um aðbúnað hjá ferðapjónustubændum sem vilja halda og temja hreindýr á ferðapjónustubýlum á Suð -Austur og Austurlandi.
- Skilyrða landeigendur til þess að ganga þannig frá girðingum, gömlu girðingarefni og rusli á lanareignum sínum að villtum dýrum stafi ekki hætta af.

Árétta ósk mína um að fá að hitta nefndarmenn þann 20.janúar

Virðingarfyllst

Rósa Björk Halldórsdóttir
Rauðaberg 781 Hornafjörður

Nefnd um lagalega stöðu villtra fugla og villtra spendýra
Umhverfisstofnun
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Bolungarvík 20. október 2010

Efni: Ábendingar vegna athugunar á lagalegri stöðu villtra fugla og villtra spendýra.

Samtök náttúrustofa (SNS) vilja koma eftirfarandi ábendingum á framfæri vegna athugunar á lagalegri stöðu villtra fugla og villtra spendýra:

Almennar ábendingar:

Leiðarljós

Allar ákvarðanir varðandi verndun, friðun, og veiðar byggja eins og kostur er á fullnægjandi þekkingu á viðkomandi stofnum. Vafaatriði vegna þekkingarskorts skuli túlkuð veiðidýrastofnum í hag (varúðarregla). Velferð veiðistofna skal höfð í fyrirrúmi, umfram hefðir og hagsmuni. Allar tegundir hafi jafnan tilverurétt og skipulagðar ofsóknir gagnvart einstökum tegundum séu byggðar á rannsóknaniðurstöðum sem réttlæta slíkan verknað.

Sjávarspendýr

Samtök náttúrustofa fagna því að endurskoðun laga um vernd og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nái einnig til villtra sjávarspendýra. Telja samtökin eðlilegt og jafnframt mikilvægt að ein lög nái yfir öll villt íslensk spendýr og fugla. Sérstaklega er löggjöf varðandi seli gömul og að mörgu leyti úrelt og það sama má segja um hvali.

Hlunnindi eða verndun

Í íslensku villidýralögunum svokölluðu hafa hagsmunir hlunnindanýtenda verið ráðandi fram til þessa. Nútíma löggjöf um vernd og nýtingu villtra dýra ætti að hafa sjálfbærni að leiðarljósi og ættu verndarhagsmunir að ganga framur öðrum hagsmunum. Ef stofn er í hættu eða þróun stofnstærðar váleg, ætti verndin því ætíð að ganga framur hlunnindum. Þetta er í samræmi við búsvæða- og fuglatilskipun ESB og þar með lagaumhverfi flestra Evrópuþjóða.

Vöktun, rannsóknir og ráðgjöf

Þekking á stöðu villtra dýrastofna er grundvöllur ábyrgðar veiðistjórnunar og annarrar ráðgjafar varðandi verndun og nýtingu. Hins vegar er þekking á íslenskum stofnum fugla og spendýra æði brotkennd. Þess vegna þarf að styrkja til muna rannsóknir og vöktun á villtum fuglum og spendýrum sem veidd eru.

Gera þarf almennt ráð fyrir aðkomu fleiri rannsóknastofnana en í núgildandi lögum. Rannsóknir og ráðgjöf vegna verndar, friðunar og veiðar á villtum fuglum og spendýrum ættu ekki að vera bundnar við einstakar stofnanir, heldur ætti ávallt að leita eftir bestu fánlegu þekkingu, óháð stofnunum. Náttúrustofur eru vel staðsettar í mikilli nálægð við viðfangsefnið allt í kringum landið og hafa fræðilega þekkingu til að taka virkan þátt í þessari vinnu. Þá búa fleiri stofnanir, s.s. Háskóli Íslands og Hafrannsóknastofnunin, yfir mikilvægri þekkingu þegar kemur að vernd og nýtingu villtra fugla og villtra spendýra á Íslandi.

Ágengar tegundir

Mikilvægt er að ný lög, þegar þau verða sett, fjalli um ógnina sem stafar af innflutningi og dreifingu framandi, ágengra tegunda. Hindra þarf innflutning og koma á fót viðbragðsáætlun

varðandi lífverur sem þegar hafa borist til landsins og taldar eru geta orðið ágengar. Minkur er dæmi um slíka tegund. Æskilegt er að frekari innflutningur minks verði stöðvaður eða takmarkaður og að gerðar verði ráðstafanir til að hindra sleppingar frá þeim minkabúum sem þegar eru í rekstri, m.a. með því að auka ábyrgð rekstraraðila.

Eftirlit, aðhald og refsingar

Almennt þarf að bæta úr glöppum í lögum svo meiri líkur séu á sakfellingu þegar lítill vafi virðist leika á sekt. Dæmin sýna að ákærur um augljós brot á núgildandi lögum standast ekki nógu vel fyrir dómi. Refsingar þurfa að vera skýrar og skilvirkar, s.s. skilyrðislaus svipting skotvopnaleyfis í langan tíma séu menn staðnir að ólöglegum skotveiðum. Lögin þurfa einnig að vera þannig úr garði gerð að eftirlit með t.d. veiðitakmörkunum sé sem einfaldast og erfitt sé að komast fram hjá settum reglum.

Um einstakar greinar núverandi laga:

I. kafli. Orðskýringar

1. grein

Fuglabýggð: bæta við skilgreiningu um hvað teljist fuglabýggð, t.d. fuglabjörg o.s.frv.

Vernd: Endurskoða skilgreiningu. Vernd er þekkt og mikið notað orð en ekki í þessari merkingu. Samkvæmt núverandi skilgreiningu felst vernd ekki í aðgerðum er stuðla að viðhaldi stofna öðrum en þeim sem hindra útdauða. Aðgerðir sem fyrirbyggja fækkun, vernda búsvæði eða stuðla að fjölgun stofns flokkast þá ekki undir verndun. Þannig þarf skilgreiningin t.d. að ná yfir minnkandi stofna, þótt þeir séu ekki í útrýmingarhættu.

Veiðar: Skilgreina þarf betur þetta hugtak. Veiðar teljast skv. lögnum að handsama eða drepa dýr. Þar með eru t.d. fuglamerkingar og pysjusöfnun í Eyjum veiðiskapur, svo dæmi séu tekin. Að keyra á villtan fugl eða spendýr og drepa teljast þá líklega líka veiðar skv. skilgreiningunni.

Villt dýr: Hér eiga selir og hvalir að sjálfsgöðu að vera í nýjum/endurskoðuðum lögum.

II. kafli. Markmið og gildissvið.

2. grein

Hér eiga selir og hvalir að koma inn.

III. kafli. Umsjón.

3. grein

Tryggja þarf aðkomu allra rannsóknaaðila. Þannig þarf t.d. að bæta náttúrustofum eða Samtökum náttúrustofa inn sem samráðsaðilum.

Lagt er til að sett verði á laggirnar ráðgjafarnefnd um villt dýr með þátttöku fagaðila um rannsóknir á villtum dýrum. Nefndarmenn skulu vera líffræðingar með sérþekkingu sem nýtist í starfi. Hlutverk ráðgjafarnefndarinnar verði yfirumsjón með vöktun og rannsóknnum á lýðfræði allra veiðistofna. Nefndin skal stuðla að rannsóknnum á helstu veiðistofnum í samvinnu við rannsóknaaðila eins og Háskóla Íslands, Náttúrufræðistofnun, Hafrannsóknastofnunina, náttúrustofur og aðra sem eftir því óska. Nefndin forgangsraðar rannsóknnum og veitir faglegt mat um innihald rannsókn- og vöktunaráætlana en rannsóknaaðilar leggja fram áætlun ár hvert. Auglýsa skal opinberlega eftir öllum verkefnum og veita umsóknnum faglega umsögn. Veitt er föstu fjármagni í vöktun á stofnum helstu veiðitegunda en Veiðikortasjóður veitir styrki til sértækra, tímabundinna rannsókna.

4. grein

Fyrirnefndri ráðgjafarnefnd verði falið að meta ástand nytjastofna og koma með tillögur um friðun eða veiðar eftir samráð við þær stofnanir sem stunda rannsóknir á viðeigandi tegund. Skal öllum fagstofnunum gert jafn hátt undir höfði hvað þetta varðar.

IV. kafli. Vernd friðun og veiðar

6. grein

Efla þarf verndun fuglabýggða sem náttúruvörðun.

7. grein

Friðun og ófriðun skulu eins og kostur er byggja á niðurstöðum rannsókna sem aflað er í samræmi við rannsóknáætlun ráðgjafarnefndar. Séu nauðsynlegar upplýsingar ekki fyrir hendi ætti varúðarreglan að gilda um verndun. „Hefðbundnar fuglanyttjar“ eru ekki undanskildar öðrum ákvæðum, þ.e. ef ákveðin tegund er friðuð vegna bágs ástands skal það gilda einnig um „hefðbundnar nyttjar“.

Við tillögugerð að reglugerðum um vernd, friðun og veiðar skal leitað eftir álitserðum frá öllum hagsmunaaðilum. Þá skal í reglugerðum gera ráð fyrir að hægt verði að setja takmörk á fjölda veiddra dýra (kvóta) og fjölda veiðidaga fyrir hvern veiðimann og svæðastýringar í veiðum.

Kveðið verði á um heimild til handa náttúrustofum til að safna dýrum, líkt og gildir um Náttúrufræðistofnun Íslands. Náttúrustofur hafa, líkt og Náttúrufræðistofnun, heimild til söfnunar náttúrugripa í lögum um Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur (nr. 60/1992) og því ætti það sama að gilda í lögum um vernd og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

9. grein.

Lagt er til að ný/endurskoðuð lög taki með einhverjum hætti á notkun blýhagla. Þau eru mengandi í umhverfinu. Skilgreina þarf orðalagið „umtalsvert tjón“ því það má skilgreina á ýmsa vegu. Felur núverandi skilgreining m.a. í sér hættu á tegundaofsóknum.

V. kafli Veiðikort og hæfnispróf veiðimanna.

11. grein

Lagt er til að veiðikort þurfi til eggjatöku

Kostnaður við útgáfu veiðikorta verði lágmarkaður til að hámarka það fé sem fer í rannsóknir og ráðherra veitt heimild til að bjóða útgáfuna opinberlega út.

VI. kafli. Sérákvæði um veiðar.

12. grein

Koma þarf í veg fyrir að lagt sé út æti fyrir ref á veturna og því ekki sinnt. Slíkt kann e.t.v. að stuðla að auknum fjölda refa frekar en hitt þar sem lítið er um æti á þessum árstíma. Einnig eru talsverðar líkur á að minkur komist í ætið án þess að nást. Eðlilegast er að almennt standi hagsmunaaðilar straum af kostnaði vegna refaveiða en ekki ríki og sveitarfélög. Á þessu mætti þó gera undantekningar á svæðum þar sem þykir rétt að vernda fuglalíf sérstaklega fyrir ágangi refs. Þar skuli ríki standa straum af kostnaði.

13. grein

Eðlilegt er að ítreka kröfu um að veiðimenn minka hafi veiðikort, enda mikilvægt að minkaveiðimenn hafi gengið í gegnum námsefni um löglegar veiðiaðferðir og siðfræði dýraveiða áður en þeir aflífa mink. Veiðilöggjöfin er ítrekað brotin gagnvart veiðiaðferðum og aflifun á mink. Er afbrotum af slíku tagi jafnvel hampað í fjölmörgum, að því er virðist án

afskipta yfirvalda. Þessu þarf að breyta. Þótt minkur sé ágengur og valdi skaða á íslenskrí náttúru og að honum beri að stjórna eða útrýma, ætti að sjálfsögðu að gilda sú grundvallarregla að hann sé aflífaður fljótt og örugglega og sé ekki látinn kveljast að óþörfu.

Veiðar á mink þarf að gera markvissari varðandi árstíma, gildir og þjálfun veiðimanna. Þá er kerfi þar sem verðlaun fyrir hvert veitt dýr er uppistaðan í launum veiðimanna ólíklegt til að ná því markmiði að fækka verulega í minkastofninum heldur mun það miklu frekar stuðla að sjálfbærum veiðum úr stofninum.

Vegna þess að minkurinn er framandi og ágeng tegund, þá ber okkur skylda til að stunda aðgerðir gegn honum skv. alþjóðasamningum (Bernarsamningnum og Samningnum um líffræðilega fjölbreytni). Það eru samningar sem ríkið hefur undirgengist og er því eðlilegast að það greiði kostnað vegna veiðanna.

14. grein

Endurskoða þarf ákvæði um að Umhverfisstofnun skipti arði af sölu afurða felldra dýra. Umhverfisstofnun sér ekki um skiptingu arðs af sölu afurða felldra dýra almennt. Það á við í sérstökum tilfellum sem þyrftu að koma fram, s.s. dýr sem Umhverfisstofnun lætur fella sérstaklega utan kvóta eða utan veiðitíma (særð dýr eða dýr sem ekki náðist að fella á veiðitíma).

17. gr.

Lagt er til að samkvæmt tillögum áðurnefndrar ráðgjafarnefndar geti ráðherra með reglugerð leyft veiðar eða bannað þær með þeim útfærslum sem taldar eru viðeigandi s.s. kvóta, ákveðinna veiðidaga o.s.frv. Almennt þarf að koma í veg fyrir magnveiði í atvinnuskyni til að minnka veiðiálag á stofna.

Allir fuglar ættu að vera friðaðir á varptíma. Það er algerlega ótækt að silfurmáfur, silamáfur, svartbakur og hrafn séu ófriðaðir á varptíma. Það gefur afgerandi skilaboð um að þessar tegundir séu einhvers konar vandamál í íslenskrí náttúru. Þessir fuglar þurfa að fara í flokk með hettumáfum og ef einhverjir hagsmunahópar telja sig þurfa að verjast þeim (t.a.m. æðarbændur) þá þarf að laga það sérstaklega að slíkum aðstæðum líkt og með kjóann. Í því sambandi þarf einnig að skilgreina betur hvað felst í orðalaginu "grennd við æðarvarp".

Þá er lagt til að veiðitími svartfugla verði stytur að vori til 15. apríl (í síðasta lagi 1. maí). 10. maí hafa fuglarnir safnast á landgrunnið í hópum og veiðarnar í raun öllu fremur slátrun.

Huga þarf að friðun vetrarstofns grágæsar.

VII. kafli. Sértek friðun.

18. grein

Ráðherra setji reglugerðir um aukna vernd ákveðinna friðaðra stofna villtra fugla og spendýra að fenginni tillögu frá ráðgjafarnefnd sbr. athugasemd við 3. grein.

VIII. kafli. Nýting hlunninda.

Endurskoða skal almenna heimild til eggjatöku kríu, silfurmáfs, hvítmáfs og hettumáfs á grunni rannsóknaniðurstaða um áhrif af eggjatöku.

„Hefðbundin“ svæðisbundin unga- og eggjataka skal hlíta þeim ákvæðum í reglugerð sem ráðherra hefur heimild til og setur að fengnu álit ráðgjafarnefndar og ætti eingöngu að vera til eigin nota en ekki söluvara. Friða ætti súlu fyrir öllum veiðum vegna lítillar stofnstærðar.

Háfaveiðar ættu að hlíta ákvæðum í reglugerð sem ráðherra setur að fengnu álit ráðgjafarnefndar.

Við eggjatöku í fuglabýggðum („hefðbundnum nytjum“) verði stranglega bannað að „ryðja björg“ (henda stropuðum eggjum í sjó til að knýja fram endurvarp). Miklar búsigjar geta orðið vegna eggjatöku og truflunar af hennar völdum, t.d. þegar oft er sótt í sömu bjargssyllur. Æskilegt væri að setja takmörk á sókn í fuglabjörg

IX. Refsiákvæði og réttarfar.

21. grein

Æskilegt væri að setja skylduákvæði um upptöku veiðifangs, eggja, eggjaskurnar, veiðitækja og annars búnaðar sem notaður hefur verið við framkvæmd brots. Orðið „skal“ ætti því að nota í stað „má“.

Viðurlög við brotum á lögum þessum ætti að herða talsvert. Ef skotvopn eru notuð við brotið ætti einnig að svipta skotvopnaleyfi um langt skeið og skylda viðkomandi, án undantekninga, til að þreyta aftur próf varðandi veiðihæfni og meðferð skotvopna.

REGLUGERÐ um stjórn hreindýraveiða.

II. Framkvæmd hreindýraveiða.

6. grein

Skilgreina þarf sjúk eða særð dýr eða umorða, t.d. þar sem segir: „Umhverfisstofnun getur hvenær sem er látið fella dýr sem af einhverri ástæðu á sér ekki lífs von“.

11. grein

Skilgreina sært dýr, t.d. alvarlega skotsárt dýr eða sært dýr sem ekki á sér lífsvon.

12. grein

Endurskoða. Við urðun verður oft meira rask en ef gengið er frá úrgangi í gjótum eða þar sem lítt ber á þeim.

Virðingarfyllst f.h. Samtaka náttúrustofa,
Þorleifur Eiríksson, formaður

Ábending til nefndar um lagalega stöðu villtra fugla og villtra spendýra:

Lagaleg staða íslenskra selastofna

Bakgrunnur

Mikil þörf er á endurskoðun íslenskra reglugerða varðandi lagalega stöðu villtra íslenskra dýra útfrá dýraverndunarsjónarmiðum og á það ekki síst við um seli við strendur Íslands.

Síðastliðin ár hefur áhugi fyrir selaskoðun aukist hérlendis (á það bæði við um skoðun úr landi og á bátum). Þessi aukni áhuga hefur í för með sér að Íslendingar verða að átta sig á ábyrgð sinni á að bæta siðferðisreglur um dýraverndun villtra dýra (meðal annars landsel og útsel), og ekki síst hvað varðar Ímynd Íslands út á við.

Slíkum markmiðum má meðal annars ná með því að bæta lög um selveiðar og að byggja slík lög á vöktun stofnstærðar, ásamt viðeigandi rannsóknum á áhrifum selveiða á stofnstærð sela o.s.fr.v. Einnig er mikilvægt að huga að velferð sela í tengslum við aukin áhuga á selaskoðun, en því má meðal annars ná með því að tryggja að dýrin verði ekki fyrir of mikilli truflun.

Selveiðar

Selaveiðar hafa verið stundaðir á Íslandi um aldir. Lög og reglur sem í dag gilda um selveiðar við Íslands strendur eru að mörgu leyti úrelt og byggja ekki á rannsóknum né vísindalegri þekkingu.

Á svæðum þar sem sjávarspendýr (oftar en ekki selir) eru taldir vera í samkeppni við menn um sjávarauðlindir eins og þorskfiskar, laxfiskar og fleira, er ekki óalgengt að menn stundi veiðar útfrá samkeppnisjónarmiðum. Á Íslandi hafa selveiðar lengi verið stundaðir í því skyni, en sem dæmi má nefna að opinberir aðilar hafa greitt fyrir veiðar á útsel (svo kallaðar „kjálkaveiðar“) í áraraðir. Nú til dags er einnig algengt að íslensk veiðifélög greiði selabændum fyrir að veiða sel á ósasvæðum, í þeirri trú að fjöldi veiddra laxa aukist þegar fjöldi sela á ósasvæðum er haldið í lágmarki.

Erlendis hafa menn sýnt fram á að þegar veiðar, sem eru stundaðir til þess að halda niðri stofnum sem eru í samkeppni við menn um auðlindir, er ekki fylgt eftir með viðeigandi lögum og reglum (byggðum á rannsóknum), hafa þær veiðar oftar en ekki leitt til að stofnstærð selategunda hafa farið niður fyrir lágmark og jafnvel að stofnar horfið alfarið (sjá t.d. Harding and Härkönen, 1999). Í ljósi þess, er mjög mikilvægt að endurskoða gildandi lög um selveiðar. Mikilvægt er einnig að bæta reglugerð um skráningu veiddra dýra, til þess að auka marktækni veiðitalna. Hingað til hafa þær tölur sem sendar eru til NAMMCO um veiðar á sel verið byggðar á tölum frá félagi æða og selabænda. Inn í þær tölur hefur vantað öll dýr sem veidd hafa verið á vegum veiðifélaga og einstaklinga utan þeirra samtaka.

Margir selir drukkna ár hvert í netum veiðimanna, m.a. grásleppunet. Mikilvægt er að gera áætlun um hlutfall sela úr heildarstofninn sem verða fórnarlömb við slíkra veiða og taka þetta vandamál til greina þegar reglugerð um selaveiðar á Íslandi eru endurskoðuð. BioPol ehf á Skagaströnd eru eins og stendur að safna saman upplýsingum um þetta.

Íslenskar rannsóknir um viðfangsefnið

- Stofnstærðarmat á íslensku selstofnanna, landselur, *Phoca vitulina* og útselur, *Halichoerus grypus*, hafa reglulega farið fram við Íslands strendur. Vöktun íslenskra landselstofnsins hófst 1980 (Hauksson, 1986; Hauksson, 1992). Seinasti talningin fór fram 2006, en þá var áætluð stofnstærð 12 þúsund dýr (95% ö.m. 9 – 16 þúsund dýr). Áætluð stofnstærð útsels hefur aukist úr 5500 dýrum árið 2005 (95% ö.m. 4200 – 6900), í um 6100 dýr, eða um 5% ($\pm 1\%$) árlega tímabilið 2005-2008/9 (95% ö.m. 4600 – 7600) (Erlingur Hauksson, 2010). Síðastliðin ár hefur þó reynst erfitt að fá fjarmagn til þess að framkvæma stofnstærðarmat á selastofnanna.
- 2008 var stór rannsókn sett á laggirnar með það markmið að áætla áhrif sela sem dvelja á ósasvæðum á laxfiska og þar af leiðandi á laxveiðar. Í verkefninu er fæðuval landsela sem dvelja á slíkum svæðum skoðuð með mismunandi aðferðum. Fæðuöflunarhegðun sela á slíkum svæðum er einnig skoðuð. Í ám þar sem hætta er á afráni sela á laxfiska er upplýsingum safnað saman frá veiðimönnum um skaða á laxfiska sem ætla má að stafi af sel. Niðurstöður munu gefa vísbendingu um hvaða áhrif selveiðar við ósasvæðum geta haft á laxfiska sem og landselsstofninn.
- Í verkefninu The Wild North (thewildnorth.org) er unnin rannsókn þar sem áhrif selaskoðunar á hegðun og útbreiðslu sela er könnuð. Í erlendum rannsóknum hafa menn sýnt fram á að ef villt dýr (m.a. selir) verða fyrir of mikilli truflun, getur það leitt til þess að selir færa sig úr stað og/eða að hæfni þeirra minnki á einhvern hátt (t.d. minni æxlunarárangri) (Whoeler *et al.* 1994; Johnson and Lavigne, 1999; Cassini 2001; Briassoulis 2002; Garrod & Fennell 2004; Kent & Crabtree 2008; Granquist 2009; Rodger *et al.* 2009). Niðurstöður verkefnisins verða notaðar til þess að búa til hegðunarreglur fyrir ferðamenn um hvernig eigi að haga sér í návist villtra dýra.

Hvað er hægt að gera til úrbóta?

Mikilvægi að geta byggt lög um velferð villtra sela á stofnstærð selastofnanna við Ísland, en til þess þarf að gera stofnstærðarmat. Nægilegt mat á landselastofninn vantar.

Við teljum að fyrsta skref sem þurfa að stiga í þessum málum eru að:

- Auka þekkingu á selastofnum, m.a. með reglulegu stofnstærðamati
- Byggja veiðar á vísindalegum rannsóknum

- Halda betur utanum veidd dýr, m.a. með reglugerð um skráningu veiddra dýra
- Langtíma „vöktun“ á selum á helstu selaskoðunarsvæðum á Íslandi. Notkun á hegðunarreglur (The Wild North code of conduct), sem verið er að þróa eins og stendur.

Virðingafyllst,

Sandra Granquist, dýraatferlisfræðingur og sérfræðingur, Selasetur Íslands og Veiðimálastofnun

Ólafur Árnason, framkvæmdastjóri Selaseturs Íslands

Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir, verkefnisstjóri The Wild North

Heimildir

- Brassoulis, H. (2002) Sustainable tourism and the question of commons, *Annals of Tourism Research*, 29(4), pp. 1065-1085.
- Cassini, M. H. (2001) Behavioural response of South American fur seals to approach by tourists – a brief Report, *Applied Animal Behaviour Science* 71, pp. 341-346.
- Garrod B. & Fennell D. A. (2004) An analysis of whale watching codes of conduct, *Annals of Tourism Research*, 31(2), pp. 334–352.
- Granquist, S. (2009) *The behaviour and abundance of harbour seals (Phoca Vitulina). How do tourists affect the seals?* (Hvammstangi, Iceland: Institute of Freshwater Fisheries).
- Harding, K.C and Härkönen, T. 1999. Development in the Baltic Grey Seal (*Halichoerus grypus*) and Ringed Seal (*Phoca hispida*) populations during the 20th century. *Ambio* 28: 619-627.
- Hauksson, E. 1986. Fjöldi og útbreiðsla landsels við Ísland (Aerial census of Common Seal (*Phoca vitulina* L.) at the coast of Iceland in 1980). *Náttúrufræðingurinn* 56[1]:19-29 (In Icelandic with an English summary).
- Hauksson, E. 1992. Talningar á landsel og útsel og ástand þessara stofna við strendur Íslands (*Counting of common seals (Phoca vitulina L.) and grey seals (Halichoerus grypus Fabr.) in 1980-1990, and the state of the seal population at the coast of Iceland*). *Hafrannsóknir* 43[1]:5-22 (In Icelandic with an English abstract).
- Hauksson, E. 2010. Niðurstöður af talningum útselskópa úr lofti haustin 2005, 2008 og 2009. Áætlaðar stofnstærðarbreytingar útsels við Ísland 2005 til 2008/9. Rannsókn fjölrit nr. 1, Reykjavík, Febrúar 2010.
- Johnson, M.W. & Lavigne, D.M. (1999) Mass tourism and the Mediterranean Monk Seal - The role of mass tourism in decline and possible future extinction of Europe's most endangered marine mammal, *Monachus monachus* *The Monachus Guardian* 2(2).
- Kent, C. S. P. & Crabtree, B. (2008) The Effectiveness of an Established Sanctuary Zone for Reducing Human Disturbance to Australian Sea Lions (*Neophoca Ciberea*) at Carnac Island, Western Australia *Tourism in Marine Environments* 14, pp. 29-42.
- Rodger, K., Moore, S. & Newsome, D. (2009) Wildlife tourism, science and actor network theory, *Annals of Tourism Research* 36(4), pp. 645–666.
- Whoeler, E. J., Peney, R. L., Creet, S. M. & Burton, H. R. (1994) Impacts of human visitors on breeding success and long-term population trends in Adélie Penguins at Casey, Antarctica *Polar Biol* 14 pp. 269-274.



Til: <thorunn.elfa.saemundsdottir@umh.stjr.is>,
Cc: <menja@nsv.is>,
Bcc:
Efni: Varðar samráð vegna athugunar á lagalegri stöðu villtra fugla og villtra spendýra
Frá: Pétur Ágústsson <petur@seatours.is> - Tuesday 05.10.2010 15:55

History: This message has been forwarded.

Varðar samráð vegna athugunar á lagalegri stöðu villtra fugla og villtra spendýra.

Varðar bréf dagsett 17 september 2010.

Vegna tækifæris til ábendinga til nefndar á vegum umhverfisráðherra sem hefur það hlutverk að varpa

skýru ljósi á lagalega stöðu villtra spendýra og fugla á Íslandi, m.a. með tilliti til dýraverndarsjónarmiða, vill undirritaður koma á framfæri eftirfarandi ábendingum, sem settar eru fram m.a. vegna tengsla fyrirtækis okkar við almenna náttúruskoðun.

Undirritaður vill í ljósi reynslu að tekið verði full tillit til viðlika starfsemi og Sæferðir ehf. hafa stundað í mörg ár, er varðar að sýna ferðamönnum fuglalíf í Breiðafjarðareyjum. Að reglur verði skýrðar og eðlilegar með tilliti til starfseminnar og gefi þeim aðilum sem slíka starfsemi stunda, tækifæri til að sýna þessa náttúru eftir settum reglum. Að slíkar reglur verði settar m.a. í samvinnu við umrædda hagsmunaaðila. Nú er málum þannig háttað að leita verður undanþágu yfirvalda á hverju ári til að geta framkvæmt nokkra þætti s.s. að gefa farþegum kost á að sjá haferni.

Undirritaður er ekki að óska eftir að reglur verði afnumdar, heldur að ferillin verði eindaldari að uppfylltum skilyrðum. Einnig að mörk þess að sýna náttúruna með slíkum hætti annars vegar og hins vegar að því sem virðist óheft aðgengi annarra aðila verði samræmdari. Það að þurfa að fá slíkar undanþágur og leyfi og síðan að horfa upp á nánast að því sem virðist óheft aðgengi annarra er satt að segja mjög óeðlilegt. Við höfum oft horft upp á ýmsa aðila koma á slíka staði án þess að skeyta neitt um varpsvæði arnarins og annarra fugla eða sýna nærgætni þess vegna. Okkur finnst skorta skýr úrræði til að sporna við slíku s.s. að skylda þá sem verða slíks háttarlag áskynja til að láta til þess bær yfirvöld vita. Eins og málum er háttað núna hafa þeir sem eru í þessari stöðu óljós úrræði og telja sig illa geta heft eða spornað við slíkri umgengni.

Þarna er átt við s.s. ferðamenn á einkabátum, fiskimenn og svo ekki sé talað um þá sem ferðast um á „sæpotum“ og álika farartækjum sem að mati undirritaðs er einn að stærri skaðvöldum er varða viðkvæmt fuglalíf Breiðafjarðar.

Undirritaður er ekki að óska eftir að hitta nefndina sérstaklega en er samt tilbúinn að mæta til fundar um málefnið sé þess óskað.

f.h. Sæferða ehf.

Pétur Ágústsson.

Umhverfissráðuneytið
Nefnd um lagalega stöðu villtra fugla og villtra spendýra
Þórunn Elfa Sæmundsdóttir
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ	
UMII	10110005
Mótt:	17. FEB. 2011
Brf.:	0210-10 Áb.:

Reykjavík, 9. febrúar 2011
Tilvísun: UST20100900094/pek

Efni: Samráð vegna endurskoðunar laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Vísað er til bréfs frá nefnd um endurskoðun laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, dags. 17. september sl., þar sem nefndin óskar eftir ábendingum um atriði sem Umhverfisstofnun vill koma á framfæri í tengslum við vinnu nefndarinnar. Í bréfinu kemur fram að nefndinni er ætlað að taka til skoðunar vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, þar með talið selum og hvölum, í víðu samhengi. Nefndin hefur einnig það hlutverk að skoða með hvaða hætti dýravernd þessara dýra verður best fyrir komið. Jafnframt er vísað til óska nefndarmanna á fundi 16. nóvember sl., þar sem óskað var eftir skriflegu álitni Umhverfisstofnunar til viðbótar við að eiga fulltrúa í nefndinni.

Almennar ábendingar

Umhverfisstofnun fagnar endurskoðun laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, og sérstaklega því að nefndin muni taka til skoðunar og umfjöllunar vernd, friðun og veiðar á selum og hvölum auk þeirra dýra sem löggin ná til nú þegar.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að tillögur nefndarinnar verði unnar með Evrópulöggjöfina að leiðarljósi og er í því samhengi sérstaklega átt við fuglatilskipunina og búsvæðatilskipunina. Jafnframt vill Umhverfisstofnun leggja áherslu á að löggin verði unnin í samræmi við þá alþjóðlegu samninga sem Ísland er aðili að.

Jafnframt bendir Umhverfisstofnun á að nauðsynlegt er að styrkja verulega búsvæðavernd tegunda sem löggin ná til, en henni hefur hingað til verið verulega ábótavant. Varðandi búsvæðavernd er skýrt kveðið á um hana í búsvæða- og fuglatilskipunum Evrópusambandsins auk ýmissa ákvæða í alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að sem vísað hefur verið til hér að ofan.

Lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum eru rammalög og er í mörgum tilfellum vísað til reglugerða sem skulu byggðar á lögnum. Töluverður misbrestur hefur verið á því að reglugerðirnar hafi verið gefnar út og oft á tíðum eru þær gallaðar og eiga jafnvel ekki stöð í lögum. Umhverfisstofnun leggur því til að sem flestar efnisreglur séu settar inn í lögina sem eru svo nánar útfærð í reglugerðum. Það er þó ljóst að nauðsynlegt er að ákveðnir hlutir séu bundnir í reglugerðir, t.d. ákvæði um veiðitíma þar sem breytingar verða að komast tiltölulega hratt í gegn og ekki æskilegt að gera þurfi lagabreytingar í hvert skipti sem breyta þarf ákvæðum um veiðitíma.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að skilgreina með betri hætti en nú er starfsvið stofnana og samvinnugrundvöll þeirra, þá sérstaklega Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og ef til vill náttúrustofa. Í því samhengi er bent á að Náttúrufræðistofnun gegnir hlutverki rannsóknarstofnunar en hlutverk Umhverfisstofnunar eru á sviði stjórnsýslu. Umhverfisstofnun telur það vera eðlilega verkaskiptingu og vísar af því tilefni til laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og lög nr. 90/2002 um Umhverfisstofnun.

Nauðsynlegt er að halda rannsóknunum og stjórnsýslunni aðskildum. Náttúrufræðistofnun Íslands og aðrar rannsóknastofnanir annast rannsóknir og vöktun á hinum ýmsu stofnum dýra og þar með einnig veiðidýra. Ef fram kemur samkvæmt rannsóknum Náttúrufræðistofnunar Íslands að einhver stofn dýra sé af einhverjum sökum að minnka þarf að meta hvort grípa þurfi til aðgerða til að koma í veg fyrir frekari fækkun. Ein af þeim aðgerðum sem þá er skoðuð er stýring eða veiðistjórnun eins og gert er í tilfelli rjúpunar. Það verður að teljast mjög vafasamt að þeir sem stjórna þeim aðgerðum hafi einnig einhverra rannsóknarhagsmuni að gæta og eins að þeir hinir sömu leggi síðan mat á árangur aðgerða sinna. Stjórnsýslulega er því nauðsynlegt að aðskilja rannsóknir og útfærslu á stjórnun veiða í ljósi ofangreindar atriða.

Þá þarf líka að horfa til þess að þær upplýsingar sem Umhverfisstofnun fær frá veiðimönnum í formi veiðiskýrslna eru mjög háðar því að trúnaður og traust ríki milli þeirra sem taka við skýrslunum og þeirra sem skrifa þær, þ.e. veiðimanna. Umhverfisstofnun og áður Veiðistjóraembættið hefur skapað sér ákveðið traust veiðimanna en hætt er við að rannsóknastofnun ætti erfiðara með að ávinna sér slíkt traust hjá veiðimönnum. Hvað varðar þau gögn sem safnast saman hjá Umhverfisstofnun vegna starfa dcildar lífríkis og veiðistjórnunar þá eru þau þýðingarmikil fyrir rannsakendur veiðistofna en á það má benda að það er ekki eingöngu Náttúrufræðistofnun Íslands sem rannsakar eða vaktar þá stofna og er sú stofnun því í sumum tilfellum í eða getur verið í samkeppni við aðrar stofnanir, háskóla, fyrirtæki og einstaklinga sem stunda þær rannsóknir. Í þeim tilfellum er rétt að huga að því að cinn úr þeim hópi gæti hamlað aðgengi upplýsinga úr þeim grunnnum vegna samkeppni.

Umhverfisstofnun bendir á að skoða þurfi dóma sem fallið hafa í tengslum við ákvæði laganna og endurskoða þau ákvæði sem eru ekki nógu skýr.

Ábendingar varðandi einstök atriði

Sjávarspendýr

Umhverfisstofnun leggur til að endurskoðuð lög nái til sjávarspendýra auk villtra dýra og fugla sem lögin ná til nú þegar. Umhverfisstofnun bendir á að ákvæði í íslenskum lögum um seli eru mjög gömul og léleg. Umhverfisstofnun telur að eðlilegt sé að haldið sé utan um selveiðar með svipuðum hætti og aðrar veiðar (þ.e. veiðikort og veiðiskýrslur). Einnig bendir stofnunin á að skv. Evrópulöggjöfinni er nauðsynlegt að setja upp sérstök selaverndarsvæði. Umhverfisstofnun leggur til að sama gildi um selveiðar og veiðar á smáhvelum, þ.e. að til að einungis þeir sem hafa veiðikort hafi heimild til veiða á smáhvelum og að skila verði skýrslu um veiðar á smáhvelum (innifalið í hefðbundinni veiðiskýrslu). Lagt er til að aðrir hvalir en smáhveli verði friðaðir, með möguleikum á undanþágum til sjálfbærra veiða. Jafnframt er lagt til Hafrannsóknarstofnun verði umhverfisráðherra til ráðgjafar varðandi veiðikvóta og veiðipól á stofnum sjávarspendýra líkt og Náttúrufræðistofnun er með aðrar dýrategundir sem lögin ná til.

Hvað varðar önnur sjávarspendýr er lagt er til að rostungar verði friðaðir en með svipuðum ákvæðum og ísbirnir eru friðaðir í núgildandi lögum, þ.e. heimilt að fella ef hætta stafar að.

Fatlaðir veiðimenn

Umhverfisstofnun vill koma því á framfæri við nefndina að kveðið verði á um einhverskonar undanþáguúræði í endurskoðuðum lögum sem geri fötluðum veiðimönnum kleift að stunda veiðar en í núverandi lögum eru engar heimildir til slíkra undanþága.

Feral animals

Umhverfisstofnun leggur til að „feral animals“ eða hálfvillt dýr verði skilgreind sérstaklega með þeim hætti að þau flokkist ekki sem gæludýr, villt dýr eða búfé, og njóti ekki slíkrar verndunar. Bæta þarf í lög úrræðum vegna veiða og aflifunar á slíkum dýrum og skýra stöðu þeirra sérstaklega. Veita þarf viðtækari heimildir til fongunar og aflifunar á hálfvilltum dýrum, sbr. kindur á Tálkna og hálfvillta ketti í Hafnarfirði. Umhverfisstofnun leggur til að ábyrgð á löngum feral animals verði í höndum sveitarfélaga sem skila svo skýrslu um veiðarnar til Umhverfisstofnunar.

Almenningar og þjóðlendum

Umhverfisstofnun bendir á að í núverandi lögum er erlendum veiðimönnum ekki heimilt að veiða í almenningum. Lögð er fram sú hugmynd að veiðimönnum, bæði íslenskum og erlendum, verði heimilar veiðar á/í þjóðlendum, erlendum veiðimönnum í fylgd Íslendinga með íslenskt veiðikort í gildi. Jafnframt þarf að skýra hlutverk íslenska fylgdarmannsins, þ.e. að gæta þess að farið sé að íslenskum lögum og að veiðiskýrslu sé skilað. Umhverfisstofnun leggur til á að mikil áhersla verði lögð á að erlendir veiðimenn séu ávallt í fylgt með Íslendingi á veiðum. Umhverfisstofnun telur þó að takmarka ætti opnun þjóðlenda fyrir veiðimönnum að þeim mörkum að fyrirtæki geti ekki markaðssett veiðilendum í þjóðlendum fyrir veiðimenn. Ástæða þess að Umhverfisstofnun telur að takmarka ætti aðganginn með þessum hætti er að nauðsynlegt er að koma í veg fyrir að fyrirtæki sem bjóða veiðimönnum upp á möguleika til veiða hér á landi yfirtaki ákveðin svæði og komi þannig í veg fyrir að hinn almenni íslenski veiðimaður hafi aðgang að svæðinu. Æskilegast er að fyrirtæki sem

Þessi beini starfsemi sinni að eignarlöndum.

Bogveiði

Umhverfisstofnun leggur til við nefndina að kannað verði hvort bætt verði inn í löginn ákvæðum um að heimila veiðar með boga og ör, en Bogveiðifélag Íslands var stofnað nýlega. Hugsanlegt er að heimila þessar veiðar með þeim hætti að bætt verði við viðbótarnámskeiði við almennt veiðikortanámskeið, en til er alþjóðlegt námsefni fyrir hogveiðimenn, og að leyfi til bogveiði komi fram á veiðikorti. Leyfið yrði þó bundið skilyrðum, s.s. kröfur um lágmarkshittni, tímamörk o.fl.

Eftirlit

Eftirlit með veiðum hefur verið ábótavant á undanförunum árum og leggur Umhverfisstofnun til að skýrt verði kveðið á um eftirlit í endurskoðuðum lögum. Umhverfisstofnun leggur til að eftirlit verði í höndum lögreglu. Umhverfisstofnun leggur til að tekið verði upp ákveðið eftirlitsgjald sem greiðist með veiðikorti sem nýtist til beint til fjármögnunar á eftirliti með veiðum.

Ef einhver eftirlitsskylda verður áfram hjá Umhverfisstofnun er nauðsynlegt að skrifa inn í löginn auknar heimildir fyrir eftirlitsmann til að sekta, gera skotvopn upptæk o.s.frv. en núverandi eftirlitsmaður hefur engar valdheimildir. Nauðsynlegt er að eftirlitsskyldum fylgi fjármagn.

Í jóst er að auka þarf eftirlit stórlega og hafa eftirlit allt árið. Lögð er sérstök áhersla á að eftirlit þarf líka að fara fram utan veiðitíma.

Umhverfisstofnun leggur til að stofnunin í samráði við lögreglu semji eftirlitsáætlun sem skilað er til umhverfisráðherra á hverju ári. Jafnframt yrði skilað skýrslu um framkvæmd eftirlits. Nauðsynlegt er að heildstæð eftirlitsáætlun sé sett yfir allt landið og að hún sé mismunandi milli ára.

Enn fremur vill Umhverfisstofnun leggja áherslu á fræðslu og upplýsingagjöf til almennings um löggjöfina og boð og bönn hennar, þar sem stofnunin telur það vera árangursríkt til að koma í veg fyrir stóran hluta brota á lögnum. Nauðsynlegt er að fjármunir fylgi þessari lögbundnu skyldu Umhverfisstofnunar, e.t.v. með fræðslu- og upplýsingagjaldi sem innheimt væri með veiðikortagjaldi. Gjald þetta rynni beint til Umhverfisstofnunar.

Veiðikortasjóður

Ekki er skýrt kveðið á um veiðikortasjóð í núgildandi lögum en nauðsynlegt er að kveðið sé skýrt á um sjóðinn og úthlutunareglur í endurskoðuðum lögum. Nýverið voru gefnar út verklagsreglur fyrir veiðikortasjóð sem byggja núgildandi lögum. Með nýjum lögum og væntanlega nýjum áherslum þarf að endurskoða verklagsreglurnar. Umhverfisráðherra hefur óskað eftir því að úthlutunin verði færð til áramóta en hefur hingað til verið í apríl. Vel hefur verið tekið í þá hugmynd og um næstu áramót 2010/2011 verður í fyrsta skipti úthlutað úr veiðikortasjóði um áramót í samræmi við nýjar verklagsreglur. Annað sem lagt hefur verið til og fjallað er um í nýjum verklagsreglum veiðikortasjóðs er að fagnnefnd vinni umsagnir um umsóknir í samráði við Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun hefur bent á þau atriði sem stofnunin hefur talið vanta til að gera ferlið faglegra og gegnsærra. Í því sambandi hefur m.a. verið bent á að mótuð sé stofnskrá fyrir sjóðinn, að mótaðar séu skýrar úthlutunarreglur og verkferlar við úthlutun, búið sé til staðlað umsóknareyðublað og að stofnuð sé sérstök fagnefnd sem áætlað er að stofna í tengslum við verklagsreglurnar.

Taka þarf afstöðu til þess hvaða verkefni sjóðnum ber að styrkja. Hugsanlegt er að skipta sjóðnum upp þannig að ákvæðinn hluti styrki fræðslu og menntunarverkefni, hluti rannsóknir og hluti vöktun. Nauðsynlegt er að hluti sjóðsins standi undir rekstri veiðikortakerfisins. Ef til vill væri ekki unnt að styðja alla flokka verkefna á hverju ári en reynt yrði að finna jafnvægi í úthlutun í flokkana. Þá væri jafnframt hægt að auglýsa sérstaklega eftir verkefnum í ákveðna flokka, mismunandi eftir árum. Umsjónarnefnd veiðikortasjóðs ætti að hafa heimildir til ákvörðunar um slíkt. Það verður þó að hafa í huga að nauðsynlegt er að hægt sé að sækja um styrk til fleiri ára í sjóðinn. Jafnframt er hugsanlegt að styrkur úr sjóðnum gæti verið notaður sem mótframlag í aðra sjóði.

Ábendingar við sérstakar lagagreinar

Umhverfisstofnun leggur til að Náttúrufræðistofnun Íslands eða eftir atvikum náttúrustofur sinni hlutverki rannsóknar- og vöktunaraðila og leggi til stofnstærðarmat og veiðiþol. Að teknu tilliti til upplýsinga frá Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofnum stjórnar Umhverfisstofnun veiðum á þeim tegundum sem umhverfisráðherra ákveðum. Umhverfisstofnun er heimilt að koma með ábendingar um hugsanlega veiðistofna til umhverfisráðherra að teknu tilliti til rannsókna Náttúrufræðistofnunar Íslands eða náttúrustofa.

Umhverfisstofnun leggur til að 4. gr. núverandi laga verði breytt með þeim hætti að hlutverk Náttúrufræðistofnunar breytist úr því að meta hvort stofn þoli veiðar í að meta sérstaklega veiðiþol úr hverjum stofni, þ.e. hversu miklar veiðar stofninn myndi þola. Umhverfisstofnun leggur svo fram tillögu til ráðherra um hvort og með hvaða hætti opna skuli fyrir veiðar á grundvelli fyrirbyggjandi rannsókna.

Umhverfisstofnun leggur einnig til að kvæðið verði á um heimild stofnunarinnar til sölu á veiðileyfum fyrir tegundir, auk hreindýra, ef nauðsynlegt er að takmarka veiðar. Þeningar sem kæmu inn vegna sölu slíkra veiðileyfa myndu renna til umsýslu vegna sölu veiðileyfanna og til rannsókna á þeim tegundum.

5. gr. núverandi laga er úrcelt og ætti að fella út.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að andlag laganna verði í samræmi við 6. gr., þ.e. að öll villt dýr séu friðuð, með undanþáguheimildum til veiða. Hér þarf þó að gera undantekningu varðandi feral dýr, en stofnunin telur nauðsynlegt að í endurskoðuðum lögum verði skýrar heimildir til veiða/eyðingar á slíkum dýrum og eins ef þau valda tjóni, hverjum ber að sjá til þess að þeim verði eytt. Jafnframt þarf að skilgreina sérstaklega hvaða dýr það eru sem flokkast í þennan flokk. Umhverfisstofnun leggur til að veiðar/eyðing á feral dýrum verði í höndum sveitarfélaga.

Einnig þarf að setja í endurskoðuð lög ákvæði varðandi framandi dýr sem berast óviljandi hingað til lands, t.d. sem „laumufarþegar“ í gámum og með vörum. Í endurskoðuðum lögum

ættu að vera skýrar heimildir til aflífunar á slíkum dýrum að teknu tilliti til ákvæða CITES sammingsins sem Ísland er aðili að.

Ákvæði 6. gr. laganna um búsvæðavernd er veikt og líkt og áður hefur komið fram bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi aukinnar búsvæðaverndar, m.a. í samræmi við búsvæða- og fuglatilskipun Evrópusambandsins.

Varðandi ákvæði 7. gr. vegna tjóns af völdum dýra væri æskilegt að koma upp kerfi til að meta tjón þannig að unnt sé að meta með óyggjandi hætti hvað flokkast sem tjón af völdum villtra dýra og eins hvernig skuli bregðast við tjóninu.

Varðandi undanþágur til veiða á villtum dýrum sem njóta friðunar eða verndar ef nota á þau við rannsóknir, fyrir söfn og dýragarða eða til ræktunar og undaneldis er nauðsynlegt að bæta inn ákvæði í lögum um að bannað sé að „eiga“ villt dýr, þ.e. bannað að hafa þau undir höndum nema með leyfi, að undanskyldri starfsemi eins og t.d. Húsdýragarðurinn sem hjúkrar slösuðum villtum dýrum og sleppir þeim síðan aftur þegar þau hafa náð heilsu.

Varðandi ákvæði um útrýmingu stofns eða tegundar dýra sem flust hefur til landsins af manna völdum telur Umhverfisstofnun að þetta ákvæði hafi ekki verið nýtt sem skildi, t.d. varðandi fjölda kanína víða um land sem valdið hafa fólki miklum ama. Bent er á að þetta ákvæði tengist umfjöllum um feral animals þar sem t.d. kanínur falla ekki undir ákvæði villidýralaganna. Umhverfisstofnun telur að endurskoða þurfi þetta ákvæði.

Skv. 8. gr. núverandi laga eru öllum íslenskum ríkisborgurum og erlendum ríkisborgurum með lögheimili hér á landi heimil að veiða í almenningum. Almenninum fer nú lækkandi og vísast til umfjöllunar um þjóðlendur hér að framan. Umhverfisstofnun vill í því sambandi koma á framfæri ábendingum til nefndarinnar að kanna hvort hugsanlegt sé að opna þjóðlendur fyrir veiðimenn.

Til samræmis við Evrópulöggjöfina þarf að bæta inn í 9. gr. ákvæðum þess efnis að bannað sé að nota hvers konar loftför við veiðar. Jafnframt er kveðið á um í Evrópulöggjöfinni að ekki sé heimilt að nota báta sem komast hraðar en 5 km/klst við veiðar með möguleikum á undanþágum vegna báta sem komast 18 km/klst vegna öryggisástæðna.

Umhverfisstofnun mælist til þess að lögð sé mikil áhersla á að óheimilt er að nota önnur vélknúin farartæki en bíla til að fara til veiða á landi.

Varðandi 10. gr. er nauðsynlegt að bæta inn ákvæðum þess efnis að umhverfisráðherra geti aflétt tímabundið eða rift friðun að fullu eða gagnvart tiltekinni tegund að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands að því gefnu að ekki sé brotið gegn öðrum friðlýsingarskilmálum svæðisins.

Í núverandi lögum er ekkert aldurstakmark til að fá veiðikort. Umhverfisstofnun leggur til að ef umsækjendur eru yngri en 18 ára (sjálfráða) þurfi uppáskrift frá forráðamanni eða að gælið sé út sérstakt „junior“ veiðikort sem uppþærist í almennt veiðikort við 20 ára aldur eða í samræmi við vopnalög.

Umhverfisstofnun telur einnig að skoða þurfi þann möguleika að auka kröfur á veiðikortanámskeiðum og jafnvel bæta við að til að öðlast veiðikort með heimild til skotveiða þurfi að sýna fram á ákveðna lágmarkshittni.

Í þérna er einnig vísað í umfjöllun um bogveiðar hér að framan, en yrðu bogveiðar heimilar þyrfti að taka fram sérstaklega á veiðikorti hafi veiðimaður heimild til bogveiða

Umhverfisstofnun leggur einnig til að nauðsynlegt sé að hafa veiðikort til minkaveiða, hugsanlega sérstakt minkaveiðikort. Því korti myndu fylgja sömu skyldur og almennu veiðikorti, þ.e. skýrsluskil.

Hlunnindakort þarf að skýra sérstaklega í núverandi lögum eða hreinlega taka út ákvæði um hlunnindakort, en hlutverk kortsins í dag er óljóst. Allir sem fá nýtt hlunnindakort fara á veiðikortanámskeið og eiga þess kost að fá almennt veiðikort auk hlunnindakorts. Helsta vandamálið ef útgáfu kortsins yrði hætt er að mikillar óánægju myndi gæta meðal þeirra veiðimanna sem stunda háfaveiðar og þeirra sem veiða súluunga, fílsunga, skarfaunga o.fl. Hugsanlegt væri að gefa út sérstakt veiðikort sem veitti heimild til veiða sem ekki krefjast skotvopna. Mörg dæmi eru um misnotkun hlunnindakorts.

Umhverfisstofnun bendir einnig á nauðsyn þess að komið verði á upplýsingaskyldu varðandi eggjatöku.

Varðandi 3. mgr. 11. gr. er vísað til umfjöllunar um veiðikortasjóð hér að framan.

Umhverfisstofnun bendir á að endurskoða þurfi 12. gr. laganna með tilliti til búsvæðatilskipunar Evrópusambandsins.

Varðandi 13. gr. vísast til umræðu um veiðikort til minkaveiða hér að framan. Umhverfisstofnun leggur jafnframt til að minkaveiðar verði samræmdar og muni það vera hlutverk stofnunarinnar. Nauðsynlegt er að tryggðir séu fjármunir til þess.

Umhverfisstofnun hefur þegar gert tillögur að lagabreytingum varðandi 14. gr. laganna sem er meðfylgjandi. Umhverfisstofnun leggur til að það verði hlutverk stofnunarinnar að setja úthlutunarreglur varðandi sölu veiðileyfa.

Bent á nauðsyn þess að hafa ákveðin ákvæði varðandi veiðarnar bundin í reglugerð þar sem oft eru gerðar breytingar á veiðikvóta og veiðitíma sem nauðsynlegt er að gangi hratt og vel í gegn. Varðandi ákvæði reglugerðar nr. 528/2005 um heimild til utanvægaaksturs fyrir sexhjóla hreindýraveiðileiðisögumanna leggur Umhverfisstofnun til að aksturinn verði bundinn við ákvæðin svæði sem tilgreindir verða í reglugerð.

Varðandi hreindýraveiðar er skal einnig bent á misræmi í túlkun laganna. Umhverfisráðuneyti túlkar núverandi lög þannig að erlendum veiðimönnum sé heimilt að veiða í almenningum á hreindýravæðum en þegar um annars konar veiðar er að ræða gilda ákvæði 8. gr. þess efnis að erlendum veiðimönnum séu óheimilar veiðar í almenningum. Sé vilji til að halda fyrirkomulagi skv. þessu er nauðsynlegt að breyta lögum til samræmis, þ.e. að taka fram sérstaklega að við hreindýraveiðar séu erlendum veiðimönnum heimilar í almenningum.

Varðandi 16. gr. núverandi laga þar sem hvítabirnir eru til umfjöllunar telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að skýra sérstaklega verkaskiptingu, hver skal bera kostnað, hvort sem er við björgun dýrs eða aflifun. Jafnframt er nauðsynlegt að mjög skýrt sé hvernig tilkynningum um hvítabjarnarkomur er háttað, hverjir skuli kallaðir til og hverjir hafi heimild til aflifunar. Varðandi kostnað við komu hvítabjarna hingað til lands hefur Umhverfisstofnun grófslega reiknað út að kostnaður við björgun fyrsta dýrs sé um það bil 20 milljónir króna en 10-15 m.kr. fyrir næstu dýr. Rekstrarkostnaður við að halda úti björgunarteymi og búnaði er

um 2-3 m.kr. á ári. Ljóst er að meta þarf hvort kostnaðurinn sé réttlætanlegur.

Hvítabirnir eru stærstu landrándýr jarðar, stórhættulegir og óútreiknanlegir. Að teknu tilliti til kostnaðar, eðli dýranna og þess að veiðar á hvítabjörnum á Grænlandi eru leyfðar (dýrin sem hingað berast flest úr þeim stofni) leggur Umhverfisstofnun til að hvítabirnir sem berast hingað til lands verði friðaðir. Umhverfisstofnun leggur þó til að sé hægt að fella hvítabirni sem hingað berast af til þess bærum aðila sem hefur heimild til að fella dýrin með skjótum og sársaukalausum hætti. Umhverfisstofnun leggst þó ekki gegn björgun hvítabjarna en bendir á að allar ytri aðstæður verða að vera hinar ákjósanlegustu til að björgun verði reynd af fjármunir eru fyrir hendi.


Varðandi 17. gr. laganna leggur Umhverfisstofnun til að lagt verði á almennt sölubann á veiðiafúrðir með undanþáguheimildum að undangengnum rannsóknnum Náttúrufræðistofnunar Íslands eða náttúrustofa eða annarra stofnanna, innlendra eða erlendra, varðandi farfugla.

Ljóst er að setja þarf skýrar reglur varðandi 19. gr. um undanþágur t.d. vegna ljósmyndunar. Setja verður nánari reglur um veitingu slíkra leyfa. Hugsanlegt væri að setja takmörkun á fjölda leyfanna. Umhverfisstofnun hefur verið bent á að hugsanlegt er að halda námskeið fyrir þá sem sækja um leyfi vegna myndatöku við hreiður friðaðra fugla. Verði reyndin sú er nauðsynlegt að með fylgi heimild til gjaldtöku til að standa straum af kostnaði við slíkt námskeið.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að nýting hlunninda verði takmörkuð að einhverju leyti. Nauðsynlegt er að hlunnindanýting sé í samræmi við stofnstærðarmat og mat á veiðiholi Náttúrufræðistofnunar Íslands og/eða náttúrustofa. Víðtækar breytingar þarf að gera á 20. gr. í samræmi við það.

Kafla um refsíákvæði og réttarfar þarf að taka til gagn Gerrar endurskoðunar. Setja þarf víðtæk sektarákvæði og heimildir til að gera veiðitæki upptæk. Vísað er til umfjöllunar hér að framan þar sem bent er á að nauðsynlegt er að skoða dóma sem fallið hafa í tengslum við ákvæði laganna og endurskoða þau ákvæði sem ekki eru nógu skýr og refsíheimildir ekki nógu skýrar.

Virðingarfyllst



Hjalti J. Guðmundsson
sviðsstjóri



Bjarni Pálsson
deildarstjóri